

**INGVAR HELGI GUÐMUNDSSON**

*Yfirfór kjúklingarétti og féll alveg fyrir þeim*

matur bílar

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**



**HEILSA & HREYFING**

*Íhugun, heilsa og bardagi*

Sérblað um heilsu og hreyfingu

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**ÁSTIN BLÓMSTRAR SEM ALDREI FYRR Í BORGARLEIKHÚSINU**

*Magnús Ólafsson stígur á svið í sextugasta sinn*

Tímamót 66




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. nóvember 2007 — 305. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Efni og innsæi



Margrét H. Blöndal myndlistarmaður opnaði sýningu á þrívíðum verkum og teikningum í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi í gær.

**MENNING 38**

### Putti litli týndur í Töfraskógi



Skilaboðaskjóðan er komin aftur á svið.

**MENNING 40**

### Strazdas bestur



HSÍ útnefndi í gær bestu leikmenn í umferðum 1-7 í N1-deild karla. HK-ingurinn Augustas Strazdas var valinn besti leikmaðurinn.

**ÍÞRÓTTIR 50**

### SIRKUS

**Friðrika Geirsdóttir**

Barn á leiðinni

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI -** Í dag verður hæg breytileg átt. Dálítil rigning eða slydda sunnan og vestan til, annars stöku él. Úrkomulítið eftir hádegi og léttir til á Norðaustur- og Austurlandi. Rigning á ný suðvestanlands með kvöldinu.

**VEÐUR**



**TRISTAN BÍÐUR ÞOLINMÓÐUR** Tristan Karlsson er nemandi í Landakotsskóla og tekur leið 13 daglega frá Hávallagötunni. Hann tekur undir með blaðamanni að tímabært sé að skýlið verði þrifið, en enn betra væri ef loka mætti því fyrir regni og roki.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

# Fokið í flest skjól ef við virkjum ekki

**Sveitarstjóri Ölfuss segir að neikvæð afstaða Hvergerðinga til Bitruvirkjunar hafi ekki úrslitaáhrif. Rafmagnið hafi verið eyrnamerkt álveri í Helguvík.**

**UMHVERFISMÁL** „Ef við ætlum yfirleitt að lifa á landinu þurfum við eitthvað til að vinna við," segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Ölfuss, spurður um neikvæða afstöðu Hvergerðinga til Bitruvirkjunar.

Skipulags- og byggingarnefnd Hveragerðisbæjar hefur alfarið lagst gegn framkvæmdinni og telur hana hafa afar skaðleg áhrif á möguleika bæjarins sem íbúðar- og ferðamannasvæðis. Svæðið sé enda á náttúruminjaskrá.

„Það er margt annað sem fellur með þessari virkjun. Það er búið að gefa vilyrði fyrir þessu rafmagni til uppbyggingar og álvers í Helguvík," segir Ólafur. „Það væri þá eitthvað nýtt sem þjóðin þyrfti að taka á í heild sinni ef það ætti að hætta að nýta auðlindirnar okkar. Við lifum ekki á loftinu einu saman, það er alveg á hreinu."

Afstaða Hvergerðinga til Bitruvirkjunar komi á óvart en hafi ekki bein áhrif á áformin. Sveitarfélagið haldi ótrautt áfram með framkvæmdina og Skipulagsstofnun ákveði þá hvort hún hafni umhverfismatinu eða ekki.

„Svo hefur sveitarfélagið úrslitavald að lokum og getur tekið aðra ákvörðun en Skipulagsstofnun, eins og við gerðum með námuna í Ingólfsfjalli," segir Ólafur.

Spurður um áhrif þess að Orkuveitan sjálf hætti við virkjunina, eins og Dofri Hermannsson, talsmaður borgarstjórnarflokks Samfylkingar í umhverfismálum, útilokar ekki, segir Ólafur að vilyrði Orkuveitunnar um rafmagnsframleiðslu til álversins hafi verið gefið í tíð Reykjavíkurlistans.

„Þannig að það væri mjög sérstakt ef það ætti að bakka með það núna. Það myndi margt fara á annan veg í landinu ef það yrði hætt við þessa virkjun. Hún er unnin í sátt við náttúruna og ef ekki er hægt að reisa slíkar virkjanir er fokið í flest skjól hjá okkur Íslendingum." **- kóp**

Stjórnarformaður Strætó segir fargjöld ekki borga sig:

# Vill frían strætó

**SAMGÖNGUR** „Það er svo lítill hluti farþega sem greiðir fargjaldið núorðið að ég held að það væri vel þess virði að skoða tillögu Kópavogsbæjar um að hafa fargjöldin ókeypis til prufu," segir Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður Strætós bs.

Ármann segir að eftir að nemendum var gefið frítt í strætó séu tekjur af farmiðasölu orðnar sáralitlar. „Þetta er orðin algjör vitleysa, það eru kannski tíu prósent sem koma inn með greiddum farmiðum. Það eru um 400 milljónir. Ef við hættum að hugsa um að rukka fargjöld getum við sparað um 50 milljónir. Eftir standa 300 til 350 milljónir. Þetta gæti orðið til þess að búa til strætómenningu á Íslandi," segir hann. Reynslan af skólaverkefninu sé góð og vagnar troðfullir á háannatíma.

„Ef takmarkið er að létta á gatnakerfinu held ég að það sé þess virði," segir Ármann. **- kóp**

Ólafur Egill Egilsson óánægður með kjörin hjá RÚV:

# Afþakkaði laun fyrir Stundina



**FÓLK Ólafur Egill Egilsson hefur afþakkað laun fyrir leik sinn í Stundinni okkar. Ástæðuna segir Ólafur einfalda, launin séu ekki samboðin þeirri vinnu sem þyrfti að leggja í verkið. „Þetta eru fimmtán þúsund krónur fyrir fimm tíma í upptökuveri eftir skatt," segir Ólafur.**

**Páll Magnússon sagði þetta einsdæmi. Hann sagðist ekki vita til þess að leikarar hefðu verið óvart vanhaldnir fyrir leik sinn hjá RÚV, sem borgaði leikurum hæstu taxtana í bransanum.** **- fgg / sjá síðu 54**

Nokkur NATO-ríki hafa boðist til að leggja til flugsveitir til eftirlits og æfinga:

# Franskar herþotur til lofthelgiseftirlits

**VARNARMÁL** Orrustuþotur franska flughersins verða gerðar út frá Keflavíkurflugvelli til loftrýmiseftirlits í íslensku lofthelginni um fimm til sex vikna skeið á komandi vori. Frá þessu greindi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra er hún flutti Alþingi skýrslu sína um utanríkismál í gær.

„Í morgun gafst aðildarríkjum NATO möguleiki á að bjóða fram flugsveitir til loftrýmiseftirlits á Íslandi á næstu tveimur árum. Viðbrögð bandalagsríkja voru mjög jákvæð," sagði ráðherra. Auk Frakka hefðu Bandaríkjamenn boðist til að koma með flugsveitir hingað næsta sumar í tvær til þrjár vikur í senn, og aftur sumarið 2009. Þá hafi Norðmenn lýst áhuga á að taka þátt á næsta ári og bæði Danir og Spánverjar væru að skoða þátttöku árið 2009. Þá kváðust Hollendingar og Kanadamenn og jafnvel fleiri bandalagsþjóðir íhuga að taka þátt.

Ingibjörg staðfesti að sem gistiríki bæru íslensk stjórnvöld kostnað af viðveru erlendu flugsveitanna í samræmi við það hlutverk, en það felst aðallega í að sjá gestunum fyrir aðstöðu á Keflavíkurflugvelli og ýmissi stoðþjónustu. Þá er ratsjárkerfið forsenda fyrir því að hægt sé að halda úti slíku lofthelgiseftirliti með NATO-herþotum. **- aa / sjá síðu 16**





Sölutímabil: 8. til og með 11. nóvember.
Ferðatímabil: 1. til og með 17. desember.
Takmarkað sætaframboð.






## SPURNING DAGSINS



*Snorri, verður þetta alveg ótrúleg bænastund?*

„Já, ég á von á að þetta verði orkuríkari uppákoma en Kárahnjúkavirkjun, þetta verður eins og svona tvö stykki!“

Óhefðbundin bænastund í nafni umburðurlyndis og kærleika verður haldin í Laugardalshöll þann 24. nóvember. Þar verður fólki úr öllum trúfélögum boðið að koma saman og biðja. Snorri Ásmundsson stendur að bænastundinni.

Nýr stjórnmálaflokkur Nasers Khader hugsanlega í lykilstöðu eftir kosningarnar:

# Ólíklegt að stjórnin haldi

**DANMÖRK** Á þriðjudaginn í næstu viku ganga Danir til þingkosninga. Mikil óvissa ríkir um úrslit kosninganna, en flest bendir til að splunkunýr stjórnmálaflokkur Nasers Khader komist í þá aðstöðu að ráða því hvernig stjórn verður mynduð.

Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra boðaði óvænt til kosninga með stuttum fyrirvara í síðasta mánuði, að því er virðist í trausti þess að hægri stjórn hans myndi halda velli, eins og skoðanakannanir sýndu þá.

Síðan skipuðust veður í lofti og fátt bendir nú til að stjórnarflokkarnir þrír, Íhaldsflokkurinn,



**NASER KHADER OG ANDERS FOGH RASMUSSEN** Khader er þekktur í Danmörku sem talsmaður múslima og hefur einnig setið lengi á þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Venstre og Danski þjóðarflokkurinn, muni halda meirihluta sínum. Samkvæmt nýjustu könnunum fyrir dagblaðið Politiken fá þeir 82 þingmenn samtals, en þurfa 90 til að hafa meirihluta á þingi.

Flokkur Nasers Khader, Nýtt bandalag, er miðjuflokkur en hefur lýst áhuga á að ganga til stjórnarsamstarfs með Fogh Rasmussen. Flokkurinn tók stökk í skoðanakönnunum eftir að boðað var til kosninga, en hefur verið að dala smám saman og nú er reyndar svo komið að óvíst er að stjórninni nægi að fá þingmenn hans til liðs við sig.

Þá gæti farið svo að Radikale Venstre komist eina ferðina enn í þá stöðu að ráða úrslitum um stjórnarmyndun. Í nýjustu skoðanakönnun fær Nýtt bandalag 8 þingmenn en Radikale Venstre 12. - gb

Pólstjörnumálið:

## Stórsmyglarar áfram í gæslu

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald yfir þremur mönnum sem eru í haldi vegna Pólstjörnumálsins svokallaða var framlengt um sex vikur í gær. Þeir munu því sitja inni til 20. desember.

Um er að ræða menn sem handteknir voru þegar lögregla tók fjórutíu kíló af fíkniefnum í skútu í Fáskrúðsfjarðarhöfn. Um var að ræða amfetamín, e-töfluduft og e-töflur. Einn þessara þriggja manna var tekinn um borð í skútunni. Hinir tveir voru teknir í landi.

Annar þeirra hefur setið í einangrun en henni hefur nú verið aflétt. - jss

Næstsíðasti farþeginn látinn:

## Einn farþegi Titanic á lífi

**LONDON, AP** Annar af tveimur eftirlifandi farþegum skipsins Titanic lést 16. október síðastliðinn á bresku hjúkrunarheimili.

Barbara West Dainton, sem var 96 ára gömul þegar hún lést, var eins árs þegar hún ferðaðist með Titanic árið 1912. Dainton var of ung til að muna eftir nóttinni þegar Titanic sökk eftir að hafa rekist utan í ísjaka. 1.500 létust þessa nótt, þar á meðal faðir hennar sem veifaði henni, móður hennar og systur af þilfarinu þegar björgunarbátur með þær innanborðs var látinn síga niður með skipshliðinni. Lík hans fannst aldrei.

Eini eftirlifandi farþeginn er Elizabeth Gladys Dean, sem var tveggja mánaða gömul í ferðinni. - sdg

Borgarstjóri:

## Orkuveitan áfram í útrás

**ORKUMÁL Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að Orkuveita Reykjavíkur haldi áfram í útrásarstarfsemi og að samstarf við Geysi Green Energy kunni áfram að koma til greina. Þetta sagði hann á fundi með starfsmönnum Orkuveitunnar í gær.**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

**Borgarstjóri sagði að stjórn Orkuveitunnar þyrfti að finna útrásinni nýjan grundvöll, nú þegar samruni Reykjavík Energy Invest og GGE væri genginn til baka. Umhverfismál og stuðningur við þróunarríki væru helstu forsendur útrásarinnar. Þekkingu Íslendinga ætti að nýta sem víðast.** - sgj

# Ótækt að grundvalla dóma á Landnámu

**Þúsundir skjala á Árnastofnun gætu komið þjóðlendumálum í uppnám, segir rannsóknarprófessor. Hann gagnrýnir tilvísanir Hæstaréttar í Landnámu, sem hann segir svipað og að byggja á Biblíunni sem áreiðanlegri sögulegri heimild.**

**ÞJÓÐLENDUMÁL** Notkun Hæstaréttar og óbyggðanefndar á Landnámu sem heimild um jarðir við landnám er furðuleg að mati sagnfræðinga, enda bókin afar óáreiðanleg heimild. Landnáma hefur meðal annars verið notuð sem heimild í svokölluðum þjóðlendumálum.

„Bókstafstrúarmenn telja Biblíuna og Kóraninn birta rétta kenningu og það þarf alls ekki að ræða. Sama eðlis er trú lögfræðinga á Landnámu,“ segir Einar G. Pétursson, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Einar segir talsvert hafa skort á að gamlar heimildir um landamerki og jarðir hafi verið prentaðar og þeim komið á aðgengilegt form. Það sé afar slæmt ef réttaróvissa verði hér á landi vegna þess að gögnin séu ekki aðgengileg, og dómstólar kjósi heldur að nota Landnámu.

Hann tekur sem dæmi að á Árnastofnun megi finna þúsundir skjala sem stutt gætu eða kollvarpað kröfum ríkis og landeigenda í deilum um þjóðlendur. Engin tilraun hafi verið gerð til að kynna sér hvað þar sé að finna, sem sé mjög ámælisvert.

„Það er öruggt að einhver gögn eiga eftir að koma í ljós sem geta þá orðið grundvöllur nýrra málaferla, burtséð frá því hvernig þjóðlendumálin enda.“

Óforsvaranlegt er að Hæstiréttur notist við fornritið Landnámu sem heimild fyrir því hvernig landinu hafi verið skipt við landnám, segir Einar. Landnáma sé til í þremur mismunandi útgáfum með ósamhljóða texta. Þá séu gerðirnar skrifaðar um 1300, en lýsi atburðum sem áttu sér stað við landnám, fjórum öldum áður.

Að nota slíka bók sem heimild í Hæstarétti sé svipað, ef ekki verra, og ef rétturinn felldi dóma byggða á Biblíunni sem sögulegri heimild um aðstæður í landinu helga í kringum fæðingu Krists. Enginn sagnfræðingur líti svo á að Landnáma sé áreiðanleg heimild, þvert á móti sé heimildagildi hennar afar vafasamt.

Talsvert öðru máli gegnir um Jónsbók, lögbók frá árinu 1281 sem enn er vitnað til í dómum. Sú bók hefur varðveist í hundruðum eintaka sem eru nokkurn veginn samhljóða, segir Einar.

Frægur dómur Hæstaréttar frá árinu 1994, svokallaður Geitlandsdómur, markar tímamót í notkun réttarins á Landnámu. Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður gerir þá breytingu sem varð á dómum Hæstaréttar að umfjöllunarefni í grein sem birtist árið 2006. Í grein Karls kemur fram að það hafi ekki verið fyrr en á tíunda áratug síðustu aldar að dómurinn hafi farið að leggja svo mikið upp úr frásögnum í Landnámu. brjann@frettabladid.is



**HANDRITASAFN** Öruggt er að einhver gögn eiga eftir að koma í ljós í Árnastofnun sem gætu orðið tilefni til frekari málaferla í þjóðlendumálum, segir Einar G. Pétursson prófessor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### LANDNÁMIÐ Í BÓK

Landnáma lýsir landnámi Íslands og telur upp um 430 landnámsmenn og yfir 1.500 örnefni. Hún var að líkindum fyrst skrifuð um 1100. Elstu varðveittu gerðirnar eru mjög breyttar, og eru þær frá um 1300, um fjórum öldum eftir þá atburði sem lýst er í bókinni. Meginhluti Landnámu er aðeins varðveittur í endurritum frá 17. öld.



Nyhedsavisen í Danmörku:

## Í fyrsta sæti í þéttbýlinu

**DANMÖRK Lesendahópur Nyhedsavisen, systurblaðs Fréttablaðsins í Danmörku, heldur áfram að vaxa. Samkvæmt nýrri könnun er blaðið með 550 þúsund lesendur, en í síðustu könnun mældist það með 503 þúsund lesendur.**



**NYHEDSAVISEN** Danska fríblaðið sló auglýsingamet.

**Einnig sló blaðið met í auglýsingasölu í vikunni, eftir því sem fram kemur á vefsíðu danska dagblaðsins Børsen.**

**Fríblöðin 24timer og metroXpress eru bæði með meiri lestur en Nyhedsavisen, 24timer með 606 þúsund lesendur en metroXpress með 551 þúsund. Í fjórða sæti er síðan Jyllandsposten með 524 þúsund lesendur og önnur áskriftarblöð eru þar fyrir neðan.**

**Í borgunum þremur, Kaupmannahöfn, Árósum og Óðinsvéum, er Nyhedsavisen samtals með mesta lesturinn. Sömuleiðis lesa konur á aldrinum 25-59 ára Nyhedsavisen frekar en önnur blöð.** - gb



**FINNSKA SENDIRÁÐIÐ** Flaggað var í hálfa stöng í finnska sendiráðinu í Reykjavík í gær.

Finnska sendiráðið:

## Bókin liggur frammi í dag

**FINNLAND** Finnska sendiráðið í Reykjavík hefur samúðarbók liggjandi frammi í sendiráðinu við Túngötu 30 í dag og gefur Íslendingum og öðrum búsettum á Íslandi þannig kost á að votta finnsku þjóðinni samúð sína með því að rita nafn sitt í bókina. Finnska sendiráðið er opið milli eitt og fjögur.

Samúðarbókin er lögð fram í tilefni þess að ungur maður myrti skólafélaga sína og rektor Jokelamenntaskólans í Tuusula í Finnlandi á miðvikudag en finnska sendiráðið flaggaði í hálfa stöng vegna árásarinnar.

Tuusula gefur fólki kost á að senda samúðarkveðjur til íbúa í Tuusula á netfangið condolences@tuusula.fi og munu þær birtast á vefsíðu sveitarfélagsins.

Tuusula er 35 þúsund manna sveitarfélag sjö kílómetra frá Vantaa, alþjóðaflugvellinum í Finnlandi. - ghs




Rannsókn efnahagsbrotadeildar er lokið:

## Allt að tíu manns ákærðir í DC++ máli

**LÖGREGLUMÁL** Fastlega má gera ráð fyrir því að ákæra verði gefin út í svokölluðu DC++ máli, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur aflað sér. Búast má við því að allt að tíu manns verði ákærðir í málinu.

Umfangsmikilli rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra lauk nýverið, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

Meira en þrjú ár eru liðin frá því að lögregla lagði hald á tölvur og gögn hjá tólf manns vegna gruns um brot á höfundarréttarlögum. Mennirnir voru hluti af stórum hóp Íslendinga sem notaði DC++ skráarskiptaforritið til að skiptast á tónlist, kvikmyndum, forritum og tölvuleikjum. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur enn ekki skilað tölvunum sem teknar voru.

Eftir húsleitirnar árið 2004 fækkaði mjög í hópi þeirra sem notuðu DC++ forritið á Íslandi, og lagðist notkun þess meira og minna af. Einn vinsælasti skráaskiptamáti Íslendinga er nú torrent-tæknin, sem notuð er með hjálp Istorrent-vefjarins.

Samtök myndrétthafa á Íslandi og samtök allra rétthafa tónlistar á Íslandi hafa ásamt fleirum lagt fram kæru á hendur forsvarsmönnum vefjarins, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu. - jss / sþs

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37513 10/07

## Upplifðu Avensis í dag

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.580.000 kr.*

*Verð miðast við Avensis Wagon Sol - 5 dyra.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

## GENGIÐ 08.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 59,93 | 60,21 |
| Sterlingspund | 126,17 | 126,79 |
| Evra | 87,9 | 88,4 |
| Dönsk króna | 11,792 | 11,86 |
| Norsk króna | 11,325 | 11,391 |
| Sænsk króna | 9,487 | 9,543 |
| Japanskt jen | 0,5303 | 0,5335 |
| SDR | 95,03 | 95,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,089

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Einbýlishús við Grettisgötu skemmdist mikið í eldi aðfaranótt fimmtudags:

# Lögregla útilokar ekki íkveikju

**LÖGREGLUMÁL** Mannlaust einbýlishús við Grettisgötu 61 skemmdist mikið í eldi aðfaranótt fimmtudags. Tilkynnt var um eldinn laust eftir klukkan tvö og voru allar stöðvar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sendar á staðinn þar sem ekki var vitað hvort fólk væri í húsinu. Ekki var talið að hætta steðjaði að nærliggjandi húsum en í öryggisskyni var sambyggt hús rýmt á meðan slökkvistarf stóð yfir. Slökkvistarf gekk vel og lauk á fimmta tímanum um nóttina. Eldsupptök eru ókunn en rannsóknardeild lögreglunnar útilokar ekki íkveikju.

Húsið sem brann er bárujárnsklætt timburhús sem eigandi þess hyggst gera upp en það skemmdist aðallega að innan. Þurfti meðal annars að rjúfa milligólf og þak til að slökkva eldinn að fullu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur lögregla ítrekað haft afskipti af fólki sem þar hefur hafst við vegna linnulausrar óreglu og ónæðis. Hafa meðal annars ítrekað komið upp mál vegna fíkniefnabrota og þýfi og vopn verið gerð upptæk. Íbúar á Grettisgötu hafa kvartað undan ónæðinu marga undanfarna mánuði og lögregla haft samband við eiganda hússins vegna þessa. - shá



**GRETTISGÖTU AÐFARANÓTT FIMMTUDAGS** Eldurinn náði sér vel á strik og reykur fyllti Grettisgötuna á tímabili og smaug inn í nærliggjandi íbúðir.

Nauðgunarmál á Selfossi:

# Sætir farbanni til 17. desember

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest farbann yfir pólskum manni sem grunaður er um að hafa nauðgað konu á Selfossi í lok síðasta mánaðar. Manninum hefur verið bannað að yfirgefa landið til 17. desember, eða þar til máli hans er lokið.

Lögreglustjórinn á Selfossi krafðist farbanns yfir manninum í Héraðsdómi Suðurlands. Maðurinn væri erlendur ríkisborgari og því væri hætta á því að hann reyndi að komast úr landi til að koma sér undan málsókn eða fullnustu refsingar. Héraðsdómur féllst á þessi rök og Hæstiréttur einnig. - sþs



**LAKSHIMI** Á röntgenmynd sést hvernig læknum tókst að endurbyggja mjaðmagrind Lakshimi þar sem áður komu niður fjórir fótleggir og tveir handleggir. AP

Áhættusöm aðgerð tókst vel:

# Hreyfði bæði tær og hendur

**INDLAND, AP Tveggja ára indverska stúlkan sem gekkst undir 27 tíma aðgerð á þriðjudag og miðvikudag þar sem aukaútlimir og aukalíffæri voru fjarlægð sýndi góð batamerki í gær að sögn lækna.**

**„Lakshimi hefur hreyft tær og hendur í fyrsta skipti og opnaði augun í stutta stund," sagði yfirlæknirinn Sharan Patil við blaðamenn í gær.**

**Lakshimi fæddist með útlimi og sum líffæri tvíbura sem hætti að þroskast í móðurkviði. Yfir þrjátíu skurðlæknar tóku þátt í aðgerðinni, sem tókst það vel að vonast er til að stúlkan sleppi alveg við að fara aftur í meiri háttar aðgerð.** - sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kviknaði í bíl á bílastæði

Eldur kviknaði í kyrrstæðri bifreið í Engjaseli í Breiðholti í gærdag. Slökkviliðið var kallað á staðinn en eldurinn reyndist lítill. Engar vísbendingar voru um að kveikt hefði verið í bílnum.

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn Gunnþóru Hafsteinsdóttur grunnskólakennara í frétt blaðsins um skotárásina í Finnlandi í gær.

# Vilja útfærslu á breytingum

**Fulltrúar Framsóknar og VG taka fyrirhuguðum breytingum heilbrigðisráðherra á heilbrigðiskerfinu með fyrirvara. Varaformaður Samfylkingarinnar segir samstöðu um breytingarnar innan ríkisstjórnarinnar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrirhugaðar breytingar á heilbrigðiskerfinu sem sagt var frá í Fréttablaðinu í gær eru byggðar á vinnu svokallaðrar Jónínunefndar, segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins. Hún segir að þar sem eftir sé að útfæra hugmyndina nánar sé erfitt að taka afstöðu til hennar.

Ætlunin er að koma á laggirnar innkaupastofnun sem mun kaupa þjónustu í heilbrigðiskerfinu af heilbrigðisstofnunum, og skilja á milli kaupenda og seljenda.

„Það eru vissulega dálítil tíðindi ef Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að fjölga ríkisstofnunum og fara skandinavísku leiðina, sem hefur ekki alltaf verið hátt skrifuð á þeim bænum," segir Valgerður. Hún telur þó fjárhagsvanda stofnana stóra vandann sem ráðherrann þurfi að beita sér í.

„Við erum mjög á varðbergi gagnvart þessum hugmyndum ef þær eru yfirskin eða undirbúningur undir það að einkavæða meira í heilbrigðiskerfinu og velta kostnaði yfir á neytendur," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

Hann segir að með þeim breytingum sem nú séu boðaðar sé stutt í hugmyndafræði einkavæðingarinnar. Vinstri græn geri fyrirvara við allar breytingar í þá átt, og standi vörð um eitt opinbert heilbrigðis- og tryggingakerfi. Slík kerfi hafi sýnt yfirburði sína samanborið við blandaðri kerfi.

„Það er stefna Samfylkingarinnar að aðskilja kaupendur og seljendur þjónustunnar, og hefur verið það undanfarin misseri," segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar.

„Að sjálfsögðu stöndum við vörð um það grundvallaratriði að aðgengi að heilbrigðisþjónustunni verði óháð efnahag, og eftir því grundvallarmarkmiði mun ríkisstjórnin starfa," segir Ágúst.

Pólitísk samstaða er í ríkisstjórn um fyrirhugaðar breytingar á heilbrigðiskerfinu, enda í samræmi við stjórnarsáttmála, segir Ágúst Ólafur. „Þetta er löngu tímabær breyting, við sjáum að hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa tekið þetta skref. Markmiðið er auðvitað að þjónustan batni og peningarnir verði nýttir betur."

brjann@frettabladid.is



**SPÍTALI** Á Landspítalanum eru unnin verk sem ekki tengjast þjónustu við sjúklinga beint. Brýnt er að útfært verði hvernig borgað verði fyrir slík verk, segir forstjóri Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## BETRI YFIRSÝN YFIR ÞJÓNUSTUNA

„Ég tel að fyrirhugaðar breytingar verði starfi í heilbrigðisþjónustunni til framdráttar," segir Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans.

„Með þessu móti mun fást betri yfirsýn yfir þá þjónustu sem veitt er af opinberum stofnunum, og þá þjónustu sem veitt er af einkaaðilum. Jafnframt má með þessu nýta mannafla og fjármuni með betri hætti en gert hefur verið."

Magnús bendir þó á að bæði Landspítalinn og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hafi öðrum skyldum að gegna en að sinna heilbrigðisþjónustu með beinum hætti. Til dæmis hafi Landspítalinn víðtækt hlutverk við kennslu nemenda og samvinnu við háskóla. Spítalinn taki einnig virkan þátt í ýmsu vísindastarfi og framþróun.

„Hver á að kaupa þessa þjónustu?" spyr Magnús. Vel geti verið að það verði menntamálayfirvöld, en ef sérstök innkaupastofnun fái það hlutverk að kaupa verk í heilbrigðisþjónustu verði að skilgreina þessi hlutverk spítalans og ákveða hvernig greitt verði fyrir þessi störf.

## NÝTT KERFI MUN EKKI BÚA TIL PENINGA

„Við höfum eins og ýmsir aðrir sagt að það þyrfti að tengja saman verkefni sem eru unnin og greiðslur fyrir þau, svo grunnhugmyndin þyrfti að verða að veruleika í einhverri mynd," segir Halldór Jónsson, forstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Hann segir miklu skipta hvernig útfærslan verði. Það að nota svona kerfi muni ekki eitt og sér búa til peninga, þetta sé ekki leiðin til að leysa þann fjárskort sem sjúkrahús búi víða við.

„Vonandi munu menn framkvæma verkin þar sem það er hagkvæmast, í sem víðustum skilningi. Þar á ég við að fólk af öllu landinu þarf þjónustu, þannig að ef hagkvæmni þess að vinna verk á ákveðnum stöðum er reiknuð út þarf að taka tillit til fleiri þátta en þess hvað vinna við verkið kostar á viðkomandi stað," segir Halldór.


gott að vita

## Veist þú hver lífeyrisréttindi þín eru?

- Er skylt að greiða í lífeyrissjóð?
- Hvað felst í lífeyrisréttindum?
- Hvers vegna þarf að greiða skatt af lífeyrisgreiðslum?
- Hvaða ávinningur er fólginn í því að greiða í lífeyrissjóð?

Svörin við þessum spurningum og fjölda annarra væri sannarlega gott að vita og þú finnur þau á **www.gottadvita.is**

HVITA HUSID / SIA

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

www.gottadvita.is




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**LOKSINS LOKSINS**

Já, það er vart annað hægt en að segja loksins loksins því í dag er loksins að sjá hægviðri um allt land. Nokkuð er um liðið síðan allt landið var í rólegheitavindi og það í heilan dag. Í kvöld og nótt fer vindur heldur vaxandi vestan til með rigningu eða slyddu á landinu suðvestanverðu. Á morgun gengur svo lægð yfir landið og þá verður víða úrkoma, snjókoma nyrðra og eystra, annars væta.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hægviðri, rigning í fyrstu en síðan úrkomulítið. Frostlaust.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skúrir | London | 11°C léttskýjað | Friedrichshafen | 4°C rigning |
| Billund | 6°C skúrir | París | 10°C skúrir | Lúxemborg | 7°C hálfskýjað |
| Osló | 2°C skúrir | Amsterdam | 10°C rigning | Alicante | 20°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skúrir | Frankfurt | 8°C rigning | Róm | 17°C skúrir |
| Gautaborg | 7°C skúrir | Berlín | 7°C rigning | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Alfreð Ómar Alfreðsson
Matreiðslumeistari
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

# LAMBAHRYGGUR
## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

1 stk. lambahryggur
Pottagaldrar lamb islandia
Maldon salt

Skerið rendur í fitulagið á hryggnum, eftir endilöngu og svo þvert yfir.
Kryddið vel með lamb islandia kryddinu og maldon salti.
Setjið hrygginn inn í 200°C heitan ofn og steikið í 15 mín.
Lækkið hitann niður í 160°C og eldið áfram í um klukkustund.



Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

**Lambahryggur**
úr kjötborði

**TILBOÐ 1.298 kr/kg**
Verð áður 1.571,-



Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

**Svínakótilettur**
úr kjötborði

**TILBOÐ 998 kr/kg**
Verð áður 1.496,-



Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

**Lambalæri úrbeinað**
fyllt m/osti.

**TILBOÐ 1.998 kr/kg**
Verð áður 2.286,-

Jói FEL



**Tilbúið deig**
Skerið niður
og raðið á
bökunarpappír.
Bakist í u.þ.b.
10 mín.

**Nýtt** í Hagkaupum

Richfood kókosmjöl



**Richfood bleytt kókosmjöl,**
- sykurbleytt kókosmjöl,
einstaklega gott í baksturinn

Frón



**Kexsmiðjusmákökur**
- í miklu úrvali

30% afsláttur við kassa

**Nýtt** í Hagkaupum



**Mjólka jógúrt**
- 5 tegundir

Gildir til 11. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú sátt(ur) við hömlur Kaupþings á yfirtöku íbúðalána?*

| | |
|---|---|
| Já | 9% |
| Nei | 91% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér sóðaskapur á götum úti hafa aukist?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Georgíuforseti reynir að draga úr spennu:

# Flýtir forsetakosningum

**GEORGÍA, AP** Mikhaíl Saakashvili, forseti Georgíu, boðaði í gær til forsetakosninga og verða þær haldnar 5. janúar næstkomandi. Með þessu vill hann draga úr spennunni sem verið hefur í landinu undanfarið.

Saakasvhili jók sjálfur mjög á spennuna á miðvikudag þegar hann sendi lögregluna til að kveða niður friðsamleg mótmæli, sem haldin höfðu verið daglega fyrir utan þinghúsið í Tíblis frá því í lok síðustu viku.

Á miðvikudaginn lýsti hann sömuleiðis yfir fimmtán daga neyðarástandi í höfuðborginni og bannaði alla opinbera mótmælafundi. Í gær sagði hann hins vegar að neyðarástandinu verði aflýst á næstu dögum „vegna þess að ástandið í Georgíu er strax að verða stöðugra.“

Hann sagði svo í gær að forsetakosningunum, sem áttu að vera í lok næsta árs, verði flýtt til 5. janúar „til þess að öðlast trausts fólksins.“

Mótmælendurnir höfðu krafist þess sex daga í röð, á útifundum við þinghúsið í Tiblisi, að Saakashvili segði af sér. Hann var gagnrýndur fyrir einræðistilburði.

Sjálfur kennir hann Rússum um að kynda undir mótmælin og hefur rekið þrjá rússneska erindreka úr landi. **- gb**



**GRÁIR FYRIR JÁRNUM** Lögreglan í höfuðborg Georgíu var undir það búin að taka á móti mótmælendum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

1908 100 ÁR 2008

**Skólaganga með Guðjóni Friðrikssyni sagnfræðingi**

Fróðleg, skemmtileg og ókeypis!

Á morgun, laugardaginn 10. nóvember kl. 10:30, bjóða Kennaraháskóli Íslands og Kennarasamband Íslands til skólagöngu með Guðjóni Friðrikssyni sagnfræðingi.
Hittumst kl. 10:30 í Kennarahúsinu Laufásvegi 81 í Reykjavík. Guðjón fræðir gesti um sögu hússins. Léttar veitingar.
Þaðan er haldið í gönguferð um slóðir skóla, kennara og nemenda í miðborg Reykjavíkur og endað í Kennaraháskólanum við Stakkahlíð þar sem göngumönnum er boðið upp á hressingu.

Gangan er fyrsti viðburður af mörgum í tilefni af því að hundrað ár eru frá stofnun Kennaraskóla Íslands og setningu fyrstu fræðslulaga.

Komdu með í skólagönguna! Við tökum vel á móti þér!
*Kennarasambandið og Kennaraháskólinn*



**FJÖLBÝLI** Alvarlegt ósætti á milli íbúa í fjölbýli er oft tilkomið vegna gegndarlausrar óreglu og óláta. Erfitt og flókið er að sækja rétt sinn og margir veigra sér við að kvarta vegna hótana og ofbeldis.

# Erfitt að fá sönnunargögn frá lögreglu

**Húseigendafélaginu hefur ítrekað verið synjað um aðgang að lögregluskýrslum á grundvelli reglugerðar um meðferð persónuupplýsinga. Heimild þarf frá Persónuvernd eða vilyrði afbrotamanns til að gögnin séu notuð gegn honum.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ítrekað synjað Húseigendafélaginu um aðgang að lögregluskýrslum vegna mjög alvarlegra brota íbúa í fjölbýlishúsum. Ástæðan er reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu en samkvæmt henni má lögregla ekki afhenda gögn nema sá brotlegi gefi vilyrði sitt eða heimild Persónuverndar liggi fyrir.

„Einstaklingur sem húsfélag er að reyna að koma út úr húsi þarf að veita samþykki fyrir því að nota megi lögregluskýrslur sem sönnunargögn gegn honum,“ segir Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins. „Slíkt leyfi er auðvitað illfáanlegt og reglugerðin hefur dregið mjög úr virkni fjöleignarhúsalaganna, sem er ætlað að vernda fólk gegn grófum eða ítrekuðum brotum íbúa í fjölbýli.“

Sigurður tekur dæmi þar sem húsfélag hugðist fá lögregluskýrslur þar sem einstaklingur hafði meðal annars kveikt þrisvar í íbúð sinni og sameign hússins. Þurftu nágrannar hans að leita til læknis vegna reykeitrunar. „Svör lögreglu voru að ekki væri unnt að verða við beiðninni þar sem engar kvartanir og kærur lægju fyrir frá íbúum hússins. Tilkynnandi var alltaf sá brotlegi og svo litið á málið að það væri öðrum íbúum hússins óviðkomandi.“

> Einstaklingur sem húsfélag er að reyna að koma út úr húsi þarf að veita samþykki fyrir því að nota megi lögregluskýrslur sem sönnunargögn gegn honum.
>
> **SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON**
> FORMAÐUR HÚSEIGENDAFÉLAGSINS

Sigurður segir að erfitt hafi verið fyrir að reka mál í deilum íbúa og því hafi hann farið fram á við Björn Bjarnason dómsmálaráðherra að reglugerðin yrði endurskoðuð. Því hafi verið hafnað og því liggi fyrir að leita þurfi til Persónuverndar í hvert sinn sem óskað sé eftir lögregluskýrslum. Það sé tafsamt og fæli fólk jafnvel frá því að leita réttar síns.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir miklar takmarkanir á því hvaða upplýsingum lögreglan geti miðlað. „Það sjónarmið að þessar reglur séu hamlandi er eðlilegt en við erum bundin af þeim ákvæðum sem er að finna í lögum og reglugerðum. Túlkun á þessum ákvæðum er í höndum Persónuverndar.“

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir nauðsynlegt að meta hvert einstakt mál hjá stofnuninni. Spurð hvort slíkt sé ekki tafsamt segir Sigrún að það þurfi alls ekki að vera, en meðal annars farið eftir því hvernig lögreglan bregðist við erindinu. Hún tekur fram að Persónuvernd hafi aldrei borist erindi frá Húseigendafélaginu þar sem reynt á ákvæði reglugerðarinnar. **svavar@frettabladid.is**




**Auglýsingasími**
**512 50 50**


– Mest lesið

Kona vildi skaðabætur upp á tæpar sextán milljónir vegna úlnliðsbrots:

# Bumbuslagur olli ekki skaða

**DÓMSMÁL** Tveir lögreglumenn á Selfossi hafa verið sýknaðir af kröfum konu sem datt og úlnliðsbrotnaði þegar þeir voru í bumbuslag.

Atvikið varð á árshátíð starfsmanna embættis Sýslumannsins á Selfossi í apríl 2003. Samkvæmt málsgögnum söfnuðust nokkrir af árshátíðargestunum saman á stéttinni framan við innganginn að veislusalnum rétt eftir miðnætti.

Lögreglumennirnir voru góðglaðir og ákváðu að bregða á leik og fara í svokallaðan bumbuslag. Hann fólst í því að þeir ráku bumbur sínar hvor í annan. Voru þeir með því að kasta kveðju hvor á annan.



**LÖGREGLAN** Lögreglumennirnir voru góðglaðir og ákváðu að bregða á leik og fara í svokallaðan bumbuslag.

Konan kvaðst allt í einu hafa fundið þungt högg dynja á hægri síðu sinni, við mjöðm. Skall hún í jörðina, en bar fyrir sig vinstri handlegginn í fallinu með þeim afleiðingum að úlnliðurinn brotnaði. Taldi hún annan lögreglumanninn valdan að falli sínu.

Hvorugur lögreglumannanna tók eftir henni fyrr en þeir sáu hana liggjandi á stéttinni. Hún var metin til örorku eftir atvikið.

Dómurinn taldi ósannað að meint högg í hægri síðu konunnar mætti rekja til lögreglumannanna, enda hafi vitni ekki séð neina snertingu. **- jss**

# 30-80% verðlækkun á nýjum íslenskum bókum




Almennt verð: 4.790 kr.
Tilboðsverð: **3.290 kr.**




Almennt verð: 2.690 kr.
Tilboðsverð: **1.880 kr.**




Almennt verð: 2.990 kr.
Tilboðsverð: **1.740 kr.**




Almennt verð: 4.490 kr.
Tilboðsverð: **3.140 kr.**




Almennt verð: 6.480 kr.
Tilboðsverð: **4.200 kr.**




Almennt verð: 2.490 kr.
Tilboðsverð: **1.740 kr.**




Almennt verð: 4.280 kr.
Tilboðsverð: **2.990 kr.**




Almennt verð: 2.490 kr.
Tilboðsverð: **1.740 kr.**




Almennt verð: 4.680 kr.
Tilboðsverð: **3.270 kr.**




Almennt verð: 4.490 kr.
Tilboðsverð: **2.900 kr.**




Almennt verð: 2.890 kr.
Tilboðsverð: **2.000 kr.**




Almennt verð: 2.490 kr.
Tilboðsverð: **490 kr.**




*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2007.*

**Tilboðið gildir til og með 11. nóvember 2007**

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



1. Um hverja er minnisreiturinn við Þingholtsstræti?
2. Hvernig stofnun ætlar heilbrigðisráðherra að stofna?
3. Hvert er tónlistarmaðurinn Rúnar Júlíusson að fara?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Lögreglufélag Suðurlands átelur ófullnægjandi fjárveitingu til löggæslu á Selfossi:

# Öryggi íbúanna er ógnað

**LÖGREGLUMÁL** „Það kann að verða árekstur milli fjárlaga og annarra laga. Samkvæmt þeim fyrirmælum sem mér er ætlað að fara eftir verð ég að halda mig innan fjárlaga. Svo verður að koma í ljós hvað það hefur í för með sér.“

Þetta segir Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Selfossi, spurður um áhrif niðurskurðar á löggæslu embættisins.

Lögreglufélag Suðurlands hefur sent frá sér ályktun vegna fjárveitinga til embættisins, og segir þær ófullnægjandi. Vegna þessa verða lögreglumenn 23 frá næstu áramótum í stað 26 nú.

Í ályktuninni segir að öryggi íbúa á svæðinu sé ógnað vegna þessa. Þegar hafi orðið „nokkur niðurskurður vegna þessa og er nú svo komið að á fullskipaðri vakt er aðeins hægt að halda úti einum fullmönnuðum lögreglubíl sem sinnir útköllum og eftirliti“.

Félagið bendir á að fjöldi verkefna og mála hafi aukist og einnig fjölgi íbúum sýslunnar hratt. Þeir séu nú tæplega fimmtán þúsund. „Skorum við á fjárveitingavaldið, svo og þingmenn kjördæmisins, að endurskoða nú þegar fjárveitingar til embættisins svo að unnt sé að tryggja viðunandi löggæslu,“ segir í ályktuninni. - jss



**SELFOSS** Einn fullmannaður lögreglubíll verður í útköllum og eftirliti á fimmtán þúsund íbúa svæði.

Tillaga samþykkt í borgarráði:

## Skoða þráðlaust net í Reykjavík

**TÆKNI** Kanna á hvort mögulegt er að koma upp þráðlausu háhraðaneti í Reykjavík. Til að byrja með verður horft til miðborgarinnar, háskólasvæðisins í kringum Vatnsmýri og viðskiptahverfisins í kringum Borgartún. Tillaga þess efnis var samþykkt á fundi borgarráðs í gær.

Þjónustuskrifstofu Reykjavíkurborgar var falið að kanna þennan möguleika, og mun hún kanna áhuga háskóla, ríkis, banka og fjarskiptafyrirtækja á samstarfi í slíku verkefni. Niðurstöðum athugunar á að skila til borgarráðs fyrir 15. desember næstkomandi. - sþs

Háskóli Íslands:

## Starfar með kínverskum háskóla

**MENNTAMÁL Háskóli Íslands (HÍ) og Fudan-háskóli í Shanghai undirrituðu samning um rannsóknasamstarf og nemendaskipti í gær. Vilji skólanna er að geta verið með sameiginlegar prófgráður bæði á meistara- og doktorsstigi, og stuðla þannig að öflugu rannsóknasamstarfi.**

**Undirritun samningsins við Fudan-háskóla er liður í vaxandi samstarfi Háskóla Íslands við kínverskar háskóla- og rannsóknastofnanir. Fyrir stuttu var gerður samstarfssamningur á milli HÍ og Jilin-háskóla í Changchun, sem er stærsti háskólinn í Kína með um sextíu þúsund nemendur.**

**Sendiherra Kína á Íslandi, Zhang Keyuan, var viðstaddur undirritunina.** - shá

Fiskvinnslufólk hjá Ísfélagi Vestmannaeyja er óánægt með kjör sín og vinnutíma:

# Starfsfólk vinnur ekki yfirvinnu

**KJARADEILA** „Þetta er erfið vinna og kvöldvinna í miklum kulda og það var aðallega þess vegna sem fólk var ekki sátt,“ segir Hildur Zoega, trúnaðarmaður starfsmanna hjá Ísfélagi Vestmanneyja. Starfsmenn í frystihúsi neita að vinna yfirvinnu.

Stéttarfélagið Drífandi er með málið til athugunar. Að sögn Arnars Hjaltalín, formanns þess, hefur vélvæðing orðið til þess að framleiðni Ísfélagsins hefur aukist, en að sama skapi hefur minna orðið fyrir starfsmennina að gera. Næturvaktir bjóðast ekki lengur.

„Fólkið er bara að fara fram á að halda sömu tekjum, en ekki fá meira,“ segir Arnar. Hann segir kjarasamninga kveða á um að starfsfólk fái hluta ávinnings af aukinni framleiðni.

Arnar segist vongóður um að sátt náist við stjórn Ísfélagsins um málið. „Ég trúi ekki öðru en að við náum saman um þetta, því það ber svo lítið á milli,“ segir Arnar.

Ægir Páll Friðbertsson, framkvæmdastjóri Ísfélagsins, segir félagið greiða laun eftir kjarasamningum. „Vinnulagið hefur verið þannig á síldarvertíðum að við vinnum síldina eftir því hvenær hún berst að landi og hvernig sölumöguleikarnir hafa verið,“ segir Ægir. „Þannig verður það þessa vertíð líka.“ - sgj



**Í FRYSTIHÚSINU** Trúnaðarmaður starfsmanna segir starfsfólk vinna erfiða vinnu í miklum kulda. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Hraðahindranir vandamál:

## Kosta Strætó milljónir á ári

**SAMGÖNGUMÁL Hraðahindranir valda miklu tjóni á strætisvögnum borgarinnar, samkvæmt Reyni Jónssyni, framkvæmdastjóra Strætó bs. Reynir segir í samtali við vefinn visir.is að vegna þess hversu lágir strætisvagnarnir séu rekist þeir gjarnan í götuna og það valdi skemmdum á gírkössum. Hann segir árlegt tjón vegna viðgerða á gírkössum hlaupa á milljónum króna.**

**Forsvarsmenn Strætó bs. munu á næstu dögum funda með borgaryfirvöldum vegna vandans.** - þeb



**SAMSTARF** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Sören Gade, varnarmálaráðherra Danmerkur, undirrituðu í janúar samkomulag um öryggismálasamstarf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öryggismálasamstarf:

## Samráð við Þjóðverja og Dani

**VARNARMÁL** Sameiginleg hagsmunamál Íslendinga og Dana á Norður-Atlantshafi og aukið hagnýtt samstarf á ýmsum sviðum voru rædd á fyrsta reglulega samráðsfundi embættismanna beggja þjóða á grundvelli samkomulags um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála í Kaupmannahöfn í byrjun vikunnar.

Þá fór fram hliðstæður samráðsfundur íslenskra og þýskra embættismanna í Berlín á þriðjudag. Markmið þessara viðræðna er að kanna möguleg samstarfsverkefni Íslands og Þýskalands á sviði öryggis- og varnarmála, að því er segir í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu. - aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ekið yfir fót barns

Fjögurra ára gamalt barn, sem hlaupið hafði frá leikskólanum Garðaseli í Reykjanesbæ, varð undir bifreið síðdegis á miðvikudag. Fótur barnsins varð fyrir dekkinu og hlaut það opið beinbrot á sköflungi. Barnið var flutt á Landspítala í aðgerð.

### Hjólaði á bíl

Tólf ára drengur meiddist þegar hann hjólaði á bíl í Reykjanesbæ klukkan tvö í gær. Hann rotaðist, enda ekki með hjálm, en slapp við frekari meiðsl. Bifreiðin skemmdist mikið.

Kröfufjármögnun

Skilvirk leið til að fjármagna vöxt fyrirtækisins

Viðskiptakröfur eru stærsta eign margra fyrirtækja. Með Kröfufjármögnun Landsbankans gefst fyrirtækjum kostur á lántöku gegn veði í viðskiptakröfum með einfaldari hætti en áður.

Ávinningurinn er margþættur. Auðveldara er að fjármagna vöxt fyrirtækisins þar sem rekstrarfé eykst í hlutfalli við aukna sölu. Með bættu fjárstreymi er m.a. hægt að greiða birgjum fyrr og ná fram hagstæðari innkaupum.

**Hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi eða Þjónustuborð fyrirtækja í síma 410 9191**

www.landsbanki.is

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 39730 11/07

# Ánægðustu viðskiptavinirnir

**Einkunn banka og sparisjóða í einstökum þáttum 2007**

| | Ímynd | Væntingar | Vörugæði | Þjónustugæði | Virði | Ánægja | Tryggð | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sparisjóðurinn** | **80,4** | **83,5** | **79,4** | **84,9** | **80,4** | **78,1** | **85,0** | **81,7** |
| SPRON | 78,8 | 79,4 | 77,4 | 80,5 | 76,0 | 74,2 | 80,9 | 78,2 |
| BYR | 76,9 | 78,9 | 77,1 | 80,6 | 74,7 | 73,0 | 77,3 | 76,9 |
| Glitnir | 77,7 | 78,7 | 76,0 | 79,7 | 75,3 | 72,8 | 78,1 | 76,9 |
| Landsbankinn | 78,0 | 77,7 | 75,6 | 78,5 | 74,3 | 72,6 | 78,2 | 76,4 |
| Kaupþing | 75,4 | 76,1 | 73,8 | 76,6 | 72,8 | 68,9 | 73,4 | 73,8 |
| **Meðaltal** | **77,6** | **78,5** | **76,0** | **79,4** | **75,1** | **72,6** | **78,1** | |

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

# Sparisjóðurinn **DÚXAR!**

**Viðskiptavinir fjármálafyrirtækja gefa Sparisjóðnum hæstu einkunn**

Samkvæmt mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar 2007 eru viðskiptavinir Sparisjóðsins þeir ánægðustu á markaði banka og sparisjóða. Sparisjóðurinn fær hæstu einkunn í öllum þáttum sem mældir voru. Persónuleg þjónusta er okkar aðalsmerki og stuðlar að ánægjulegu samstarfi við alla okkar viðskiptavini. Starfsfólk Sparisjóðsins þakkar viðskiptavinum þessar ánægjulegu niðurstöður sem hvetja okkur til að gera enn betur í framtíðinni.

SPARISJÓÐURINN
www.spar.is

Fíton/SÍA




# Lögregla gagnrýnd fyrir hæg viðbrögð

**Þjóðarsorg var í Finnlandi í gær vegna skotárásarinnar sem níu manns féllu í, þar á meðal byssumaðurinn sjálfur. Pekka-Eric Auvinen skaut aðeins 69 skotum af 400 sem hann hafði meðferðis. Hann reyndi einnig að kveikja í skólanum.**

**FINNLAND, AP** Þjóðarsorg var lýst yfir í Finnlandi í gær og víða var flaggað í hálfa stöng til að minnast fórnarlamba skotárásarinnar í Jokele-miðskólanum í Tuusula á miðvikudaginn. Minningarathafnir fóru fram víða um Finnland og var forseti landsins, Tarja Halonen, viðstaddur minningarathöfn í höfuðborginni Helsinki. Eftir athöfnina skoraði hún á finnsku þjóðina að standa saman á þessari sorgarstundu.

Lögregla rannsakaði í gær sjálfsmorðsbréf árásarmannsins Pekka-Eric Auvinen og hatursfull skrif á bloggsíðu hans til að komast að því hvað varð til þess að hann hóf skothríð á samnemendur sína og starfsfólk skólans. Níu manns létust í skotárásinni, þar á meðal hinn átján ára Auvinen sem féll fyrir eigin hendi.



**FÓRNARLAMBANNA MINNST** Minningarathafnir fóru fram víða í Finnlandi í gær vegna fórnarlamba skotárásanna á miðvikudag. Þjóðarsorg var lýst yfir í landinu í gær og hvatti forsetinn Tarja Halonen Finna til að standa saman. MYND/PELLE RINK

Lögregla fann aðeins 69 skothylki á vettvangi þó að Auvinon hafi birgt sig upp af 400 skotum að því er kemur fram á vef finnska ríkisútvarpsins. Handahóf virðist hafa ráðið vali Auvinens á fórnarlömbum sínum, sem vou sex nemendur, skólahjúkrunarfræðingur og rektor. Einn nemendanna var 25 ára tveggja barna móðir, hinir voru drengir á aldrinum sextán til átján ára.

Fórnarlömbin voru öll skotin í höfuðið eða efri hluta líkamans, sum með fá skotsár og önnur með næstum tuttugu, að því er Tero Haapala aðstoðaryfirlögregluþjónn sagði á blaðamannafundi í gær. Auvinen gerði einnig tilraun til að kveikja í skólanum með því að skvetta eldfimum vökva á gólf og veggi en tókst ekki það ætlunarverk sitt.

Happala lýsti Auvinen sem „einfara“ sem hefði verið strítt af öðrum nemendum. Ástæða skotárásarinnar var enn óljós að sögn Happala „en skýringuna er aðallega að finna í skrifum hans á netinu og félagslegri hegðun hans“.

Lögreglan hefur verið gagnrýnd fyrir það hve langur tími leið frá því að tilkynning barst um árásina þar til Auvinon fannst. Lögregluyfirvöld vísa þeirri gagnrýni á bug og segja nauðsynlegt hafa verið að koma börnunum burt úr skólanum sem fyrst.

sdg@frettabladid.is

## HRÆDD UM AÐ BYSSUMAÐURINN KÆMI




„Krakkarnir virtust róast þegar leið á daginn en við kennararnir erum náttúrlega varla byrjuð að vinna úr þessu ennþá,“ segir Gunnþóra Hafsteinsdóttir, sem kennir í grunnskóla skammt frá Jokele-miðskólanum. Áfallahjálp var í boði í öllum skólum í Tuusula í gær og fengu kennarar stuðning þegar börnin voru farin að spyrja erfiðra spurninga að sögn Gunnþóru. „Það var eiginlega ómögulegt að útskýra þetta fyrir þeim yngstu, sérstaklega þegar maður skilur þetta ekki sjálfur.“ Gunnþóra segir þau allra yngstu ekki hafa skilið að byssumaðurinn væri dáinn og að þau hefðu verið hrædd um að hann kæmi í skólann þeirra.

Gunnþóra segir fréttir af mikilli byssueign í Finnlandi hafa verið blásnar upp. „Þetta eru aðallega haglabyssur sem eru notaðar í veiðar, handvopnaeign hér er afar lítil. Og það er alls ekki auðvelt að kaupa vopn. Það þarf til dæmis að hafa verið í skotveiðifélagi í hálft ár til að fá að kaupa skotvopn.“

Spurð hvernig almenn umræða sé í kjölfar árásarinnar segir Gunnþóra hana einkennast af mikilli sorg. „Reiðin er ekki komin ennþá en hún á ábyggilega eftir að koma.“



Sex mánaða fangelsisdómur:

## Sló mann með flösku í andlit

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest sex mánaða fangelsisdóm yfir rúmlega þrítugum manni sem sló annan mann með glerflösku í andlitið í apríl í fyrra. Flaskan brotnaði og maðurinn hlaut tvö djúp skurðsár á andliti. Árásin átti sér stað fyrir utan Hressingarskálann í Austurstræti.**

**Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að árásarmaðurinn ætti sér engar málsbætur og staðfesti úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur. Hann var látinn greiða um 900.000 krónur í skaðabætur, málsvarnarkostnað og áfrýjunarkostnað.** - sþs

Ný nefnd um hvernig styrkja megi ímynd Íslands var skipuð af ráðherra í gær:

# Sérkennin eru náttúra og þjóð

**LANDKYNNING** „Við verðum að spyrja okkur, hver eru sérkenni Íslands í dag og hver viljum við að þau séu til framtíðar?“ segir Svafa Grönfeldt, formaður nefndar um ímynd Íslands sem forsætisráðherra skipaði í gær.

„Öll samskipti okkar við aðrar þjóðir varpa ákveðinni ímynd,“ segir Svafa. „Helstu áhrifavaldarnir eru þjóðin og svo landið og náttúran. Í hvert sinn sem einhver hittir Íslending, heimsækir landið eða kaupir íslenska tónlist hefur það áhrif á ímyndina.“

Nefndin hefur nú þegar fundað einu sinni og mun hún ráðfæra sig við fólk úr atvinnu- og menningarlífinu.

„Við viljum fá innlegg frá sem breiðustum hópi á ýmsum aldri og frá ýmsum atvinnugreinum og menningarlífi,“ segir Svafa og hvetur fólk til að leggja fram hugmyndir.

Svafa segir að mikilvægt sé að greina hverjir styrkleikar Íslands séu. „Við getum varpað upp einhverri ímynd, en ef hún á sér ekki stoð í raunveruleikanum mun hún aldrei vera sönn,“ segir Svafa.

Nefndin mun skila tillögum til forsætisráðherra í síðasta lagi 1. mars á næsta ári. - sgj



**Á GÓÐRI STUNDU Í FALLEGU UMHVERFI** Þjóðin, landið og náttúran eru helstu áhrifaþættir á ímynd Íslands, að sögn Svöfu Grönfeldt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Markaðsráð Þingeyinga:

## Fagnar nýrri þjónustu við Dimmuborgir

**NÁTTÚRA** Markaðsráð Þingeyinga fagnar því að koma eigi upp þjónustu við Dimmuborgir í formi upplýsingagjafar, fræðslu og snyrtiaðstöðu. Aðstöðuleysið hafi valdið þar vandræðum og Landgræðslan eigi þakkir skildar fyrir að byggja upp þjónustu í Dimmuborgum, segir í ályktun.

Komi hið opinbera ekki með fjármagn til að leysa þessi aðkallandi þjónustumál styður Markaðsráð Þingeyinga að Landgræðslan hafi umsjón með Dimmuborgum, sem kostuð verði af greiðslum ferðamanna sem þangað leita eftir þjónustu og aðgangi að svæðinu. - sþs

Frumvarp þingmanna VG:

## Ríkið selji ekki hlut í hitaveitu

**ALÞINGI Fjórir þingmenn Vinstri grænna leggja til að heimild til að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar verði felld út af fjárlögum. Frumvarp þessa efnis hefur verið lagt fram á Alþingi.**

**Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að hitaveitan eigi meðal annars vatnsréttindi í Deildartungu. Þar sé einn vatnsmesti hver heims, Deildartunguhver.**

**„Æ fleiri stuðningsmönnum einkavæðingar og sölu almenningsveitna og orkulinda landsmanna hefur snúist hugur og leggjast nú á sveif með Vinstri grænum um þjóðareign á náttúruauðlindum,“ segir í greinargerðinni.** - bj

Friðrik Þór Friðriksson:

## Ríkið ekki kallað ennþá

**MENNING** „Ríkið hefur ekki leitað til mín ennþá,“ segir Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndaleikstjóri, sem í apríl féllst á að gerast sérstakur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í kvikmyndamálum.



**FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON**

Spurður hvað þetta starf muni fela í sér segir Friðrik: „Það geta komið upp mál eins og þegar Miramax kom hingað og vildi byggja kvikmyndaver, þá þurfa þeir að taka á þeim málum og þá hafa þeir aðgang að mér.“ Friðrik telur alls óvíst að hann verði nokkurn tíma kallaður til. - kóþ

**BANDARÍKIN**

### Rándýr súkkulaðibúðingur

Veitingastaður á Manhattan-eyju í New York hefur hafið sölu á dýrasta búðingi heims. Yfir búðing úr sjaldgæfustu kakótegundum heims er sáldrað ætu gulldufti. Búðingurinn er svo borðaður með demantsskeið. Ein skál kostar um 750 þúsund krónur.





# Helgartilboð til Færeyja í vetur

frá krónum **28.520,-** Flug og gisting frá föstudegi til mánudags

Tilboðið gildir frá 26. okt. 2007 – 31. mar. 2008.
Verð með sköttum.



**Hotel Føroyar** ****

krónur 36.167,-

Gisting í tveggjamanna herbergi m / morgunmat.
Verð pr. per.



**Farfuglaheimilið Kerjalon**

krónur 28.520,-

Gisting í tveggjamanna herbergi uppábúið án / morgunmat. Verð pr. per.



**Hotel Tórshavn** ***

krónur 34.270,-

Gisting í tveggjamanna herbergi m / morgunmat.
Verð pr. per.

ATLANTIC AIRWAYS

sími: 482 2426 . davidsam@eyjar.is . www.faereyjaferdir.is


Fokker-flugvélin sem nauðlenti á Egilsstöðum:

# Vélin komin í loftið

**FLUG** Fokker 50-flugvélin sem nauðlenti á Egilsstaðaflugvelli á þriðjudagskvöld fór í farþegaflug frá Reykjavík til Egilsstaða í gær. Þetta er fyrsta flugið sem vélin fer í síðan slysið varð.

Olíuþrýstingur í öðrum hreyfli vélarinnar, sem flýgur fyrir Flugfélag Íslands, gaf sig á þriðjudaginn með þeim afleiðingum að nauðlenda þurfti vélinni. Að sögn Árna Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Flugfélags Íslands, er nú búið að skipta um búnaðinn sem bilaði. Rannsóknarnefnd flugslysa rannsakar slysið, sem flokkast undir alvarlegt flugatvik. **- sþs**



**VÉLIN SKOÐUÐ** Rannsóknarnefnd flugslysa rannsakar atvikið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÖGMENN Í FARARBRODDI** Lögfræðingar og dómarar hafa verið áberandi í andófi gegn Musharraf forseta á þessu ári, og hafa tekið forystuna í mótmælunum gegn neyðarlögum forsetans nú í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bhutto vill afsögn strax

## Musharraf lýsir því yfir að kosningar verði haldnar í febrúar. Bhutto vill að hann segi strax af sér sem yfirmaður hersins og haldi kosningar á réttum tíma.

**PAKISTAN, AP** Pervez Musharraf, forseti Pakistans, fullyrti í gær að þingkosningar yrðu haldnar um miðjan febrúar, eða aðeins mánuði síðar en áætlað var. Benazir Bhutto, leiðtogi stærsta stjórnarandstöðuflokksins, segir að Musharraf verði að segja af sér sem yfirmaður hersins ekki síðar en í næstu viku.

Bandaríkin hafa beitt Musharraf þrýstingi um að aflétta neyðarástandi, fresta ekki kosningum og segja af sér sem yfirmaður hersins. Meðal annars hringdi George W. Bush Bandaríkjaforseti í Musharraf í gær, og lýsti síðar um daginn yfir ánægju sinni með að tímasetning væri komin á kosningarnar.

Musharraf, sem klæddist borgaralegum fötum í staðinn fyrir herforingjabúninginn sem hann er vanur að bera, ítrekaði í gær fyrri loforð sín um að hann myndi segja af sér sem yfirmaður hersins um leið og hæstiréttur landsins hefði staðfest að hann væri réttkjörinn forseti landsins í eitt kjörtímabil enn.

Bhutto, sem er fyrrverandi forsætisráðherra, gaf þó lítið fyrir þessar yfirlýsingar. Hún krefst þess einnig að hundruð lögmanna, dómara og annarra sem mótmælt hafa Musharraf, verði látnir lausir.

Musharraf nam á laugardaginn stjórnarskrá landsins úr gildi og rak jafnframt flesta dómara í hæstarétti landsins. Lögfræðingar og dómarar víða um land brugðust ókvæða við og hafa efnt til mótmæla gegn stjórninni við ýmis tækifæri.

Enn á ný kom til átaka í gær milli lögreglu og lögfræðinga, sem hafa verið í fararbroddi andófsins gegn Musharraf. **gudsteinn@frettabladid.is**





JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

**Skráðu þig í Bókaklúbba Eymundsson**

Fáðu allar skemmtilegustu bækurnar sendar beint heim til þín. Félagar okkar fá 15% afslátt af öllum bókum og 10% af öðrum vörum. Hægt er að skipta bókunum ef svo ber undir. Skráðu þig á **www.eymundsson.is**, á **bokaklubbar@eymundsson.is** eða í síma 540 2121.

eymundsson.is

**Eymundsson**
Bóksali frá 1872



**Ljóskastarar**
**mikið úrval – gott verð**



Verð kr. **3.495,-**

Verð kr. **2.495,-**

Verð aðeins kr. **1.495,-**

Opið
mán.-fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?

www.murbudin.is | Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is

Frumvarp níu þingmanna:

## Vilja banna kaup á vændi

**ALÞINGI** Fjórir þingmenn Vinstri grænna, fjórir þingmenn Samfylkingar og Siv Friðleifsdóttir úr Framsóknarflokki hafa lagt fram frumvarp á Alþingi um að kaup á vændi verði gerði refsiverð. Refsing fyrir athæfið verði sektir eða fangelsi allt að einu ári.

Frumvarpið byggir á „sænsku leiðinni“, en með því er ætlunin að sporna gegn eftirspurn eftir vændi með því að gera kaup á vændi refsiverð. Þingmennirnir níu benda á að könnun Capacent Gallup í mars hafi leitt í ljós að sjötíu prósent landsmanna væru hlynnt eða mjög hlynnt sænsku leiðinni. - sgj

Í fjárlögum er gert ráð fyrir fimm milljóna króna aukafjárveitingu til Þjóðskrár:

# Gera tilraun með ríkisnetföng

**NEYTENDUR** Gera á tilraun með sérstök ríkisnetföng sem auðvelda eiga samskipti borgaranna við hið opinbera hjá Þjóðskrá á næsta ári. Lagt er til í fjárlögum ársins 2008 að fimm milljónir króna verði lagðar til verkefnisins.

„Þetta er bara hugmynd, og tilraunin verður gerð til að kanna hvort það sé eitthvað vit í þessu,“ segir Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár.

Hugmyndin er sú að hver einstaklingur geti fengið úthlutað einu föstu netfangi sem hann geti notað til að eiga örugg samskipti við opinbera aðila, segir Skúli. Einnig myndu opinberir aðilar og fyrirtæki fá slík netföng. Ríkisnetföngin myndu þannig virka eins og nokkurs konar heimilisfang viðkomandi í netheimum, og vera bundin við persónu viðkomandi með svipuðum hætti og kennitalan. Netföngin yrðu sýnileg og aðgengileg til að auðvelda samskipti.

„Þetta er bara tilraun sem menn voru að biðja um peninga fyrir,“ segir Skúli.

Hann segir lítið hægt að ræða framtíð verkefnisins fyrr en ljóst verði hvort Þjóðskráin fái þær fimm milljónir króna sem lagt er til að renni til verkefnisins á fjárlögum. - bj



**ÞJÓÐSKRÁ** Ríkisnetföng myndu gera borgurunum kleift að eiga örugg samskipti við ríkisstofnanir í gegnum netið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Áhugamenn um sjónvarp:

## Ræddu Kína við forsetann

**UTANRÍKISMÁL Á heimasíðu forseta Íslands segir að forsetinn hafi fundað með áhugaaðilum um sjónvarpsrekstur þar sem rætt var um nýlega ferð forseta til Kína.**



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON FORSETI**

**Örnólfur Thorsson, forsetaritari, segist ekki geta gefið upp hverjir áhugaaðilarnir eru. Þá segir hann forseta eiga fundi með ýmsum aðilum um viðskiptatækifæri erlendis.**

**„Á heimasíðunni gerum við grein fyrir fjölmörgum fundum forseta og öðrum atburðum sem hann tekur þátt í. Rétt er þó að taka fram að forseti á einnig fjölmarga fundi með einstaklingum, sem ekki er gerð grein fyrir á heimasíðunni.“**

**Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fór nýlega til Kína þar sem hann kynnti sér viðskipti milli ríkjanna og ræddi við forseta landsins.** - eb



**ÁRNI FRIÐRIKSSON** Aðalmarkmið leiðangursins er að leita að loðnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hafrannsóknastofnunin:

## Loðnuleit við Ísland hafin

**UMHVERFISMÁL** Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson er lagt af stað í loðnu- og sjórannsóknaleiðangur. Aðalmarkmið leiðangursins eru að leita ungloðnu og einnig kynþroska loðnu sem verður uppistaða veiða árið 2008.

Rannsóknasvæðið spannar allt frá Vesturlandi að Norðausturlandi auk djúpmiða á Grænlandssundi og Íslandshafi. Jafnframt verður ársfjórðungslegum sjórannsóknum vestur og norður af landinu sinnt. Gert er ráð fyrir að leiðangurinn standi yfir í allt að einn mánuð. - shá

**OLÍUSAMRÁÐIÐ**

### Enn deilt um matsmenn

Mál Olís, Skeljungs og Kers gegn ríkinu var tekið fyrir í héraðsdómi í gær. Olíufélögin vilja hnekkja úrskurði um sektir. Til stendur að skipa matsmenn til að meta ávinning olíufélaganna af samráði. Ekki náðist samkomulag um hverjir yrðu matsmenn, og verður málið tekið fyrir á ný eftir helgi.




# BÓNUS HELGARTILBOÐ - NÝTT G




Bónus ferskir kjúklingaleggir 349 kr/kg.
*Merkt verð 499 kr/kg.* **30% afsláttur.**




Bónus fersk kjúklingalæri 349 kr/kg.
*Merkt verð 499 kr/kg.* **30% afsláttur.**




Ali ferskur svínahnakki **40% afsláttur**
959 kr/kg. *Merkt verð 1599 kr/kg.*




Polarbrauð **6 kökur** í poka 139 kr.






Bónus **ferskt** nautahakk 699 kr/kg.




Bónus smyrill 300g Aðeins 69 kr.




McCain franskar kartöflur. Tvær teg. **1 kg** 198 kr.




MH smjörlíki 500g 79 kr.




Kraftsvampur
Blindravinnustof
*Vinnur á erfiðustu b*
*ómissandi á hvert h*
**259 kr. stk**




GK suðusúkkulaði 300g 198 kr.




Nautaat frosnir hamborgarar
10 x 120g (1200g) 898 kr. *Merkt verð 1198 kr .*

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

**AFGREIÐSLUTÍMI** FÖSTUDAG: 10.00 TIL 19.30

# GREIÐSLUKORTATÍMABIL BÓNUS




Bónus ferskar kjúklingabringur 1399 kr/kg.
*Merkt verð 1999 kr/kg.* **30% afsláttur.**




Bónus **ferskir** blandaðir kjúklingabitar
292 kr/kg. **35% afsláttur** *Merkt verð 449 kr/kg.*









Freschetta RISA XXL-pizza **760g** 399 kr.stk.




frá
funni.
*plettum,*
*heimili.*




Weetos 375g 249 kr. pakkinn.




Trópí appelsínusafi **1 ltr.** 98 kr.




Egils Kristall lime **2 ltr.** 95 kr.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

*HEIMASÍÐA BÓNUS ER:* **BONUS.IS** *AÐALSÍMI BÓNUS:* **588 8699**

BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### En ekki hver

**„Og Bragi. Bragi er bara Bragi. Það jafnast enginn á við Braga þegar sá gállinn er á honum.“**

PÉTUR BLÖNDAL UM BRAGA KRISTJÓNSSON BÓKSALA.
**Morgunblaðið 8. nóvember.**

### Úr öskunni í eldinn

**„Ég hef unnið hér í um 25 ár og séð almennan sóðaskap og þrifum á götunum fara hnignandi.“**

MAGNÚS ÖRN ÓSKARSSON REIÐHJÓLAVIÐGERÐAMAÐUR, SEM HEFUR VART UNDAN VIÐ AÐ SKIPTA UM SPRUNGIN DEKK Á BARNAVÖGNUM.
**Fréttablaðið 8. nóvember.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÍÐUR EYRÚN FRIÐRIKSDÓTTIR, SÖNG- OG LEIKKONA

# *Kyrjar í kór með Tom Waits og Jesú*



Það er í nógu að snúast hjá Sigríði Eyrúnu Friðriksdóttur, söng- og leikkonu, sem hleypur í skarðið fyrir Kristjönu Skúladóttur í söngleiknum Gretti í Borgarleikhúsinu. Sigríður kom fram í sinni fyrstu sýningu í gærkvöldi og var á sinni síðustu æfingu þegar Fréttablaðið truflaði hana. „Ég fékk viku til að undirbúa mig og ég held að ég sé búin að ná tökum á þessu. Kann alla texta og svona en það er ekki laust við að það sé smá skrekkur í manni.“

Auk þess að syngja í Gretti er Sigríður Eyrún í óðaönn við undirbúning á tónleikum til heiðurs Tom Waits síðar í þessum mánuði og við æfingar á söngleiknum Jesus Christ Superstar, sem fer á fjalirnar í lok desember. „Þetta eru seinni Tom Waits-tónleikarnir. Við héldum þá fyrri í september og þeir lukkuðust svo vel að við komumst eiginlega ekki hjá því að halda aðra. Svo syng ég í kórnum í Jesus Christ Superstar en söngleikurinn verður frumsýndur milli jóla og nýárs.“

Sigríður flutti í nýja íbúð fyrir skömmu en er sem betur fer búin að koma sér fyrir. „Ég er eiginlega að syngja og tala inn á teiknimyndir alla daga og veit ekki hvar ég ætti að finna tíma til að gera eitthvað annað.“ Sigríður segir að það sé þó nauðsynlegt að fara ekki offari og hlífa röddinni. „Ég passa mig til dæmis á að vera ekki of mikið á barnum eða tala mjög hátt,“ segir hún og hlær.

## TUUSULA



FINNINN SEM MYRTI SKÓLAFÉLAGA OG REKTOR.

Tuusula er sveitarfélag í útjaðri höfuðborgar Finnlands, Helsinki. Um 35 þúsund búa í bænum. Tuusula er fámennt og rólegt sveitasamfélag með litlum þéttbýliskjörnum en þó öflugum iðnaði vegna nálægðarinnar við alþjóðaflugvöllinn. Í fréttaflutningi af unga manninum sem skaut nemendur, rektor og hjúkrunarfræðing í Jokela-menntaskólanum hefur ekki komið fram hver munurinn er á Tuusula og Jokela. Til útskýringar má segja að Jokela sé þéttbýliskjarni í sveitarfélaginu Tuusula. Í Jokela er járnbrautarstöð sveitarfélagsins.

## SJÓNARHÓLL
UMGENGNI Í MIÐBÆNUM

# *Gott að sóðar séu sektaðir*



ÓMAR EYÞÓRSSON, ÞÁTTASTJÓRNANDI

„Umgengnin fer snarversnandi í miðbænum, það er alveg rétt hjá þessu ágæta fólki,“ segir Ómar Eyþórsson útvarpsmaður um frásögn þeirra Magnúsar Arnar Óskarssonar í Borgarhjólum á Hverfisgötu og Sigríðar Arngrímsdóttur í Vörðunni á Grettisgötu. Þau hafa starfað í fyrirtækjunum í tugi ára en muna ekki eftir öðrum eins sóðaskap og nú er í bænum. Sérstaklega eru þau leið yfir þeim vandræðum sem barnafólk lendir í vegna glerbrota á götunum en þau hafa í miklu að snúast vegna þesss hve títt springur á dekkjum barnavagna. „Ég er nú orðinn svo gamall í hettunni að mér stendur hreint ekki á sama í miðbænum eftir klukkan þrjú um helgar. Ástandið við Sólon og Prikið verður líkast því sem maður ímyndar sér að hafi verið í Beirút þegar verst var. Mér finnst frábært mál að fólk sé sektað fyrir sóðaskap og fyrir að míga út á götu. Sérstaklega hafði ég gaman af fréttum um að einhver stelpuskjáta hafi sagt að hún hefði ekki vitað að það mætti ekki henda drasli í miðbænum. Það þarf að gera gangskör í því að kenna fólki að bera virðingu fyrir miðbænum. Þetta er ekki kræsilegt fyrir barnafólk.“


HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS



**Hver á Norðurpólinn?**

Málstofa um réttarstöðu Norður-Íshafsins
Þjóðmenningarhúsinu
föstudaginn 9. nóvember kl. 11-14.

Dagskrá:
11.00 Ávarp Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra.
11.15 Ron Macnab, meðlimur Norðurskautsnefndar Kanada:
The Central Arctic Ocean
- Shrinking Ice and Expanding Jurisdiction.
11.45 Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar:
Fiskveiðar á norðurslóð við breyttar aðstæður.
12.15 Veitingar í boði Hafréttarstofnunar Íslands.
13.00 Douglas Brubaker, Fridtjof Nansen-stofnuninni:
The Northern Sea Routes - Legal Considerations.
13.30 Pallborðsumræður og fyrirspurnir.
Þátttakandi ásamt frummælendum: Trausti Valsson, prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands.
14.00 Slit.

Málstofustjóri: Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

Málstofan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir.




**MARKAÐSMAÐUR ÁRSINS** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitti Andra Má Ingólfssyni, eiganda Heimsferða, verðlaunin.

# Andri Már Ingólfsson er markaðsmaður ársins

**Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Landsbankanum og Andra Má Ingólfssyni, eiganda Heimsferða, markaðsverðlaun ÍMARK. Þetta er í sautjánda sinn sem verðlaunin eru veitt.**



**GREINT FRÁ ÚRSLITUM** Ingólfur Guðmundsson greindi frá vali ÍMARK á markaðsmanni ársins og færði dómnefndarinnar fyrir valinu.

Reyndir stjórnendur úr atvinnulífinu auk þeirra sem áður hafa hlotið nafnbótina markaðsmaður ársins tóku þátt í að velja nýjan sigurvegara og tilkynnti Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum um valið. Í umsögn um Andra Má segir meðal annars: „Andri Már hefur með ráðdeild, dugnaði og útsjónarsemi náð að byggja upp öflugt fyrirtæki með markaðsleiðandi stöðu á hörðum samkeppnismarkaði á Norðurlöndunum og Írlandi“.

Í ræðu Ingólfs kom fram að í mars 1992 hafi Andri Már stofnað ferðaskrifsofuna Heimsferðir, sem hafi haft frumkvæði á að bjóða Íslendingum nýja áfangastaði í leiguflugi. Velta félagsins hafi margfaldast undanfarin ár og reksturinn ávallt skilað arðsemi. Félgið hefur keypt ferðastofur á Norðurlöndum og á Írlandi. Áætlað er að sala Primera Travel Group, móðurfélagsins, verði yfir 600 milljón evrur á næsta ári, þar af komi um níu prósent tekna félagsins frá Íslandi.

Um 140 gestir voru viðstaddir verðlaunaafhendinguna, sem fór fram í hádeginu í gær á Hilton Reykjavík Nordica. Aðspurður sagði Andri kunna vel að meta viðurkenninguna og vera stoltur yfir nafnbótinni.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin og Gunnar Már Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Icelandair, var sérstakur ræðumaður dagsins.

eva@frettabladid.is

Skoðanakönnun um fáránlegustu lögin í Bretlandi:

# Bannað að deyja í þinghúsinu



**LÁVARÐADEILD BRESKA ÞINGSINS** Eins gott að enginn deyi úr leiðindum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í Bretlandi er bannað með lögum að deyja í þinghúsinu í London. Þessi lög þykja þau fáránlegustu þar í landi samkvæmt skoðanakönnun sem bresk sjónvarpsstöð lét gera. Frá þessu er skýrt á fréttavef BBC.

Lög um að ekki megi senda póst með frímerki á hvolfi lentu í öðru sæti yfir fáránlegustu lög Bretlands. Í þriðja sæti voru lög um að konur megi vera berar að ofan á almannafæri í Liverpool, en því aðeins að þær vinni við afgreiðsluborð í gullfiskabúð.

Af öðrum lögum sem lentu á topp tíu listanum má nefna að í Skotlandi er skylda að hleypa fólki inn til að nota klósettið, og í Bretlandi öllu hafa óléttar konur fullt leyfi til að pissa hvar sem er – meira að segja í lögregluhjálma.

Þá mun vera leyfilegt að drepa Skota í borginni York, en þó aðeins ef Skotinn er svo ógætinn að vera með boga og örvar.

Ýmis fáránleg lög frá öðrum löndum voru einnig nefnd í skoðanakönnuninni, þar á meðal lög um að karlmönnum sé bannað að pissa standandi eftir klukkan tíu að kvöldi í Sviss.

Í Florida í Bandaríkjunum mega giftar konur ekki stunda fallhlífarstökk á sunnudögum og í Ohio er bannað að gera fiska ölvaða. Þá er ólöglegt að aka bifreið með bundið fyrir augun í Alabama.

Einnig má nefna að í Indónesíu liggur dauðarefsing við því að fróa sér, en í Frakklandi er bannað að gefa svínum nafnið Napóleon.

- gb

## INGVAR HELGASON NOTAÐIR BÍLAR

- 100% fjármögnun
- Ókeypis dekk
- 1. greiðsla í feb.



35.500 á mánuði*

**-360.000!**

### Hyundai **Tucson**

**Ekinn 18 þús. Nýskr. 06/06. Bensín.**
Verð áður: 2.550.000 kr.

**2006**
Beinskiptur

**Nú: 2.190.000 kr.**

# HÆTTU AÐ LEITA!

## Hrikaleg verðlækkun á fjölda bíla

**2 DAGAR EFTIR**

**Enn er tækifæri til að gera frábær kaup. Komdu strax í dag!**

Leitinni að notaða bílnum lýkur hjá Ingvari Helgasyni. Fram á laugardag finnurðu hjá okkur frábært úrval notaðra bíla sem ALLIR eru á tilboðsverði! Við bjóðum hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á og raunverulega verðlækkun sem ekki býðst annars staðar.

**Einfaldlega góðir bílar á hlægilegu verði!**



17.800 á mánuði*
**-300.000!**

### Volkswagen **Golf**

**Ekinn 46 þús. Nýskr. 03/05. Bensín.**
Verð áður: 1.390.000 kr.

**2005** Beinskiptur — **Nú: 1.090.000 kr.**



12.600 á mánuði*
**-500.000!**

### Citroën **C5** Break

**Ekinn 121 þús. Nýskr. 04/02. Bensín.**
Verð áður: 1.090.000 kr.

**2002** Sjálfskiptur — **Nú: 590.000 kr.**



13.000 á mánuði*
**-390.000!**

### Suzuki **Ignis**

**Ekinn 59 þús. Nýskr. 11/04. Bensín.**
Verð áður: 1.050.000 kr.

**2004** Beinskiptur — **Nú: 660.000 kr.**



45.900 á mánuði*
**-610.000!**

### Nissan **Pathfinder**

**Ekinn 33 þús. Nýskr. 02/06. Dísel.**
Verð áður: 3.760.000 kr.

**2006** Beinskiptur — **Nú: 3.150.000 kr.**

*Miðað við bílasamning og 100% lán.

Með fyrirvara um innsláttarvillur.

## FYRSTA GREIÐSLAN EFTIR ÞRJÁ MÁNUÐI!

Að sjálfsögðu standa þér til boða hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á í dag. Allir bílar fást á 100% láni en auk þess kemur lánið ekki til afborgunar fyrr en að þremur mánuðum liðnum! Sölumenn á staðnum veita þér allar nánari upplýsingar og ganga frá lánsloforði og kaupsamningi fljótt og örugglega.

**INGVAR HELGASON**
Sævarhöfða 2 Reykjavík | Óseyri 5 Akureyri | Holtsgötu 52 Reykjanesbæ | Sími 525 8000 | www.ih.is
Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

IH
INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM30713

## Svona erum við

> Útflutningur á þorski í tonnum.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** RANNSÓKN Á FRAMFERÐI BRESKU LÖGREGLUNNAR 22. JÚLÍ 2005

## *Fjöldamörg mistök kostuðu de Menezes lífið*

Í gær skilaði óháð rannsóknarnefnd í Bretlandi frá sér skýrslu um vinnubrögð lögreglunnar í London þegar Brasilíumaðurinn Jean Charles de Menezes var skotinn til bana alsaklaus á lestarstöð í júlí 2005.

**Hvað gerðist?**
Snemma morguns hinn 22. júlí árið 2005 biðu óeinkennisklæddir lögreglumenn fyrir utan íbúðarhús í London eftir að grunaður hryðjuverkamaður kæmi út. Þegar de Menezes kom út úr húsinu, þar sem hann bjó, héldu þeir að hann væri sá grunaði, eltu hann langa leið í strætisvögnum um borgina þangað til hann fór niður í Stockwell-jarðlestarstöðina og steig þar um borð í lest. Þar bættust vopnaðir sérsveitarmenn í hópinn og tveir þeirra skutu de Menezes sjö skotum af stuttu færi.

**Hvað fór úrskeiðis?**
Rannsóknarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að fjölmargt hafi farið úrskeiðis hjá lögreglunni þennan dag. Meðal annars brugðust boðskipti þannig að efasemdir tveggja óeinkennisklæddra lögreglumanna um að de Menezes væri sá grunaði komust ekki til skila til sérsveitarmannanna. Nefndin fullyrðir að de Menezes hafi ekki gert neitt sem hefði átt að vekja grunsemdir lögreglunnar. Hann hljóp niður í lestarstöðina, ekki til að flýja undan lögreglunni heldur af því hann heyrði að lest var að koma. Hann stóð snöggt upp þegar sérsveitarmennirnir ruddust inn í vagninn, en það gerðu líka hinir farþegarnir. Sautján vitnum ber saman um að hann hafi enga viðvörun fengið áður en hann var skotinn.



**Hverjar verða afleiðingarnar?**
Stjórnarandstaðan hefur krafist þess að Ian Blair lögreglustjóri segi af sér. Hann neitar því og hefur stuðning ríkisstjórnarinnar. Rannsóknarmenn fóru fram á að sérsveitarmennirnir tveir, sem hleyptu af, yrðu ákærðir en saksóknaraembættið í London féllst ekki á það. Lögreglan í London var í síðustu viku dæmd til að greiða sektir fyrir að hafa stofnað öryggi almennings í hættu.

# Breyttar áherzlur í utanríkismálum

**Lýðveldið Ísland er „öflugt smærra ríki“ í alþjóðasamfélaginu. Þessu lýsti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra yfir er hún tók saman aðalatriði skýrslu sinnar um utanríkismál sem hún flutti Alþingi í gær.**

„Það er dýrmætt að ógna engum, geta gengið fram óbundin af annarlegum hagsmunum, vera þekkt fyrir að standa með alþjóðalögum í hvívetna og eiga viðskipti á heiðarlegum grunni,“ sagði Ingibjörg í lok skýrslu sinnar, sem var sú fyrsta um framkvæmd utanríkisstefnu Íslands sem hún flutti á Alþingi frá því hún tók við embætti í vor. Í ræðunni boðaði Ingibjörg ýmsar áherzlubreytingar. Hún tók fram að hún myndi í janúar flytja Alþingi sérstaka ræðu um Evrópumál og fjallaði hún því ekkert um þau nú.

Hún sagði að þessa fyrstu mánuði sína í embætti hafi öryggis- og varnarmál borið hæst „enda ærið verkefni að leiða til lykta yfirtöku Íslands á eigin öryggi og vörnum“. Þar hafi „því miður verið ýmsir lausir endar sem hnýta þurfti“.

**NATO-vottun þingnefndar**
Meðal nýjunga sem Ingibjörg vakti athygli á í ræðunni var að hún hefði gengizt fyrir því að alþingismönnum sem sæti eiga í utanríkismálanefnd yrði, í krafti starfs síns í nefndinni, veitt öryggisvottun NATO. „Vegna þessa hefur utanríkismálanefnd nú fengið aðgang að fundargerð NATO-ráðsins frá 4. október 2001 og geta nefndarmenn því gengið úr skugga um það, eins og ég hef þegar gert sjálf, að NATO veitti ekki heimildir til fangaflugs, leynifangelsa eða pyntinga eins og látið hefur verið í veðri vaka í umræðunni,“ sagði ráðherrann.

**Norðurslóðir nýtt forgangsmál**
Þá sagði ráðherra norðurslóðir vera nýtt kjarnamál í íslenzkri utanríkisstefnu. „Á norðurslóðum eru miklir hagsmunir í húfi eins og við vitum öll og öryggi á Norður-Atlantshafinu er tvímælalaust eitt mest áríðandi öryggismál Íslands.“ Ísland muni beita sér fyrir mótun nauðsynlegra leikreglna á norðurslóðum. Þar verði alþjóðalög að vega þyngra en hnefaréttur.

Í þessu sambandi vakti Ingibjörg enn fremur athygli á að Bandaríkin séu nú nær því að gerast aðilar að hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna en nokkru sinni áður frá samþykkt hans árið 1982.

**Mannréttindi í öndvegi**
Mannréttindi eiga að vera óaðskiljanlegur þáttur í utanríkisstefnu Íslands og „samofin öllu okkar atferli á alþjóðavettvangi,“ sagði Ingibjörg. Til að staðfesta þetta í starfi utanríkisþjónustunnar hafi hún skipað starfshóp sem muni í næsta mánuði skila til sín tillögu að heildstæðri aðgerðaáætlun á sviði mannúðar-, friðar- og þróunarsamvinnumála. Markmiðið sé að mannréttindasjónarmið verki svikalaust á þróunarsamvinnu, öryggismál, friðargæzlu og viðskiptasamninga.

Ingibjörg boðaði stofnun landsnefndar um mannúðarlög, sem hafa skyldi það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi túlkun og framkvæmd alþjóðlegra mannúðarlaga og breiða út þekkingu á þeim.

Hún áréttaði þá afstöðu ríkisstjórnarinnar að baráttuna gegn hryðjuverkum megi aldrei heyja á kostnað mannréttinda og að virða skyldi alþjóðlegar mannúðar- og mannréttindareglur skilyrðislaust í þeirri baráttu.

**Þróunarsamvinna endurskoðuð**
Um þróunarmál sagði Ingibjörg að í sumar hefði farið fram mikil vinna á vegum ráðuneytisins við að móta nýja rammalöggjöf um alþjóðlegt starf Íslands gagnvart þróunarríkjum. Til grundvallar þeirri vinnu liggi svonefnd Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna, en það eru átta skilgreind markmið sem samtökin vilja ná fyrir árið 2015. Þau miða að því að bæta hag íbúa þróunarríkja með því að útrýma fátækt og hungri, bæta heilsufar, vinna að jafnrétti kynjanna, betri menntun og umhverfisvernd og stuðla að hnattrænni samvinnu um þróun.

„Leiðarljós allrar þróunarsamvinnu Íslendinga er og á að vera að styðja þróunarlöndin til sjálfsbjargar í efnahags- og velferðarmálum og þar er ekkert verkefni mikilvægara en menntun og miðlun þekkingar,“ sagði Ingibjörg. Þá sagðist hún leggja sérstaka áherzlu á að málefni kvenna og barna yrðu sett í forgrunn í allri þróunarsamvinnu Íslendinga.

Aukin framlög Íslands til þróunarmála haldist í hendur við þessi markmið. „Sem auðugu ríki ber okkur skylda til að stefna markvisst að því að verða í hópi þeirra ríkja sem mest leggja fram til þróunarmála miðað við verga landsframleiðslu,“ sagði Ingibjörg. Þetta hlutfall verði komið upp í 0,35 prósent á árinu 2009 og eftir það verði áfram unnið að því að nálgast markmiðið um 0,7 prósent af landsframleiðslu, sem SÞ hafa síðan árið 1970 hvatt ríku löndin til að gera.

**Borgaraleg friðargæzla**
Um þátttöku Íslands í friðargæzlu lagði Ingibjörg áherzlu á að Íslenzka friðargæzlan væri borgaraleg starfsemi. „Segja má að í upphafi hafi friðargæzluverkefnin ekki verið nægilega vel skilgreind og réttarstaðan hafi verið óljós,“ sagði Ingibjörg. Úr þessu hafi verið bætt að hluta með nýjum lögum sem samþykkt voru fyrr á þessu ári, þar sem skýrt er kveðið á um borgaralega skilgreiningu á starfssviði Íslenzku friðargæzlunnar. „Þá áherzlu mun ég leitast við að skerpa áfram,“ sagði Ingibjörg.

Framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna lýsti Ingibjörg sem „skrefi til fullnustu sjálfstæðis þjóðarinnar,“ að Ísland væri rétt eins og aðrar þjóðir fullfært um að sitja við það háa borð. Vert væri að hafa í huga í þessu sambandi að fjórutíu af fimmtíu þróunarríkjum Afríku hefðu þegar setið í ráðinu. Ísland keppir við Tyrkland og Austurríki um tvö sæti í ráðinu tímabilið 2009-2010. Úrslitin ráðast á allsherjarþingi SÞ næsta haust.

Framboð Íslands beri einnig að skoða í ljósi breyttra ógna í hnattvæddum heimi. „Friður og öryggi í heiminum er verkefni ráðsins og áherzlumál Íslands í framboðinu eru einnig augljós áherzlumál í nýrri íslenzkri öryggisstefnu, það er loftslagsbreytingar og orkuöryggi, afvopnunarmál, vernd kvenna og barna á ófriðartímum og friðsamleg lausn deilumála,“ sagði Ingibjörg.

**Varnarmál á fjárlögum**
Nú sést liðurinn varnarmál í fyrsta sinn á íslenzkum fjárlögum. „Við skulum líta á varnir sem eðlilegan þátt í sjálfstæði þjóðarinnar og frumskyldu stjórnvalda,“ sagði Ingibjörg, en bætti við að útgjöldum bæri að halda í lágmarki.

Þetta síðasta atriði gerði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, að umtalsefni í andsvari við ræðunni. Reiknaðist honum til að allt í allt mætti telja útgjöld Íslendinga til varnarmála á næsta ári nema um einum og hálfum milljarði króna. Stærstu einstöku liðirnir í þessum útgjöldum eru rekstur Ratsjárstofnunar upp á um 800 milljónir og sá fastakostnaður annar sem nú hefur verið færður í fjárlög upp á 538 milljónir. Hann sagðist líka „velta því fyrir sér hvort það sé gleðiefni að fá NATO-ríki með stríðstól sín að leika sér í íslenzkri lofthelgi,“ og átti þar við boðaða þátttöku NATO-ríkja í loftrýmiseftirliti hérlendis. Eitthvað muni hýsing hinna erlendu flugsveita kosta íslenzka skattgreiðendur og það væntanlega í ofanálag við þennan eina og hálfa milljarð.

Steingrímur sagði líka óviðunandi að enn væri ekki búið að setja á stofn þann þverpólitíska samráðsvettvang um öryggis- og varnarmál sem boðaður hefði verið allt frá síðasta hausti.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

## ÁHERZLUMÁL Í UTANRÍKISMÁLUM

Í ræðu sinni greindi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra frá því að í 168 daga ráðherratíð sinni hefði einkum verið unnið að þessum níu málaflokkum í utanríkisráðuneytinu:

- Öryggis- og varnarmálum
- Endurskoðun þróunarsamvinnu Íslands
- Frumkvæði í málefnum Norðursvæða
- Lofstlagsmálum og málefnum hafsins
- Aðgerðaáætlun um Mið-Austurlönd
- Sókn á erlendum mörkuðum, viðskiptafrelsi og bættum markaðsaðgangi
- Endurskoðun vinnubragða í utanríkisráðuneytinu
- Störfum í þágu friðar með sérstöku tilliti til þess að auka hlut og aðkomu kvenna
- Undirbúningi nýrra verkefna í alþjóðasamfélaginu og ber þar hæst framboð Íslands til öryggisráðs SÞ og aukið hlutverk í stjórn og starfi Alþjóðabankans.



**NÝJAR ÁHERZLUR** Endurskipulögð þróunarsamvinna, norðurslóðir og loftslagsmál eru meðal nýrra áherzlumála sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra boðaði í ræðu sinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



N1

# ÞÚ FÆRÐ VARA-HLUTINA HJÁ OKKUR

Hjá N1 finnur þú landsins mesta úrval af varahlutum, vönduð og þekkt vörumerki, og hefur aðgang að fagfólki sem veitir alla þá aðstoð og ráðgjöf sem þú þarfnast. 3 ára ábyrgð er á öllum varahlutum frá N1.
**N1 – Meira í leiðinni.**

**N1** VERSLANIR

WWW.N1.IS

Fíton/SÍA




# Verið velkomin!

Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt

# OPNUM

kl. 8:00 nýja spennandi verslun í Kauptúni



Ótrúleg opnunartilboð

BYKO

M Í DAG



**Vefurinn:** FitDay

Komdu skipulagi á mataræðið. Skráðu inn hvað þú borðar yfir daginn og FitDay segir þér hvað þú innbyrtir margar hitaeiningar.

www.fitday.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

SKÝRING: NÝTT, OPIÐ OG ÓKEYPIS FARSÍMASTÝRIKERFI FRÁ GOOGLE

## Ætla að leysa farsíma úr fjötrum framleiðenda



Google tilkynnti í vikunni að það hygðist færa út kvíarnar með því að gefa út stýrikerfi fyrir farsíma. Þannig ætlar fyrirtækið, ásamt 33 öðrum sem taka þátt í verkefninu, að fylgja netnotendum eftir þegar þeir færa sig úr tölvunni og yfir í farsímann.

Stýrikerfið, sem heitir Android, verður öllum ókeypis. Það verður enn fremur opið í þeim skilningi að allir geta nálgast kóðann að baki kerfinu og breytt honum að vild. Hugmyndin með því er að gefa almenningi tækifæri á því að skrifa ný forrit fyrir farsíma án þess að þurfa til þess leyfi frá farsímaframleiðendum eða fjarskiptafyrirtækjum.

Fáir áttu von á því að Google myndi hunsa hinn æ vaxandi farsímamarkað, og því kom tilkynningin ekki beint á óvart. Flestir bjuggust þó við að fyrirtækið myndi kynna nýjan síma, líkt og iPhone sem Apple gaf út fyrr á árinu. Í staðinn fyrir gPhone, sem hinn ímyndaði farsími frá Google hefur verið kallaður, fá notendur og fyrirtæki því verkfærin sem þarf til að gera hvaða síma sem er að gPhone-síma.

Að opna dyr farsímabransans verður ekki auðvelt, því hingað til hafa meira og minna öll stýrikerfi fyrir farsíma verið harðlæst. Ástandið er sérstaklega slæmt í Bandaríkjunum, þar sem oft er lokað fyrir grunneiginleika farsíma til þess að fjarskiptafyrirtækin hafi stjórn á því hvernig síminn sé notaður. Til dæmis er lokað fyrir þráðlausa Bluetooth-staðalinn í símum sem eru í áskrift hjá Verizon til að notendur geti ekki flutt hringitóna í símann úr tölvu, heldur þurfi að kaupa þá í gegnum sérstaka verslun Verizon.

Til þess að Android nái útbreiðslu þurfa fjarskiptafyrirtækin að leyfa notendum að keyra stýrikerfið á símum sínum. Ef það hefur í för með sér að þau græði þá minna en áður má búast við því að fyrirtækin verði afar treg til að leyfa þá breytingu.

### Fæstir greiddu fyrir Radiohead-plötuna

Meirihluti aðdáenda Radiohead kýs að greiða ekki fyrir nýjustu plötu sveitarinnar, In Rainbows. Hægt er að hala niður plötunni á vefsíðu hljómsveitarinnar, og fá aðdáendurnir að ráða hversu mikið þeir borga fyrir hana. Samkvæmt rannsókn fyrirtækisins ComScore greiddu sex af hverjum tíu sem náðu í plötuna frá 10. til 29. október heilar núll krónur fyrir hana. Þeir sem keyptu borguðu að meðaltali 350 krónur fyrir hana.

### Facebook auglýsir meira

Í vefsamfélaginu Facebook er nú hægt að birta auglýsingar sem sýna hvaða vöru og þjónustu notendur síðunnar nota og hafa gaman af. Talsmenn vefjarins segja að stór hluti notenda hans segi vinum sínum nú þegar frá vöru og þjónustu sem þeir velja, og því sé breytingin ekki mikil.



**LYKLABORÐ** Þ, æ, ð, og komman eru hægra megin við venjulegu bókstafina, en þar komst ö-ið ekki fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Myndi vilja færa ö-ið neðar á lyklaborðinu

**Flestir notast við lyklaborð á hverjum degi, en fáir vita hvers vegna íslensku stafirnir eru þar sem þeir eru. Jóhann Gunnarsson skýrsluvélafræðingur situr í lyklaborðsnefnd Skýrslutæknifélags Íslands.**

Jóhann Gunnarsson skýrsluvélafræðingur segir að þegar ritvélar hafi fyrst verið fluttar til landsins eftir síðari heimsstyrjöldina hafi staðsetning íslensku táknanna verið eingöngu undir framleiðendum við komandi tegundar komin. Fyrir vikið hafi ekkert samræmi verið á lyklaborðum ritvéla, og því þurfti fólk að læra fingrasetninguna upp á nýtt þegar skipt var um vél.

„Við fórum að vinna í því í samvinnu við IBM árið 1975 að staðla lyklaborðið, og gáfum út fyrstu tillöguna að staðli um það þremur árum síðar," segir Jóhann. „Síðan hefur staðsetning íslensku stafanna lítið breyst."

En hvað olli því að íslensku stafirnir voru settir þar sem þeir eru? „Það var ekki mikið svigrúm til að bæta við stöfum á lyklaborðum á þessum tíma þannig að það má segja að staðan hafi verið þvinguð. Þessi staðsetning var ákveðin á sínum tíma eftir að rætt hafði verið við ritvélarframleiðendur og -notendur."



**JÓHANN GUNNARSSON**

Spurður hverju hann myndi helst vilja breyta á lyklaborðinu ef hann mætti ráða segist hann vilja færa ö-ið neðar. „Það væri æskilegt að ná því niður, það tefur að hafa það þar sem það er. Ég veit samt ekki alveg hvar væri hægt að setja það án þess að breyta öllu öðru."

Jóhann segir endurbætur hafa verið gerðar á lyklaborðsstaðlinum síðan 1978, og verið sé að endurskoða staðalinn núna. Það lúti þó ekki að staðsetningu íslensku stafanna heldur evrutákninu og @-merkinu fyrir Macintosh-notendur svo eitthvað sé nefnt. „Ég reikna ekki með að við munum breyta ö-inu þótt það sé óþægilegt að hafa það þarna uppi."

**salvar@frettabladid.is**

### FYRIR ÁEGGJAN SKRIFSTOFUSTÚLKNA

Sá sem átti upphafið að stöðlun íslenska lyklaborðsins var Jónas Árnason, alþingismaður og rithöfundur, sem lagði fram lagafrumvarp um „samræmingu á leturborðum ritvéla" á 70. löggjafarþingi árið 1950.

Í frumvarpinu segir meðal annars: „Allir þeir, sem eitthvað fást við vélritun að ráði, hafa rekizt á þá erfiðleika, er orsakast af því ósamræmi, sem er í niðurröðun „lykla" á leturborðum þeirra ritvéla sem í notkun eru hér á landi. [...] Frumvarp þetta er flutt fyrir áeggjan nokkrurra ungra skrifstofustúlkna, sem vilja ekki lengur láta við svo búið standa, enda augljóst að hér mætti ráða bót á máli með litlili fyrirhöfn."

Frumvarpið komst ekki í gegnum allsherjarnefnd, en það kom umræðunni um stöðlun á íslenskum lyklaborðum af stað. Í kjölfarið var hafist handa við að staðsetja æ, ö, ð, þ og kommuna.

Geimferjan Discovery lenti heilu og höldnu í Bandaríkjunum á miðvikudag:

# Fimmtán daga geimferð lokið

Geimferjan Discovery lenti heilu og höldnu á Cape Canaveral í Flórída í Bandaríkjunum í fyrradag. Þar með lauk fimmtán daga viðburðaríkri geimferð til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar, ISS, og aftur heim. Ferjan flaug yfir Bandaríkin úr norðvestri og lenti á tæplega fimm kílómetra langri flugbrautinni rétt eftir hádegi á staðartíma.

Tilgangurinn með ferðinni, sem hófst 23. október, var meðal annars að setja upp nýja álmu í geimstöðinni og færa stóra sólarrafhlöðu stöðvarinnar á annan stað. Tilfærslan á rafhlöðunni tókst ekki betur en svo að hún rifnaði á tveimur stöðum. Til þess að koma í veg fyrir að rafhlaðan skemmdist meira þurftu geimfararnir að halda í hættulega geimgöngu og „sauma" saman rifuna með heimatilbúnum tækjum. Geimgangan heppnaðist vel.



**LENDING** Á fimmtán dögum ferðaðist geimferjan um það bil tíu milljón kílómetra, eða sem samsvarar 250 hringjum í kringum jörðina. NORDICPHOTOS/AFP

Á blaðamannafundi eftir lendinguna sagði Michael Griffin, einn stjórnenda hjá geimferðastofnun Bandaríkjanna, að bygging geimstöðvarinnar væri mun flóknara og erfiðara verkefni en ferðin til tunglsins árið 1969. „Það sem hefur gerst hér er stórmerkilegt, og langt umfram allt sem mannkynið hefur nokkru sinni gert," sagði hann.

- sþs

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



vilborga@centrum.is

30% AFSLÁTTUR

Frábært tilboð

75 sm breiðir Liebherr kæliskápar

CPes 4613
Stærð: h 184 sm/ br 75 sm/d 63 sm
Kælir: 337 ltr / Frystir: 95 ltr
Orkuflokkur A+
Stálklæddur
Verð áður kr. 285.100 stgr.

LIEBHERR

kr. 199.570*stgr.

*Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.301 **+0,15%**

**Fjöldi viðskipta:** 1244
**Velta:** 15.542 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY ALUMIN.** | 4,09% | **365** | 2,52% |
| **ICELANDAIR** | 3,59% | **ATLANTIC PETROL.** | 1,35% |
| **EXISTA** | 3,13% | **EIK BANK** | 1,24% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,60 +0,76% ... Bakkavör 60,70 +2,88% ... Eimskipafélagið 39,50 -0,88% ... Exista 29,70 +3,13% ... FL Group 22,50 -1,10% ... Glitnir 25,20 0,00% ... Icelandair 23,10 +3,59% ... Kaupþing 964,00 -0,41% ... Landsbankinn 40,60 -0,49% ... Straumur 17,00 +0,59% ... Össur 102,00 +0,49% ... Teymi 6,54 +1,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Auður í Auði

Rektorinn röggsami Svafa Grönfeldt hefur stofnað fjárfestingarfélag ásamt Guðbjörgu Eddu Eggertsdóttur, framkvæmdastjóra hjá Actavis. „Ég hef ákveðið að vera ein af þessum konum sem ætla að vera með í Auði Kapital og ég stofnaði félagið utan um þá fjárfestingu. Að sjálfsögðu er ég líka í fjárfestingum eins og aðrir í hlutabréfum og ég tek það í gegnum þetta félag. Ég ætla mér engin stórræði persónulega, en ég hef mikla trú á konunum í Auði Kapital og ég stofnaði þetta til að taka þátt í því verkefni," segir Svafa, sem áður starfaði líka hjá Actavis.

### Ráðherrasætið autt

„Stjórnvöld verða að rúlla út rauða teppinu," sagði Þorvaldur Gylfason á fundi Samtaka fjármálafyrirtækja um vaxtamun bankanna. Þannig vildi hann bjóða fyrirtækin velkomin yfir hafið og auka samkeppni á bankamarkaði. Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi viðskiptaráðherra, brást hin versta við í pallborðsumræðum og veitti Þorvaldi ákúrur fyrir lélega aðferðafræði. Hún spurði sömuleiðis hvernig arftaki hennar, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, sem setti fræðslufundinn, ætti að auka hlut erlendra fjármálafyrirtækja hér. Þegar augu manna beindust að sæti Björgvins reyndist það autt. Viðskiptaráðherra læddist á braut skömmu áður en framsögumenn luku máli sínu.



## Toyota græðir 233 milljarða

Hagnaður japanska bílaframleiðandans Toyota nam 450,9 milljörðum jena, jafnvirði rúmra 233 milljarða íslenskra króna, á síðasta fjórðungi, sem er annar fjórðungur félagsins. Til samanburðar nam hagnaðurinn 405,7 milljörðum jena á sama tíma í fyrra. Hagnaðurinn jókst því um ellefu prósent á milli ára.

Mitsuo Kinoshita, aðstoðarforstjóri Toyota, segir í samtali við Associated Press að salan hafi aukist í öllum heimsálfum samhliða verðhækkunum á eldsneyti, sem hafi leitt til þess að kaupendur hafi í auknum mæli leitað eftir sparneytnum ökutækjum. **- jab**

# Landsbanki horfir enn til Bretlands

Stjórnendur breska bankans Close Brothers Group höfnuðu í gærmorgun yfirtökutilboði Landsbankans og breska verðbréfafyrirtækisins Cenkos Securities upp á 950 pens á hlut, eða 178 milljarða íslenskra króna.

Staða breska bankans þykir mjög sterk enda nemur innlánahluti hans 2,3 milljörðum punda á móti tveggja milljarða útlánum.

Halldór J. Kristjánsson, annar tveggja bankastjóra Landsbankans, vildi ekki svara því hvort til greina kæmi að hækka tilboðið og vísaði til tilkynningar bankans þar sem fram kemur að viðræður séu á frumstigi og óvíst hvort þær leiði til yfirtökutilboðs á endanum.

Close Brothers Group sinnir litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Bretlandi. Gangi viðskiptin eftir þykja mestar líkur á að Close Brothers verði skipt upp og Cenkos taki yfir eignastýringar- og verðbréfahlutann en Landsbankinn bankahlutann. Þá geti svo farið að bankahlutinn renni saman við breska bankann Heritable, sem Landsbankinn keypti fyrir sjö árum en starfsemi þeirra þykir falla vel hvor að annarri. **- jab**



**BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS** Landsbankinn horfir til þess að kaupa banka í Bretlandi fyrir tæpa 200 milljarða króna.

# Fjárfestar sáu tækifæri

### Óttast er að fjármálakreppan geti smitað út frá sér og dregið úr hagvexti.

Gengi helstu hlutabréfavísitalna tók enn eina dýfuna á fjármálamörkuðum víða um heim í gær, fjórða daginn í röð. Ástæðan liggur í slæmum uppgjörum fjármálafyrirtækja vestanhafs og afskrifta úr bókum þeirra auk áframhaldandi neikvæðra frétta vegna lausafjárþurrðarinnar sem fylgt hefur undirmálslánakreppunni. Fjármálaskýrendur óttast nú að kreppan muni vara lengur en í fyrstu var ætlað auk þess sem vísbendingar eru um að hún sé að smita út frá sér í aðra geira, svo sem í upplýsingatækni og dregið mjög úr hagvexti, líkt og fram kom í máli Bens Bernanke seðlabankastjóra í gær.

Allt stefndi í hækkun á bandarískum hlutabréfamarkaði í gær en von var á uppgjörum nokkurra stærstu verslanakeðja landsins, svo sem Wal-Mart og Macy's. Afkoman reyndist hins vegar undir væntingum.




**SEÐLABANKASTJÓRINN Í WASHINGTON Í GÆR** Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sagði fyrir þingnefnd í gær að líkur væru á að fjármálakreppan í Bandaríkjunum myndi vara lengi og geta smitað út frá sér. MARKAÐURINN/AP

Inn í sveifluna í Evrópu spilar sú ákvörðun Englandsbanka og evrópska seðlabankans í dag að halda stýrivöxtum óbreyttum. Gengi hlutabréfa lækkaði nokkuð áður en ákvörðun seðlabankanna lá fyrir en hækkaði eftir það.

Íslenskur hlutabréfamarkaður fór ekki varhluta af lækkanahrinunni en hann sveiflaðist allt frá því að fara niður um rúm 3,4 prósent í tvö prósent upp. Svipuðu máli gegnir um helstu vísitölur í Evrópu. Um stundir fór gengi fjölmargra félaga sem skráð eru á markað hér svo langt niður að öll hækkun ársins þurrkaðist út.

Greiningardeild Kaupþings bendir á það í Hálffimmfréttum sínum í gær að snörpu hækkunina stuttu eftir upphaf viðskiptadagsins hér megi helst rekja til innkomu fjölmargra fjárfesta sem töldu sig sjá kauptækifæri á markaði síðustu daga. **jonab@frettabladid.is**





ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

# Gróði undir væntingum

Föroya Banki hagnaðist um 256 milljónir króna.

Föroya Banki hagnaðist um 22,3 milljónir danskra króna á þriðja ársfjórðungi, eða um rúmar 256 milljónir íslenskra króna.



JANUS PEDERSEN, FORSTJÓRI FÖROYA BANKA.

Í uppgjöri bankans er hagnaðurinn sagður ásættanlegur, sérstaklega í ljósi þess að á fjórðungnum hafi fallið til einskiptiskostnaður upp á 25 milljónir danskra króna vegna opnunar útibús bankans í Danmörku. Fyrstu níu mánuði ársins nemur hagnaðurinn 106,5 milljónum danskra króna, 1,2 milljörðum íslenskra króna.

Afkoma bankans á fjórðungnum er heldur undir 27,2 milljóna spá Landsbankans, sem spáði einn íslensku bankanna fyrir um gengi hans. „Mun meiri aukning var í vaxtatekjum á fjórðungnum en við gerðum ráð fyrir," segir í umfjöllun greiningardeildar Landsbankans, en um leið var kostnaður meiri en ráð var fyrir gert. „Arðsemi eigin fjár nemur 7 prósentum á fjórðungnum sem verður að teljast slakt en arðsemismarkmið bankans er 12 prósent." - óká

# Vonbrigði með samþættingu

Marel Food Systems væntir þess að sjá ábata vegna fyrirtækjakaupa í næsta uppgjöri. Hörður Arnarson, forstjóri félagsins, segir hins vegar ákveðin vonbrigði að ávinningur af samþættingu við AEW Delford og Scanvaegt skuli ekki hafa komið fram á þriðja ársfjórðungi líkt og vænst hafi verið. Hann kynnti árshlutauppgjör félagsins í gærmorgun.

Á þriðja ársfjórðungi nemur bókfært tap Marel Food Systems 5,7 milljónum evra eftir skatta, eða tæpum 500 milljónum króna. Í tapi fjórðungsins vegur þungt reiknað tap vegna lækkunar á bréfum í iðnsamstæðunni Stork í Hollandi. Marel á hlut í eignarhaldsfélaginu LME sem á 43 prósent í Stork. Í gangi eru viðræður um sameiningu Marel Food Systems og Stork Food Systems, samhliða viðræðum um kaup breska fjárfestingasjóðsins Candover á því sem eftir stendur í Stork. Hörður segist vonast eftir niðurstöðu í þeim viðræðum innan nokkurra vikna, en bætir við að ekki sé hægt að gefa sér að þær endi með samruna félaganna.

„Innri vöxtur er lægri en við stefndum að, en í fullu samræmi við það sem gerist þegar menn eru í stórum yfirtökum," segir Hörður jafnframt, en velta félagsins hefur engu að síður aukist um 54 prósent milli ára. Þá hefur, að sögn Harðar, veik staða Bandaríkjadals áhrif á vaxtatölur í Bandaríkjunum, þar sem félagið gerir upp í evrum. „En í mótteknum pöntunum hefur verkefnastaðan batnað umtalsvert og er í samræmi við okkar áætlanir," segir hann. - óká



**HÖRÐUR ARNARSON** Forstjóri Marel Food Systems kynnti uppgjör félagsins fjárfestum og greinendum á fundi í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stórfé gufar upp hjá Tchenguiz

Fjárfestirinn Robert Tchenguiz, sem jafnframt er stjórnarmaður í Existu með fimm prósenta hlut, er sagður hafa horft á verðmæti eignasafns síns falla hratt í vikubyrjun og gripið til þess ráðs að selja eignir til að vega upp á móti tapinu.



ROBERT TCHENGUIZ

Breska dagblaðið Guardian segir 225 milljónir punda, jafnvirði 27,5 milljarða króna, hafa horfið úr bókum Tchenguiz strax á mánudag og hærri upphæðir næstu daga. Stærsta tapið, um 200 milljónir punda, liggur í rúmlega 20 prósenta hruni bréfa í bresku stórversluninni Sainbury's.

Nokkrar ástæður liggja að baki skellinum, svo sem niðursveifla á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum. Guardian tekur fram að Tchenguiz hafi verið þögull sem gröfin um auð sinn en telur eignasafnið hlaupa á fjórum milljörðum punda. - jab



JEAN-CLAUDE TRICHET, BANKASTJÓRI SEÐLABANKA EVRÓPU.

# Óbreyttir stýrivextir á evruna

Seðlabanki Evrópu tilkynnti í gær að stýrivextir í evrulöndunum þrettán yrðu áfram fjögur prósent. Þá hafði Englandsbanki tilkynnt í hádeginu að stýrivextir yrðu óbreyttir, 5,75 prósent, á Bretlandseyjum.

Að mati greiningardeildar Glitnis áttu fáir von á vaxtalækkun evrópska seðlabankans þrátt fyrir að evran væri nú mjög sterk og blikur á lofti með hagþróun á evrusvæðinu næstu misserin vegna óróa á fjármálamörkuðum.

Jean-Claude Trichet seðlabankastjóri sagði á blaðamannafundi í gær að óvissan á fjármálamörkuðunum héldi áfram. Sérfræðingar bankans myndu halda áfram að fylgjast með þróun mála. Verð á mörgum mörkuðum væri að leiðréttast eftir ofmat.

Ben Bernanko, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hafði líka í nógu að snúast í gær. Hann kom fyrir þingnefnd og var þráspurður út í þróun efnahagsmála á næstunni. Fjallaði hann meðal annars um undirmálslánin og sagði ekki öll kurl komin til grafar hvað þau varðaði.

Íslenska krónan veiktist gagnvart öðrum gjaldmiðlum í gær um 1,3 prósent. Gengisvísitalan endaði í 116 stigum. - bg

www.volkswagen.is




Gæði og glæsileiki Volkswagen Passat er orðinn vel þekktur en þróunin heldur áfram. Nú bjóðum við Passat Comfortline með veglegum aukabúnaði:

- 16" álfelgur • Hraðastillir • Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- Leðurklætt stýri • Hiti í framsætum • Aðkomuljós

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi




**674** kr/kg. áður 899 kr/kg.
Kalkúnn 1. fl.kg




**995** kr/kg. áður 1.746 kr/kg.
Goða grísasnitsel pre pc




**995** kr/kg. áður 1.746 kr/kg.
Goða grísagúllas pre pc




**198** kr/kg. áður 360 kr/kg.
Ísfugl hvítlauksvængir magnpoki




**98** kr/pk. áður 175 kr/pk.
Myllu heimilisbrauð heilt

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 8. nóvember til 11. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

**Þú sparar 392 kr/kg**

**40% afsláttur**




**587** kr/kg. áður 979 kr/kg.

Borgarnes dönsk grísabógarsteik

**Þú sparar 778 kr/kg**

**30% afsláttur**




**1.814** kr/kg. áður 2.592 kr/kg.

Borgarnes nautahelgarsteik

**25% afsláttur**




**284** kr/pk. áður 379 kr/pk.

Rúbín kaffi rauður 500 gr.

**66 kr/kg**




**199** kr/pk.

EU þvottarefni - 3 kg.

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hún er óaðskiljanlegur hluti af lífi okkar allra:

# Dagur tónlistarinnar

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Hvert getum við farið án söngs og lags? Hvert sem leitað er hljómar tónlist af einhverju tagi. Útvarpsstöðvarnar flestar byggja tilveru sína á tónlist, sjónvarp væri lítið án tónlistar þótt það sé fæst íslensk tónlist, kvikmyndin, leikhúsið og danssalirnir væru snautleg fyrirbæri án tónlistar. Á samkomustöðum af flestu tagi er tónlist hljómandi. Jafnvel úti við má heyra tónlist úr nálægum ökutækjum, söng úr næstu húsum. Þögnin er horfin okkur, ein meginástæða þess að hingað leitar manngrúi úr þéttbýlum nálægum löndum. Tónlistin er einn meginþáttur tilveru okkar, óaðskiljanlegur hluti lífsins.

Það var ekki svo: fyrr á tímum var hún fátækleg fylgikona alþýðu, hjástöð andlegra yfirvalda og haldin frilla hjá yfirstéttinni. Nú er hún allra. Nálægð hennar býr samt við ríka fordóma, sumpart félagslega, sumpart af hjátrú. Hin svokallaða sígilda tónlist er enn talin af mörgum vera ókunnugleg. Mikill meirihluti fólks sækir ekki tónleika og þekkir ekki þann mikla og dásamlega kraft sem tónlist býr yfir. Sama fólk getur varla séð kvikmynd án þess að njóta áhrifa tónlistar af í í sígildum stíl og skilur hana þá fyrirvaralaust og nýtur til fulls.

Eins er með svokallaða framúrstefnutónlist af ýmsu tagi: sumt af henni er reyndar afturhaldssamt stagl, annað í tón- og hljóðheimum er þess eðlis að vera unnið úr hljóðveröld sem við þekkjum úr daglegu umhverfi en umbreytt í skipan hljóðskáldsins. Þá fyrst verður það okkur torkennilegt, óárennilegt og fjarlægt.

Tónlistarlíf er í miklum blóma á Íslandi. Hér hefur myndast á nokkrum áratugum stór stétt vel menntaðs fólks sem leikur á hljóðfæri. Margt af því stundar kennslu með hljóðfæraleik. Stór hópur stjórnenda af ýmsu tagi hefur föst verkefni þótt enn skorti Sinfóníuhljómsveit Íslands metnað til að byggja upp íslenska stjórnendur og sætti sig við að hafa stjórnanda sem lítur á vinnu sína þar sem íhlaupaverk. Aragrúi tónleika af öllu tagi er í boði. Allt að daglega má sækja tónleika af einhverju tagi. Þeir eru taldir í þúsundum, og skipta þar með sér fjöldanum, tónleikar sem sinna hinni menntuðu tónlist og hinir sem sinna tónlist sem stendur nær hefð dægurtónlistar. Tónleikahaldið dreifist um landið en sætir víðast hvar sömu móttökum: Íslendingar fara of lítið á tónleika. Þeir gefa sér ekki tíma til þess, líta ekki á það sem hluta af hversdaglegri önn.

Tónlistarskólarnir hafa vaxið og dafnað í skjóli metnaðarfullrar stefnu um rekstur þeirra en á sama tíma er tónlistarmenntun í skólum hornreka. Mikið vantar á að tónlistarmenntun sé djúpsækinn hluti af almennri menntun, eins og reyndar listiðkun yfirleitt. Það er stefnuvilla hjá stjórnvöldum að reka ekki kraftmikið tónlistarstarf í grunnskólum.

Það skilar sér; árangur íslenskra manna á erlendum vettvangi, mörkuðum og í tónleikahaldi er til kominn fyrir þvermóðskufullan vilja til að halda tónlistarmenntun til streitu í upphafi. Björk varð til vegna tónlistarmenntunar á unga aldri og rétt eins verður að huga að öllum þeim ungu björkum sem nú vaxa úr grasi.

Því á dagur tónlistarinnar erindi til okkar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óvíst með óperuhús

„Þetta verða mikil viðbrigði fyrir Íslensku óperuna. Húsið verður stórt og glæsilegt," sagði Stefán Baldursson óperustjóri í Fréttablaðinu í gær um fyrirhugað óperuhús í Kópavogi. Ekki taka allir undir það. Í sama blaði reit Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, grein og hún er ekki á þeim buxunum að óperuhúsið sé í höfn. Guðríður segir að engar ákvarðanir hafi verið teknar um hvar húsið skuli rísa og hefur áhyggjur af mögulegum hallarekstri þess. Þá segir hún Gunnar Birgisson haga sér eins og einræðisherra. „Yfirlýsingar hans um óperuhúsið eru marklausar og bera vott um að hann hafi meiri áhuga á að reisa sér bautastein en skapa sátt um byggingu óperuhúss," skrifar hún og þykir bæjarstjórinn greinilega tala full digurbarkalega í þessu máli.



### Dagar daganna

Í dag er dagur íslenskrar tónlistar. Eftir viku er dagur íslenskunnar. Þá eru ekki nema nokkrir mánuðir í alþjóðlega leiklistardaginn og mánuði síðar fögnum við degi bókarinnar. Í gær var dagur nytseminnar. Ekki er langt síðan dagur beinverndar var haldinn hátíðlegur, þar áður heilaslagsdagurinn, reyklausi dagurinn, forvarnardagurinn, dagur vinnuverndar, geðheilbrigðisdagurinn og dagur umhverfisins, svo fáeinir séu nefndir. Hvað um að fá einn daglausan dag?



### Sænska leiðin á þing

Frumvarp um að gera kaup á vændi refsiverð – „sænska leiðin" svokallaða – hefur verið lagt fram á Alþingi. Kolbrún Halldórsdóttir fer fyrir níu flutningsmönnum, jafn mörgum úr Samfylkingu og Vinstri grænum auk Sivjar Friðleifsdóttur úr Framsóknarflokki. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem frumvarp þessa efnis er lagt fram en hingað til hefur það ekki náð að ganga í gegn. Í vor var þó gerð sú breyting að vændi er ekki lengur ólöglegt en ólöglegt er fyrir þriðja aðila að hagnast á því. Sænska leiðin er illa þokkuð meðal ófárra stjórnarliða og ólíklegt að nýja frumvarpið nái fram að ganga. Íslendingar verða því bara hálf-sænskir áfram.

bergsteinn@frettabladid.is

# Hver veit sitt vit best



ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Í DAG | Áfengisverslun

Löggjöf um áfengi hefur í gegnum tíðina reynst íslenskum stjórnmálamönnum erfið viðureignar. Það tók 75 ár frá afnámi áfengisbanns þar til loks var samþykkt á Alþingi að heimila sölu áfengs öls. Í hvert sinn sem frumvörp þess efnis voru lögð fram upphófust miklar svartsýnisspár um afleiðingarnar. Fáir vildu nú þá Lilju kveðið hafa. Og þeir sem það gerðu kjósa helst að það liggi í þagnargildi. Í dag yrði nefnilega hlegið að þeirri hugmynd að banna á ný sölu áfengs öls hér á landi.

### „Duga í engu"

Meðal þeirra sem sáu vitleysuna í bjórbanninu var leiðarahöfundur Morgunblaðsins sem skrifaði hinn 12. apríl 1986:

„En því miður er mannskepnan því markinu brennd að hún er hluti af umhverfinu eins og vínviðurinn og fíkniefnaplönturnar og ásókn í þessa vímugjafa hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda. Það verður ekki frá því tekið úr því sem komið er, því miður, ekki frekar en menn hætta að fullnægja kynþörf sinni vegna þess að það gæti haft í för með sér sjúkdóma. Maðurinn er langt frá fullkominn, goðkynjuð vera sem stenzt freistingar sínar og getur lifað í hættulegu umhverfi eins og dauðhreinsað væri. Hann mun ávallt þurfa að glíma við vandamál eins og áfengis- og fíkniefnaneyslu – og þá er að leita leiða til að uppfræða fólk um þær hættur sem við blasa og kenna því að bregðast við umhverfinu á réttan hátt. Boð og bönn vekja uppreisnarhug með mönnum og duga í engu."

Nú, rúmum tuttugu árum síðar, er enn deilt um boð og bönn í áfengismálum. Margar þær sömu röksemdir og heyrðust þá eru notaðar gegn frumvarpi Sigurðar Kára Kristjánssonar, og sextán annarra þingmanna, um afnám á því fornfálega kerfi áfengisútsölu sem hér er við lýði.

Jafnvel þótt hér verði ekki tekið undir málflutning andstæðinga frumvarpsins er vert að gefa málflutningi þeirra gaum, sem og þeim mikilvægu varnaðarorðum sem eðlilegt er að heyrist um þann skaða sem áfengi getur sannarlega valdið fólki. Forvarnir og opinská umræða er holl og nauðsynleg. Þessi sjónarmið vega hins vegar ekki þyngra heldur en eðlilegur réttur hvers fullveðja manns að taka eigin ákvarðanir um líf sitt – hvort sem öðrum kann að finnast þær viturlegar eða ekki. Þetta grundvallarstef frjálslyndra stjórnmála er einn af hornsteinum þess umburðarlynda og opna samfélags sem flest okkar vilja standa vörð um.

### Tilfinningalausir þingmenn?

En ekki er allt málefnalegt sem lagt er til þessarar umræðu. Þetta á meðal annars við um ritstjórnarskrif Morgunblaðsins. Í þeim er nú hvorki að finna þá andagift né frjálslyndi sem einkenndu skrifin hér að ofan. Þess í stað hafa flutningsmenn frumvarpsins mátt þola að þeim séu gerðar upp illar hvatir, þeir kallaðir kjánar og þeim hótað öllu illu, bæði leynt og ljóst. „Það er eins og flutningsmenn frumvarpsins séu tilfinningalausir," sagði í leiðara Morgunblaðsins 16. október sl., „Þeir hljóta að standa í þessari baráttu vegna misskilinna hugmynda um frelsið," sagði leiðarahöfundur 28. október og í Staksteinum 27. október segir að það verði ekki „eftirsóknarverð stjórnmálaleg reynsla fyrir Sigurð Kára og félaga að standa andspænis þeim öflum í Sjálfstæðisflokknum sem barizt hafa gegn frelsi í áfengismálum".

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru þó sem betur fer fróðari um málefni flokksins heldur en höfundur Staksteina. Þeir vita að landsfundir flokksins hafa samþykkt með miklum meirihluta þá stefnu að gefa skuli verslun með áfengi frjálsa. Þeir vita það líka, sem nauðsynlegt virðist að benda sumum á, að kjörnir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sækja umboð sitt til flokksmanna sjálfra og kjósenda, en ekki til ritstjórnar Morgunblaðsins.

### Tryggjum framgang málsins

Þegar þetta langþráða baráttumál landsfunda flokksins nær fram að ganga er sennilegt að mikill meirihluti landsmanna muni fagni því – og þakka fyrir að íslenska löggjafarsamkundan sé smám saman að láta af þeim hroka að vantreysta venjulegu fólki fyrir innkaupum sínum. Og þeir þingmenn, bæði í Sjálfstæðisflokknum og öðrum flokkum, sem barist hafa fyrir þessu máli, munu án nokkurs vafa njóta staðfestu sinnar hjá baklandi sínu og samflokksmönnum þegar þeir þurfa næst á stuðningi að halda í prófkjörum.

Þeir sem á sínum tíma börðust gegn bjórnum hafa fæstir gaman af því þegar sú forræðishyggja er rifjuð upp. Að sama skapi er líklegt að fáir andstæðingar þessa máls muni vilja láta herma þá afstöðu upp á sig eftir nokkur ár þegar í ljós verður komið að ofstopinn í forræðishyggjuöflunum var alveg jafn óþarfur nú eins og þá.

*Höfundur er formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.*

# Þriðja leiðin

UMRÆÐAN

Áfengisverslun



STEFÁN MÁNI

Vil ég afnema einokunarsölu ríkisins á áfengi? Já, því ég er talsmaður frjálsrar verslunar. Vil ég þá að áfengi verði selt í matvöruverslunum? Nei, því ég óttast afleiðingarnar. Í þessari grein ætla ég að benda á þriðju leiðina.

En fyrst að ástæðum þess að ég er á móti því að áfengi sé selt í matvöruverslunum. Aðgengi eykur neyslu og neyslu áfengis fylgja vandamál. Er ég þá forræðishyggjumaður? Nei, en áfengi er það mikið eitur að ég leyfi mér að láta skynsemina njóta vafans þegar það er annars vegar. Ég hef enga ástæðu til að treysta matvörukaupmönnum fyrir þessu eitri. Hvar ætla þeir að stilla því fram? Þar sem nammibarinn er núna? Varla!

Tölum aðeins um nammi og aðgengi. Aðgengi að nammi hefur stóraukist frá því ég var polli. Reyndar svo mikið að það jaðrar við geðveiki. Skyldi offita hafa aukist? Tannskemmdir? Og hver kallaði eftir þessu aukna aðgengi að nammi? Voru það foreldrar sem fannst freistingum fyrir börn í matvörubúðum ábótavant? Eða voru það hagsmunasamtök nammisjúkra barna sem beittu þrýstingi? Meira úrval, aukið magn, lægra verð? Nei, einhverra hluta vegna grunar mig að kaupmenn hafi áttað sig á þeim veikleika barna (á öllum aldri!) að ráða ekki við sig frammi fyrir stórum nammibar. Alveg eins og háskólinn áttaði sig á að spilafíkn er auðlind. Nei, ég held að áfengis-nammibar viti ekki á gott.

Það má ekki láta glepjast af orðskrúði um frelsi, aðgengi og rétt almennings þegar talað er um ávanaefni sem leggur líf hundruða eða þúsunda í rúst árlega. Forræðishyggja er eitt, afneitun annað.

Nú kynni ég þriðju leiðina: Einkareknar áfengisverslanir. Leyfi til að selja áfengi í sérverslunum yrðu skilyrðum háð og seld dýrum dómum. Aðeins yrðu gefin út ákveðið mörg leyfi og aðeins yrði ein slík verslun í hverju hverfi, í hverjum bæ. Reglur yrðu settar um opnunartíma og miklar kröfur gerðar til þess sem sæi um reksturinn. Reyndar mætti vera meira um kröfur þegar almenn vínveitingaleyfi eru gefin út. Kröfur um útlit staða, þjónustu, snyrtilegheit og svo framvegis. Sérstaklega í miðbænum. En það önnur saga.

*Höfundur er rithöfundur.*

**Humar**

Frosinn gæðahumar frá Hornafirði án allra aukaefna.



Margverðlaunaður vegna bragðgæða!

**2500kr - 5kg**

Engin sendingarkostnaður.

BEST-FISKUR ehf

GSM: 861-0298 S:478-2630



Núna eigum við í BELLADONNA 3.ára afmæli !!!



Verslunin Belladonna býður til **afsláttar-afmælis veislu** í því tilefni!

Afmælisveislan stendur til **laugardagsins 10.nóv** og þá verður

**20% afsláttur** af öllum fatnaði* í versluninni og svo verða valdar vörur á

**50% afslætti** alla vikuna.

*Afslátturinn gildir ekki um skó og stígvél

belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465

www.belladonna.is




Gott salat og kjúklingur fara vel saman að sögn Ingvars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Einfalt en óvenjulegt

***Kjúklingur er sívinsæll á borðum Íslendinga og kunna flestir að hrista hina ýmsu kjúklingarétti fram úr erminni. Oft vill þó brenna við að sami rétturinn verði ítrekað fyrir valinu en hráefnið býður þó upp á óteljandi möguleika.***

Í sumar kom bókin Kjúklingaréttir út hjá Skjaldborg og yfirfór matreiðslumeistarinn Ingvar Helgi Guðmundsson, eigandi Salatbarsins, alla réttina og innihaldsefnin. Hann segist strax hafa fallið fyrir bókinni. „Hún er einföld í uppsetningu og ríkulega myndskreytt bæði af aðgerðarmyndum og myndum af réttunum,“ segir Ingvar.

Hann segir ýmsar nýstárlegar uppskriftir að finna í bókinni og nefnir til dæmis saltbakaðan kjúkling sem hefur vakið mikla lukku. „Þetta er ofboðslega einfaldur og ódýr réttur en kjúklingurinn er hjúpaður sjávarsalti og eggjahvítu og skellt í ofn,“ segir Ingvar. Eftir það er þess vegna hægt að fara út að hlaupa í klukkutíma og korter því það gerist ekkert á meðan.“

Ingvar segir ekki þurfa neina sósu með kjúklingnum því hann verði safaríkur með þessari sérstöku eldunaraðferð. Hann segir að gott salat, brauð og hrísgrjón sé upplagt meðlæti.

„Það er gaman að segja frá því að Jamie Oliver gerði þennan rétt í þætti hjá Jay Leno á dögunum og spurði hann Leno hvernig bragðaðist. Hann svaraði því til að það vantaði aðeins meira salt. Raunin er þó sú að saltmagnið verður alveg mátulegt því það myndast skel utan um kjúklinginn við baksturinn sem er síðan brotin af. Ólíkt því sem ætla mætti verður kjúklingurinn alls ekki brimsaltur.“

Ingvar segir ýmis góð ráð og leiðbeiningar fylgja uppskriftunum í bókinni og bendir til dæmis á að það þurfi að elda heilan kjúkling við lægri hita en bringur. „Ástæðan er sú að ekki er búið að fylla hann með með sykri og vatni,“ segir Ingvar. Þá hvetur hann fólk til að búa til kjúklingasoð úr beinunum til að eiga, enda sé það miklu heilnæmara en kjötkraftsteningar, sem hann segir fulla af aukaefnum.

Uppskrift á næstu síðu.

vera@frettabladid.is




NÓVEMBER

Kafbátur mánaðarins

PIZZABÁTUR

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

SUBWAY

6 tommu bátur kr. 299

SUBWAY í fínu formi

Gildir í nóvember 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumál

**Ávexti og grænmeti** er hægt að fá í áskrift hjá Ávaxtabílnum sem sendir út um allan bæ og þar er líka hægt að fá hollusturétti. Einfalt er að panta á netinu og nær þjónustan upp að dyrum.








# Eldað með Aftureldingu

***Knattspyrnudeild Aftureldingar í Mosfellsbæ vinnur nú að útgáfu uppskriftabókar með uppskriftum frá knattspyrnuiðkendum deildarinnar í öllum flokkum. Erna Reynisdóttir á tvær dætur í boltanum og heldur utan um útgáfuna ásamt fleiri foreldrum.***



Erna Reynisdóttir og Halldóra Björnsdóttir taka á móti uppskriftunum frá knattspyrnukrökkum í félaginu, ásamt Hreiðari Erni Stefánssyni Zoëga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta virkar þannig að öllum krökkum í deildinni hefur verið boðið að senda inn uppáhaldsuppskriftina sína ásamt einni mynd af sér og annarri af réttinum," segir Erna. „Auk þeirra senda þjálfarar deildarinnar inn uppáhaldsuppskriftirnar sínar og einnig nokkrir landsþekktir knattspyrnumenn og konur."

Erna segir að þegar séu komnar inn margar gómsætar uppskriftir og nefnir þar heita rétti, meðlæti, kökur, tertur og heilsusnakk eins og heilsudrykki og hollustukökur. „Bókin er fjármögnuð með auglýsingum frá matvælafyrirtækjum og verður til sölu hjá deildinni fyrir jólin," segir Erna en knattspyrnudeild Aftureldingar hefur ekki fetað troðnar slóðir í fjáröflun. „Fyrir nokkrum árum voru gefin út skemmtileg spil með myndum af öllum krökkum í deildinni og lifa þessi spil enn góðu lífi á heimilum í Mosfellsbæ," segir Erna og brosir.

*sigridurh@frettabladid.is*



Aron Daníel er í sjöunda flokki hjá Aftureldingu og sendi inn girnilega uppskrift að kjúklingasúpu.

## Mexíkó kjúklingasúpa

Aron Daníel Arnalds spilar með 7. flokki hjá Aftureldingu og sendi inn uppskrift að Mexíkó kjúklingasúpu til að hafa í bókinni. Hér er uppskrift Arons.

**1 steiktur kjúklingur**
**1-2 paprikur**
**1 púrrulaukur**
**2 hvítlauksrif**
**1 tómat chili sósa frá Heinz**
**1 dós niðursoðnir tómatar**
**1 askja rjómaostur**
**4-5 súputeningar**
**mjólk, rjómi og paprikuduft eftir smekk.**

**Aðferð:**
Saxið púrrulaukinn og paprikuna og kreistið hvítlaukinn. Steikið í pottinum (með olíu). Látið malla þar til paprikan er orðin lin. Setjið chili sósuna og súputeningana út í. Þá er rjómaosti, rjóma, mjólk og tómötum bætt út í og vatn eftir þörfum. Paprikuduft eftir smekk.

Að lokum er kjúklingurinn rifinn út í og suðan látin koma upp.

Mjög gott er að brytja Doritos flögur (blár poki) út í og setja sýrðan rjóma yfir.



Kjúklingasúpan hans Arons Daníels er mjög freistandi að sjá og bragðast eflaust enn betur.











## Uppskrift Ingvars

### Saltbakaður kjúklingur

**1,5 kg kjúklingur**
**Góður skammtur af ferskum kryddjurtum, t.d. rósmaríni, timjani (blóðbergi), marjorami (kryddmæra) og steinselju.**
**1,5 kg gróft sjávarsalt**
**1 eggjahvíta**
**1 til 2 knúppar bakaður hvítlaukur til skrauts**



**Aðferð**
Hitið ofninn í 108 gráður. Þerrið kjúklinginn, setjið kryddjurtirnar í búkholið og bindið fyrir. Blandið eggjahvítunni og saltinu saman og látið kristallast. Þekið ofnskúffu eða mót með tvöföldu lagi af álpappír og upp með hliðunum. Setjið þykkt lag af salti ofan á. Leggið kjúklinginn ofan á saltið og þekið með því sem eftir er, bæði ofan á og meðfram hliðunum. Breiðið álpappír yfir allt saman svo að salt og kjúklingur séu algerlega hulin. Bakið í ofni í eina og hálfa klukkustund. Látið Kjúklinginn kólna í 10 mínútur eftir að hann er tekinn út. Takið kjúklinginn varlega upp úr mótinu með álpappírnum á og flettið honum upp. Brjótið saltbrynjuna af og dustið öll saltkornin af fuglinum. Berið fram ásamt bökuðum hvítlauk.

**Kaðall** er nokkuð sem skynsamlegt er að hafa í bílnum. Ef farið er í jeppaferðir á torfarnar slóðir geta menn þurft að draga aðra upp úr drullusvaði og öðrum gildrum og í þéttbýlinu geta einnig skapast aðstæður þar sem draga þarf bíla.



# Nýir sleðar á hverju ári

***Karl Helgi Jónsson fékk vélsleðabakteríuna fyrir um fimm árum og þá varð ekki aftur snúið.***



Karl Helgi Jónsson er forfallinn vélsleðaáhugamaður og á nú von á nýjum sleða frá Arctic Cat sem kallast Crossfire Snow Pro og hefur hann sérpantað húdd á sleðann svo hann verði einstakur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég hef átt um tvo vélsleða á ári og hef núna skipt á hverju ári. Maður vill bara það besta og að mínu mati eru þetta nokkurs konar trúarbrögð,“ segir Karl Helgi kíminn og hlær.

En til að fara á snjósleða þarf að hafa snjó. „Síðasti vetur var mjög góður. Það var hægt að byrja snemma og enda seint þannig að tímabilið í fyrra var mjög gott,“ segir Karl Helgi sem á allar græjur sem til þarf. „Við höfum farið mikið norður og svo förum við mikið austur upp í Laugar og þar í kring og er það mjög skemmtilegt svæði.“

„Það þarf náttúrulega kerru til að flytja sleðana. Sleði með öllu kostar rúmar tvær milljónir og kerran er kannski hálf milljón. Ef þú ert að fara í dagstúr þá ertu að eyða 30-40 lítrum af bensíni sem kostar líka sitt og svo er olía og ýmislegt annað sem þarf að huga að,“ segir Karl Helgi og ljóst er að vélsleðaiðkun kostar sitt. Bilanatíðni virðist hins vegar ekki vera mikil. „Það hefur aldrei bilað hjá mér en það gerist helst þegar maður veltir þeim en annars hef ég sloppið vel,“ segir Karl Helgi og bætir við að ef skipta þarf um eitthvað þá sé þjónustan og verkstæðið hjá Arctic Cat góð.

Karl Helgi er félagi í LÍV sem er Landssamband íslenskra vélsleðamanna en bætir við að hann sé líka í gengi. „Það eru alls konar gengi í þessu líka. Það kallast nú Bilaða gengið sem ég er í en það er umdeilt hversu mikið má segja um það,“ segir Karl Helgi glettinn og heldur áfram: „Þetta er mikið á heimasíðunum þar sem gert er grín að mönnum á milli gengja og þá eru þetta spjallsíður tiltekinna gengja og tenglar á önnur gengi á síðunum.“

Þótt það sé mikið fjör að vera á vélsleða þá þarf líka að gæta fyllsta öryggis. „Við erum allir með GPS tæki og keyrum eftir GPS leiðum. Það er til mikið af slóðum um allt landið og ef við förum einhverja nýja slóð þá setjum við hana inn og eigum hana í tækinu,“ segir Karl Helgi. Auk þessa stjórnast ferðirnar óneitanlega af veðurfari. „Ef það er þoka og leiðinlegt veður þá förum við ekki en ef það er til dæmis sól og gott veður á virkum degi þá tökum við okkur bara frí í vinnunni og förum snemma á fjöll,“ segir Karl Helgi sem lætur helst ekkert standa í vegi fyrir góðri vélsleðaferð.

*hrefna@frettabladid.is*









# SIRKUS

Friðrika Hjördís Geirsdóttir fjölmiðlakona og matargúrú á von á öðru barni

# PLOTTAR YFIR POTTUNUM

9. OKTÓBER 2007 ■ Linda Pé á fullu í ræktinni ■ Gerður Kristný skrifar bók um forsetann ■ Brúðkaup Jóns Ásgeirs og Ingibjargar

# fréttir

## Heyrst hefur

### Konan klippir krullurnar



Almenn sátt virðist ríkja um að hluti af sjarma borgarstjórans unga, Dags B. Eggertssonar, sé fólginn í liðuðum hárlokkum hans. Dagur viðurkennir í yfirheyrslu í nýjasta tölublaði Mannlífs að hann láti alltaf klippa sig heima þar sem enginn fái að komast í lokkana hans annar en eiginkonan, Arna Dögg Einarsdóttir læknir. Dagur kemur víða við og svarar mjúkum og hörðum spurningum í bland og er meðal annars spurður út í hinn króníska andstæðing sinn Gísla Martein Baldursson.



Dagur og Gísli hafa tekist á allt frá framhaldsskólaárunum þar sem Dagur stundaði nám í MR en Gísli í Versló. Þeir tókust síðan á í stúdentapólitíkinni. Þar var Dagur sigursæll með Röskvu á móti Gísla Marteini í Vöku. Undanfarið hafa þeir svo tekist á í borgarstjórn en Dagur segist síður en svo vera orðinn þreyttur á Gísla sem andstæðingi enda hafi baráttan við hann „gengið býsna vel“ hingað til. Þrátt fyrir stuttan en glæstan feril í stjórnmálum segir Dagur þó að sætasti sigur hans hafi verið fyrsti Íslandsmeistaratitill Fylkis í fjórða flokki árið 1986.

SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
**Indíana Ása Hreinsdóttir**
indiana@frettabladid.is
**Bergþóra Magnúsdóttir**
bergthora@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
**Sölustjóri** Guðný Gunnlaugsdóttir
512 5462 gunnyg@365.is







ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR OG EYÞÓR GUNNARSSON GANGA Í ÞAÐ HEILAGA

# HEFUR HAFT NÆGAN TÍMA TIL AÐ VELJA BRÚÐARKJÓLINN

„Já við erum að fara gifta okkur og verðum víst bæði að gangast við því, “ segir Ellen Kristjánsdóttir söngkona þegar hún er spurð hvort hún og Eyþór Gunnarsson tónlistarmaður ætli að ganga í það heilaga. Ellen og Eyþór hafa verið saman í 28 ára og eiga saman fjögur börn, þrjár dætur og einn son á aldrinum 10-26 ára. Tilvonandi brúðhjón eru afar samhent og hafa verið viðloðandi tónlistarbransann í áratugi. Ellen var ein af Borgardætrunum ásamt þeim Andreu Gylfadóttur og Berglindi Björk Jónasdóttur. Þær slógu rækilega í gegn í lok síðasta áratugs. Flestir muna sömuleiðis eftir ógleymanlegum flutningi Ellenar á „for“-Eurovision smellinum „Línudans“ eftir Magga Eiríks svo fátt eitt sé nefnt og hún hefur sungið sig inn í hug og hjörtu Íslendinga. Eyþór er hvað þekkastur fyrir hljómborðsleik sinn í hljómsveitinni Mezzoforte auk þess sem hann hefur mikið spilað með djassböndum. Í seinni tíð hafa hafa þau sameinað krafta sína og unnið að tónlist sinni. Þau hlutu meðal annars viðkurkenningu biskups fyrir plötuna „Sálmar“ sem kom út árið 2004 og var söluhæsta platan það árið. Fjölskyldan er afar tónelsk og koma allir fjölskyldumeðlimir nálægt tónlist, hver með sínum hætti. „Giftingin fer fram í Fríkirkjunni hinn 16. nóvember og brúðkaupsveislan verður haldin í veislusalnum Piknikk úti á Granda,“ segir Ellen og tilhlökkunin leynir sér ekki í röddinni. Piknikk er rekið af ljósmyndaranum og matgæðingnum Áslaugu Snorradóttur, en Áslaug er þekkt fyrir skemmtilegt og óhefðbundið veisluhald. Veislur Áslaugar þykja sveipaðar ævintýraljóma sem ætti að falla vel að tilvonandi brúðhjónum sem þykja með eindæmum rómantísk og eru þekkt fyrir að skapa hugljúfa og allt að himneska stemningu á tónleikum sínum.

„Brúðarkjólinn er fundinn, enda hef ég haft mörg ár til stefnu,“ segir brúðurin tilvonandi og hlær við þegar Sirkus spyr hana út í brúðarkjólinn. „Það væri brot á óskráðum brúðkaupslögum að gefa upp slíkar upplýsingar að svo stöddu,“ segir Ellen að lokum. *bergthora@frettabladid.is*



**borgin mín**

**Þóra Sigurðardóttir rithöfundur**
**FREEPORT Á BAHAMAS**

# Borðar Egg Benedict á sunnudögum

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:**
**Tony Macaroni, yndislegur staður á ströndinni sem er rekinn af fyrrnefndum Tony en einungis er hægt að fá einn rétt á staðnum sem heitir conch og er þjóðarréttur Bahamabúa. Á fimmtudögum er hann með karókí og á sunnudögum býður hann upp á djass. Þetta er magnaður staður.**
**MORGUNMATURINN:**
**Egg Benedict úti á verönd heima. Þetta borðum við alltaf á sunnudögum því þetta er svolítið fitandi og við myndum verða hnöttótt fljótlega ef þetta væri alltaf í boði.**
**LÍKAMSRÆKTIN:**
**Göngutúr á ströndinni.**
**UPPÁHALDSVERSLUNIN:**
**Ég verð að segja verslunin Seventeen sem er tískuvöruverslun þeirra Bahamabúa, hún er reyndar ekki alveg jafn smart og Sautjánverslunin á Íslandi. Minnir meira á Kiss í Kringlunni. Tískan þarna er svona: Því skrautlegri því betri.**
**BEST VIÐ BORGINA:**
**Hún er lítil, ekki mikil umferð og alltaf gott veður.**



LINDA PÉTURSDÓTTIR HEFUR SJALDAN VERIÐ FLOTTARI

# Hemur súkkulaðigrísinn í sjálfri sér

**Alheimsfegurðardrottningin og líkamsræktarstöðvareigandinn, Linda Pé, hefur sjaldan litið betur út. Í fyrra fór hún í mikið líkamsræktarátak með hjálp einkaþjálfara sem hefur heldur betur skilað sér í bættu útliti. Þegar hún er spurð að því hvað hún hafi losnað við mörg kíló segist hún ekki hafa talið þau.**

**„Ég mæli þetta frekar í hvernig mér líður, hvort fötin passa og þess háttar. Það er besta vigtin fyrir mig,“ segir Linda.**

**„Ég breytti algerlega um lífsstíl og fór að borða öðruvísi. Ég henti í rauninni engum fæðutegundum út, heldur hugsa betur um hvað ég set ofan í mig. Ég minnkaði reyndar súkklulaðiát töluvert en ég er mikill súkkulaðigrís. Ætli mitt vandamál hafi ekki helst verið það að ég borðaði of lítið og vitlaust. Í dag hugsa ég betur um það sem ég borða og skipulegg oftast hvað ég ætla að hafa í kvöldmat eitthvað fram í tímann. Mér finnst það hjálpa mikið. Þetta er ekkert flókið, borða heilsusamlegan mat reglulega yfir daginn og hreyfa sig meira,“ segir hún og brosir. Linda æfir þrisvar sinnum í viku. „Svo er að byrja fjögra vikna jólaátak hér í Baðhúsinu um miðjan nóvember sem ég ætla að fara í.“ Hún segist líka fara vikulega í nudd.**

**„Mér finnst það gera mikið fyrir mig jafnt líkamlega sem andlega. Ég fer aðallega í sogæðanudd en einu sinni í mánuði fer ég í gott slökunarnudd og gef mér tíma til að fara í pottinn og gufuna á eftir.“ Hún bætir því við að heimatökin séu hæg þar sem Baðhúsið bjóði upp á nudd.**

**Þegar hún er spurð út í skemmtilegustu æfingarnar nefnir hún hlaupabrettið.**

**„Það hentar mér best, hröð ganga og hlaup. Svo er ég dugleg að ganga úti með barn og hund um helgar.“**

**Hvað finnst þér leiðinlegast?**

**„Það er alltaf erfitt að koma sér af stað og bíða eftir að árangurinn skili sér. Um leið og hann fer að sjást leyfir maður sér ekki að finnast þetta leiðinlegt því það er svo gaman og spennandi að sjá líkamann styrkjast.“**

**Klæðir þú þig öðruvísi eftir að þú grenntist?**

**„Ég hef nú frekar klassískan fatasmekk þannig að hann hefur ekki breyst neitt ýkja mikið. Er bara í nokkrum númerum minni fötum en áður,“ segir hún alsæl með árangurinn.** *martamaria@365.is*




Ferrari
Nýir
tveggja hraða*
Ferrari
smá bílar
NEW 2 SPEED
1:38
Aðeins 250 krónur ef keyptir eru 20 lítrar af Shell eldsneyti eða
100 krónur ef keyptir eru 20 lítrar af Shell V-Power
Byrjaðu strax að safna!
*Athugið að Formula 1 smábíllinn er með eins hraða, stiglausan mótor
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.
POWERED BY
Shell
V-Power
Made to move

Kolbrún Pálína Helgadóttir vill frekar vera blaðamaður

# HAFNAÐI ÞULUSTARFINU



Jú, það er rétt ég komst í lokahópinn fyrir þulustarfið og var í kjölfarið boðin staðan," segir Kolbrún Pálína Helgadóttir, blaðamaður og fyrrverandi fegurðardrottning, þegar hún er spurð út í þulustarfið. Stór hópur sótti um að fylla skarð Ellýjar Ármanns og komst Kolbrún Pálína í tíu manna úrslit. „Ég varð því miður að hafna þulustarfinu, þar sem ógerlegt hefði verið fyrir mig að vinna á tveimur fjölmiðlum í einu. Þetta var erfið ákvörðun að taka, en ég ákvað að halda áfram í blaðamennskunni," segir Kolbrún sem tók DV fram yfir RÚV.

JÓHANNA VALA HELDUR TIL KÍNA Í DAG TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í MISS WORLD

# TENGDAFJÖLSKYLDAN FYLGIST SPENNT MEÐ

Auðvitað stefni ég á sigur, annars væri ég ekki að taka þátt í þessu. En fyrst og fremst ætla ég að hafa gaman af," segir fegurðardrottning Íslands, Jóhanna Vala Jónsdóttir, sem heldur til Kína í dag til að taka þátt í Miss World. Jóhanna Vala mun dvelja úti í mánuð. „Undirbúningurinn er búinn að vera afar strembinn. Það er að mörgu að huga. Ég hef verið að redda hinu og þessu, fötum, nöglum og hári auk þess sem ég hef verið dugleg í ræktinni," segir Jóhanna Vala sem er þó alltaf í góðu formi. „Ég hef verið í íþróttum frá þriggja ára aldri svo það er ekkert nýtt fyrir mér. Ég er samt rosalega spennt og mér líst vel á þetta. Mér finnst ég virkilega tilbúin." Jóhanna Vala vill ekki segja mikið um kjólinn sem hún mun klæðast í keppninni. „Ég tek tvo með mér en á eftir að velja á milli. Ég keypti þá báða úti í Dallas en þar er ég búin að dvelja síðasta einn og hálfan mánuðinn," segir hún en kærasti Jóhönnu Völu er bandarískur. „Öll fjölskylda hans er mjög spennt yfir þessu og heldur að sjálfsögðu með mér frekar en þeirri amerísku," segir Jóhanna Vala hlæjandi.

*indiana@frettabladid.is*



**ÖNNUM KAFIN** Jóhanna Vala hefur haft í nógu að snúast síðustu daga í lokaundirbúningnum en hún heldur út í dag.


SKÍFU LISTINN

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Mugiboogie | — | Mugison |
| 2 | Vivere: Best Of Bocelli CD+DVD | ↑ | Andrea Bocelli |
| 3 | Long Road Out Of Eden | ↓ | Eagles |
| 4 | Vivere: Best Of Bocelli | ↓ | Andrea Bocelli |
| 5 | Tímarnir okkar | N | Sprengjuhöllin |
| 6 | Pictures | ↓ | Katie Melua |
| 7 | 100 íslensk barnalög | ↓ | Ýmsir |
| 8 | 1987-2007 2CD+DVD | ↓ | Nýdönsk |
| 9 | Hold er mold | ↓ | Megas og Senuþjófarnir |
| 10 | Complete Clapton | ↓ | Eric Clapton |
| 11 | Human Child/Mannabarn | N | Eivör |
| 12 | Forever | ↓ | Pavarotti |
| 13 | Raising Sand | N | R. Plant & A. Krauss |
| 14 | Síðasta vetrardag CD+DVD | ↓ | Síðan skein sól |
| 15 | Pottþétt 44 | | Ýmsir |
| 16 | Sacred Arias | ↑ | Andrea Bocelli |
| 17 | Human Child | | Eivör |
| 18 | Bara | ↓ | Hara |
| 19 | Amore CD+DVD | | Andrea Bocelli |
| 20 | Manstu gamla daga | A | Ýmsir |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

## VINSÆLUSTU LEIKIRNIR

| | |
|---|---|
| 1 | Pro Evolution Soccer 2008 |
| 2 | Hellgate London |
| 3 | Football Manager 2008 |
| 4 | Fifa 08 |
| 5 | Simpsons |
| 6 | Crash of the Titans |
| 7 | Spiderman Friend or Foe |
| 8 | Sims 2 Bon Voyage |
| 9 | Buzz! The Hollywood Quiz |
| 10 | SingStar R&B |

## VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Die Hard 4 |
| 2 | Mýrin |
| 3 | Fantastic Four 2 |
| 4 | Latibær 5 |
| 5 | Family Guy - Season 6 |
| 6 | Spider-Man 3 |
| 7 | Arthur og Minimóarnir |
| 8 | Skoppa og Skrítla í Þjóðleikhúsinu |
| 9 | Simpsons Season 10 |
| 10 | Desperate Housewives 3 |
| 11 | TMNT |
| 12 | Death Proof |
| 13 | Shortbus |
| 14 | Köld Slóð |
| 15 | Last Mimzy |
| 16 | Happily N'ever After |
| 17 | Cocaine Cowboys |
| 18 | Zodiac |
| 19 | Latibær |
| 20 | Curse of the Golden Flower |

Listinn gildir 1 - 7. nóvember 2007

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N



Opnunar
HÁTÍÐ
Við höfum opnað stærstu hljóðfæraverslun á Íslandi í Síðumúla 20
Að því tilefni höldum við glæsilega hátíð laugardaginn 10. nóvember kl 13-17!
DR. SPOCK
BARDUKHA
MUGISON
HUNANG
BRAIN POLICE
JAZZ KVARTETT
Guðmundar Steingrímssonar
LAND OG SYNIR
RAGGI BJARNA
Úr klassíkinni!
Þuríður Helga píanóleikari, Geirþrúður Ása fiðluleikari,
Páll Palomares fiðluleikari, Bjarni Frímann violuleikari,
Þorgerður Edda sellóleikari og fleiri og fleiri!
Komið og fagnið með okkur
og gerið góð kaup í leiðinni!
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Frábær opnunar tilboð!
SÍÐUMÚLA 20 · REYKJAVÍK · WWW.HLJODFAERAHUSID.IS · SÍMI 591 5340




**Við rúllum upp samkeppninni**

Fréttablaðið er með 59% meiri lestur en 24 stundir

Allt sem þú þarft...




...alla daga

Fíton/SÍA Meðallestur á tölublað. Könnun Capacent í ágúst–október 2007.


## HELGA LILJA MAGNÚSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR:

# FLÝGUR HÁTT MEÐ MERKIÐ SITT HELICOPTER

Helga Lilja Magnúsdóttir fatahönnuður útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2006. Meðfram því að hanna undir sínu eigin merki, helicopter, vinnur hún sem verslunarstjóri í versluninni Trilogiu. „Frá því ég útskrifaðist hef ég selt hönnun mína í versluninni Nakta apanum á Laugavegi. Ég deili vinnuaðstöðu með öðrum hönnuðum á Seljavegi 2 og reyni að vera þar eins mikið og færi gefst til að anna eftirspurn."

Hönnun Helgu Lilju flokkast sem „streetwear" og samanstendur línan af hettupeysum, buxum, leggings og kjólum. Fatnaður hennar er skreyttur munstrum sem hún handþrykkir á hverja flík og er því engin eins. „Uppistaðan í nýjustu flíkunum sem ég er að hanna núna er munstur sem ég þróaði út frá hnýtingaraðferð sem kallast macramé, en aðferðina rannsakaði ég á síðasta árinu mínu í Listaháskólanum." Til gamans má geta að macramé er aldagömul hnýtingaraðferð, í gamla daga notaðist fólk við þessa aðferð meðal annars til að festa niður tjöldin sín. Þetta er aðferð sem samanstendur af nokkrum mismunandi gerðum af hnútum en sá sem er mest þekktur er einfaldur og hafa krakkar nota þá gerð af hnútum til að gera vinabönd.

„Ég nota þessa aðferð við gerð munstranna sem ég laga síðan að sniðunum mínum svo að þau njóti sín. Ég hanna ekki með neinn sérstakan aldurs- eða markaðshóp í huga enda virðist hönnunin mín falla að flestum aldurshópum. Ég hanna og sauma vegna þess að það er það sem mér finnst skemmtilegast að gera og hef hugsað mér að halda þessu áfram þangað til mér finnst það ekki gaman lengur," segir Helga Lilja, en fatnaður hennar verður eflaust á óskalistanum hjá mörgum fyrir jólin. http://www.helicopter-design.com/

*bergthora@frettabladid.is*










**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** „Okkur fannst heldur seinlegt að tína ormana úr og þegar þorskur var í bakkanum í marga daga, þá gat tíminn liðið hægt."

## LEIÐINLEGASTA STARFIÐ:

# ÞORSKURINN VAR ÓVINSÆLL

Mér finnst eiginlega öll störf sem ég hef unnið um ævina hafa verið skemmtileg," segir Siv Friðleifsdóttir alþingiskona. „Þó man ég að á sínum tíma á unglingsárunum, þegar ég vann í fiski á Kirkjusandi í nokkur sumur, var misskemmtilegt að höndla fiskinn eftir því um hvaða tegundir var að ræða. Þegar við stelpurnar verkuðum karfa, ufsa eða grálúðu var mikið fjör og líf í tuskunum. Þá kepptum við milli borða hlógum og skemmtum okkur. Hins vegar var þorskurinn óvinsælli. Okkur fannst heldur seinlegt að tína ormana úr og þegar þorskur var í bakkanum í marga daga, þá gat tíminn liðið hægt." *indiana@frettabladid.is*

S·K·Í·F·A·N

# TIL HAMINGJU ÍSLENSKIR TÓNLISTARMENN OG KONUR




## Í TILEFNI DAGSINS ER 30% AFSLÁTTUR Á ÞESSUM TITLUM

LEIFSSTÖÐ • LAUGAVEGI • KRINGLUNNI • SMÁRALIND

FRIÐRIKA HJÖRDÍS GEIRSDÓTTIR, FJÖLMIÐLAKONA OG MATARGÚRÚ ÍSLANDS, Á VON Á ÖÐRU BARNI SÍNU. HÚN SEGIR AÐ ÓLÉTTAN SÉ ORÐIN EINS OG HAUSTFLENSAN EN FYRIR Á HÚN GUNNAR HELGA SEM ER AÐ VERÐA ÁRS GAMALL. HONUM VAR VART HUGAÐ LÍF ÞEGAR HANN FÆDDIST Á 26. VIKU.



DRAUMAELDHÚSIÐ Innréttingin og tækin eru frá Miele og granítborðplatan sómir sér vel við hana og stálflísarnar á veggjunum.

MYNDIR/VALLI

# PLOTTAR YFIR POTTUNUM

**viðtal**

Friðrika Hjördís er að baka þegar Sirkus bankar upp á. Það er jólailmur í loftinu og ilmkerti með kanillykt kemur manni í réttu stemninguna. Það fer ekki fram hjá neinum að húsmóðirin á Laufásveginum er komin í jólaskap. „Ég held að þetta sé einhver misskilningur, ég hefði átt að fæðast 24. desember," segir hún og hlær og heldur áfram að setja deig á bökunarplötu. Í ár ætlar hún að halda alvöru jól en í fyrra eyddu hún og maður hennar, Stefán Hilmarsson aðstoðarforstjóri Baugs, jólunum á vökudeild Barnaspítalans. Hún segist hafa þroskast heilmikið á þessu ári, þetta hafi bæði verið erfiðasta ár sem hún hefur lifað en á sama tíma það skemmtilegasta. „Það líður varla sá dagur að ég hugsi ekki um tímann á spítalanum. Við búum rétt hjá Barnaspítalanum og alltaf þegar ég keyri fram hjá horfi ég upp í gluggann á vökudeildinni og hugsa til þeirra sem þar dvelja. Ég er mjög þakklát fyrir hvað við vorum ofsalega heppin." Gunnar Helgi dvaldi á Barnaspítalanum fyrstu þrjá mánuðina í lífi sínu en eftir að hann fékk að koma heim hefur allt gengið eins og í sögu. Hann dafnar og þroskast eins og ekkert hafi í skorist. Það er þungt í honum pundið enda hefur Friðrika lagt mikinn metnað í að gefa honum gott fæði. „Ég hef búið til allan mat ofan í hann, gætt þess vel að hann fái öll vítamín og haft fæðuna mjög fjölbreytta. Ég er samt ekki að segja að börn sem fái mat úr krukku séu eitthvað verr á sig komin," segir hún og bætir því við að uppáhaldsmaturinn hans sé sætar kartöflur og gulrætur með smjörva og kanil. Þegar hún er spurð að því hvað hafi verið erfiðast á árinu nefnir hún óvissuna. Þegar hún var lögð inn á spítalann var hún komin 23 vikur á leið og búin að vera með hríðir í nokkra daga. Læknarnir náðu að fresta ferlinu um tvær vikur en Gunnari Helga lá mikið á að koma í heiminn. „Eftir fæðinguna fannst mér alveg hræðilegt að geta ekki fengið barnið í fangið. Það var farið með hann strax í glerkassa og ég átti bara að fara að sofa eftir að ég fæddi hann. Við sáum hann ekki almennilega fyrr en daginn eftir." Friðrika dvaldi meira og minna á spítalanum. Hún fylgdist með umönnuninni og fékk að hjálpa til. „Ég sat og horfði á hann, hugsaði fallegar hugsanir og vonaði það besta. Það var í rauninni ekkert annað sem maður gat gert. Svo þurfti maður að halda áfram að lifa venjulegu lífi, borða, brosa og borga reikninga." Eftir þessa reynslu finnst henni lífið mun dýrmætara. „Mér finnst líka miklu vænna um fólk og finn meiri þörf hjá mér til að hjálpa öðru fólki. Ef ég væri ekki að vinna við það sem ég er að gera í dag þá væri ég örugglega í Afríku að sinna hjálparstörfum. En vonandi á ég það eftir, það er allavega á langtímaplaninu."

## Óléttan er eins og haustflensan

Þrátt fyrir að hafa upplifað erfiðan tíma við fæðingu Gunnars Helga eru Friðrika og Stefán ekki hætt að eiga börn. Nú er annað á leiðinni en hún er komin fjóra mánuði á leið og verður þetta fjórða barnið á heimilinu því Stefán á tvö börn fyrir. „Ólétta mín er að verða eins og haustflensan og kemur á hverju ári. Ég er að verða eins og útungunarvél. Ég kenni Svanhildi Hólm og Ingu Lind um þetta, því um leið og ég sest í þeirra stóla þá verð ég ólétt. Ég ætti kannski að krefja þær um að borga meðlag," segir hún og hlær en tvö síðustu sumur hefur hún leyst þær stöllur af í þættinum Ísland í dag á Stöð 2. „Ég afþakka hér með starf næsta sumar, held að þetta sé orðið fínt í bili." Það er von á barninu um miðjan apríl, en Friðrika segir að hún megi búast við því frá janúar til apríl ef eitthvað er að marka fyrri meðgöngu. Hún er undir mjög miklu eftirliti til að koma í veg fyrir að leikurinn endurtaki sig.

„Ég vona þó að það verði í apríl. Gyða vinkona mín á afmæli 25. apríl og yrði því mjög stolt ef barnið kæmi þá." Meðgangan leggst vel í hana. „Þetta var alls ekki planað, en ef einhvern langar svona óskaplega að koma til okkar þá er sá hinn sami hjartanlega velkominn. Börnin verða næstum því eins og tvíburar. Ég held að það verði mjög gaman fyrir Gunnar Helga að eiga félaga sem er á svipuðum aldri. Það er ár á milli eldri systkina minna og þau hafa alltaf verið náin." Þegar hún er spurð að því hvort hún sé ekkert hrædd um að leikurinn endurtaki sig segist hún hugsa lítið um það. „Það þýðir ekkert að velta sér upp úr því. Ég verð bara að vona það besta því það er of seint að snúa við. Ef barnið okkar fæðist fyrir tímann verðum við bara að taka því þegar þar að kemur. Þá vitum við allavega hvernig við eigum að bregðast við." Hún segir að þessi meðganga sé allt öðruvísi en sú fyrri. „Þegar ég gekk með Gunnar Helga fannst mér allt sætt ógeðslegt og gat ekki horft á súkkulaði en núna er það þveröfugt. Ég get ekki beðið eftir að byrja að baka fyrir jólin og gera konfekt. Ég hugsa stanslaust um mat. Fyrri meðgangan var líka erfiðari því þá var ég veik fyrstu þrjá mánuðina en núna uppgötvaði ég ekki að ég væri ólétt fyrr en á níundu viku." Friðrika segist vera mjög spennt yfir að vita kynið en er á báðum áttum hvort hún eigi að kíkja í pakkann. „Það er líka eitthvað rómantískt við það að vita ekki kynið og láta það koma sér á óvart."

## Hamingjusöm í draumahúsinu

Í febrúar 2006 keyptu Friðrika og Stefán þrílyft einbýlishús við Laufásveg en þau fengu það ekki afhent fyrr en í september sama ár. Síðan þá hafa framkvæmdir staðið yfir, þau létu hækka þakið og endurnýjuðu húsið að innan og utan og byggðu við það að hluta. „Húsið var mun verr farið en okkur grunaði og það þurfti að gera mikið fyrir það. Það fór miklu meiri vinna í þetta en við ætluðum í byrjun. Það var svolítið erfitt að stjórna þessu því við vorum svo mikið uppi á spítala og hugurinn var fyrst og fremst þar. Svo er maður ekki alltaf í sínu besta jafnvægi þegar barnið manns er á spítala og þetta var því svolítið stórt verkefni ofan á allt hitt. En við erum ofsalega ánægð með útkomuna," segir hún. Húsið hefur glæsilegt yfirbragð, með gegnheilu parketi, granítflísum á gólfi og vönduðum innréttingum. Friðrika segir að þau hafi vitað nokkurn veginn hvernig þau vildu hafa heimili sitt og segir að þau Stefán hafi svipaðan smekk. „Okkur lenti aldrei saman yfir því hvernig við vildum hafa hlutina, nema kannski í einhverjum smáhlutum. Það var mikill kostur. Svo erum við að velja húsgögn í rólegheitunum, erum til dæmis ekki komin með sófa því við erum ekki búin að sjá draumasófann og viljum ekki kaupa neinn til bráðabirgða. Þá viljum við frekar hafa engan sófa í stofunni." Þegar þau voru að byrja að búa saman fyrir tæpum þremur árum var Stefán nýbúinn að fjárfesta í risastóru málverki eftir íslenskan listamann. „Skrímslið endaði á ganginum þangað til það fór í sölu. Ég vann þetta mál og síðan höfum við verið sammála."

## Bílprófsaldur á milli þeirra

Þegar Stefán og Friðrika byrjuðu að rugla saman reytum voru miklar gagnrýnisraddir á lofti varðandi aldursmuninn en hann er 17 árum eldri en hún. „Ég geri mér ekki grein fyrir því hvað ég er gömul enda finnst mér við alltaf jafn gömul. Ég á vini á öllum



**Uppáhaldsmaturinn:** Maturinn sem ég fæ bara einu sinni á ári og fæ aldrei nóg af: jólamatur.
**Uppáhaldsveitingastaðurinn:** Austur-Indíafélagið hér á Íslandi en annars hef ég hvergi smakkað eins góðan mat og á Balí í Indónesíu.
**Uppáhaldsverslunin:** Whole Food Store í New York er himnaríki á jörð.
**Líkamsræktin:** Sonur minn er rúmlega 11 kíló, need I say more. Svo er ég reyndar líka með yndislegan einkaþjálfara í World Class sem heitir Billi og er einstaklega þolinmóður, því ég er ekki nógu duglegur að mæta.
**Geisladiskurinn:** Allt með Astrud Gilberto, ítalska söngkonan Mina og margir fleiri. Bestu íslensku tónlistarmennirnir eru tvímælalaust Sigur Rós.
**Bíllinn minn er:** Algjört æði, BMW-X5 jepplingur.



DROTTNINGIN Á LAUFÁSVEGINUM HEFUR ALLTAF HAFT UNUN AF ELDAMENNSKU Þegar vinkonur hennar léku sér með Barbie-dúkkur bakaði hún upp úr uppskriftabók Mikka mús.

# heilsa & hreyfing

FÖSTUDAGUR 9. NÓVEMBER 2007



NORDICPHOTOS/GETTY




# Íhugun, heilsa og bardagi

**Qi gong er blanda af kínverskri heimspeki og heilsufræðum og hefur verið stunduð hér á Íslandi í áratugi.**



Gunnar Eyjólfsson stundar qi gong á hverjum degi og oft í góðra vina hópi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Qi gong er lífsspeki sem á rætur að rekja margar aldir aftur í kínverska sögu og byggir á taóisma, því óskiljanlega sem snýst um að velta öllu við og maður nær árangri þegar ekkert er til,“ segir Gunnar Eyjólfsson, leikari og lærimeistari í qi gong á Íslandi. Hann segir qi gong byggja á þremur stjórnunaratriðum.

„Þessi atriði eru agaður líkamsburður, stjórnuð öndun eða orkuöflun og stjórnuð hugsun sem er sama og einbeitni,“ útskýrir Gunnar. Sumum gæti þótt þetta svipa til jóga og annarra æfinga- og hugleiðslukerfa og er það ekki fjarri sanni.

„Þetta eru allt greinar af sama meiði – jóga, tai chi, taekwondo og þess háttar. Grunnurinn að qi gong er heimspeki Kínverja að leita og þora að fara inn í þögn. Ekki halda sig vita allt heldur hlusta því það er aldrei að vita nema það sé hvíslað einhverju jákvæðu að þér,“ segir Gunnar íbygginn og segir að qi gong sé fyrir fólk á öllum aldri en bætir við:

„Eitt skal fólk hafa í huga ef það ætlar að stunda qi gong, það tekur tíma og qi gong má aldrei mæta afgangi heldur gengur það fyrir. Það næst enginn árangur ef fólk hugsar með sér að nú hafi það ekkert að gera og þá sé best að bregða sér í qi gong. Svona fólk á bara að halda áfram að hafa ekkert að gera en ekki að fara í qi gong því það er mikið að gera í qi gong,“ segir Gunnar glettinn. Auk þess er mikilvægt að þeir sem eiga í útistöðum við einhvern í fjölskyldu sinni, vinahópi eða starfshópi gangi frá þeim málum áður en þeir fara í qi gong.

„Með því að stunda qi gong ertu að afla þér mikillar lífsorku og ef þú átt í útistöðum við einhvern og ert langrækinn þá gengur það ekki því langrækni étur mikla orku og lifir á orku sem þú átt að láta í jákvæðar hugsanir og jákvætt viðmót en ekki brenna henni í fýlu og neikvæðni,“ segir Gunnar.

„Heimspekin í qi gong er sú að við erum erfðir og áhrif. Erfðirnar fáum við gefnar langt aftur í ættir. Við eigum forfeður og formæður sem hafa verið frábært fólk en inn á milli hafa verið óttalegir drullusokkar. Allt þetta leitar á okkur í mismiklu magni og af mismiklum krafti og því er mikilvægt að dæla ekki orku í neikvæðni því þá áttu miklu meira eftir í hið jákvæða,“ segir Gunnar og bætir við að qi gong kenni þér í raun nákvæmlega ekki neitt. Hins vegar leysir það úr læðingi dulda hæfileika sem þú hefur ekki hugmynd um að þú búir yfir.

„Það þýðir samt ekki að búast við neinu kraftaverki, það getur látið á sér standa, en þú styrkist í öllu,“ staðhæfir Gunnar sem hefur sjálfur áralanga reynslu af qi gong. Hann kynntist því fyrst árið 1945 í London en um átta árum síðar hóf hann að stunda það þegar hann bjó í New York. Þegar hann kom heim til Íslands hætti hann því þar til hann slasaðist í baki árið 1972 og hefur hann stundað qi gong síðan.

„Qi gong er íhugun, heilsa og bardagi. Bardaginn snýst ekki um það að leggja neinn undir sig heldur snýst hann um það að þú látir ekki valta yfir þig. Þú heldur frá þér öflum sem sækja að þér nema þau séu jákvæð og þú viljir hleypa þeim að. Það er sótt að okkur með alls konar auglýsingum og þú átt ekki að geta lifað án þessa og hins. Qi gong er til þess gert að efla sjálfstyrk mannsins og innviði,“ segir Gunnar ákafur og nefnir sem dæmi æfingu þar sem staðið er í flóði til að takast á við andstreymið í lífinu sem enginn sleppur við.

„Þá er mikilvægt að vera það vel rættur niður í orku að þú verður ekki rifinn upp eins og feyskinn fúadrumbur og sópað út í hafsauga,“ segir Gunnar sem hefur sjálfur hlotið mikinn styrk af iðkun qi gong.

„Það hefur gert mér lífið yndislegt. Ég þakka daglega fyrir en ég má alls ekki miklast af því þar sem þetta er gefið. Það má enginn hreykja sér af qi gong,“ segir Gunnar ákveðinn. Í qi gong eru viðurkenndar yfir þrjú þúsund æfingar sem miða allar að því að finna jafnvægi, jin og jang. Lokatakmarkið er að ná samhljómi milli efnis og anda og kunna að slaka á líkamlega en vera samt vakandi í huga. Æft er þrisvar í viku á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 8.10-8.50.

„Æskilegt er að fólk stundi qi gong í 20 mínútur á dag og að það taki lágmark þennan tíma frá til að sinna sínum innri manni. Hægt er að skipta þessu niður í nokkra búta yfir daginn,“ útskýrir Gunnar sem stundar sjálfur qi gong á hverjum degi.

Ef fólk hefur áhuga á að stunda qi gong þá snýr það sér til Aflsins en Aflinn heita samtök þeirra sem stunda qi gong á Íslandi. Hægt er að senda tölvupóst á Viðar Eiríksson, ritara samtakanna, á vidarei@internet.is. Næst verður tekið inn í hópa í janúarbyrjun.

*hrefna@frettabladid.is*

# Spila með mjúka pekki á ísnum

**Það eitthvað dreymið og tignarlegt við íshokkí. Hvissandi ísdans, sláttur í kylfum og fisléttur pökkur sem kappfullir einstaklingar berjast við að sveifla inn í lág mörk skautasvellsins. Og nú gefst öllum tækifæri til að læra mjúkt íshokkí í Skautahöllinni.**



Ungur drengur á íshokkíæfingu í Skautahöllinni í Laugardal, en íshokkí nýtur vaxandi vinsælda sem íþróttagrein á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Hilmar Björnsson, framkvæmdastjóri Skautahallarinnar í Laugardal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við pöntuðum mjúka pekki frá Kanada og bjóðum í fyrsta sinn hérlendis svokallað mjúkhokkí fyrir skólakrakka landsins sem og fullorðna sem langar á svellið til að kynnast íshokkíi,“ segir Hilmar Björnsson, framkvæmdastjóri Skautahallarinnar í Laugardal, en íshokkímenning er fremur nýkomin til lýðveldisins þótt flestum sé hún vel kunn úr bandarískum bíómyndum.

„Mjúkhokkí er leið til að koma af stað spili án þess að fara í allan útbúnaðinn. Pekkirnir eru úr mjúku gúmmíi og minnka til muna slysahættu, en útbúnaður er sem fyrr íshokkískautar, hjálmur, kylfa og vettlingar,“ segir Hilmar og hægt er að leigja þennan útbúnað í Skautahöllinni þegar hópar læra mjúkhokkí undir umsjón, en ávallt þarf að bóka tíma og kennara á svellið.

„Í íshokkíliði eru tuttugu manns en hratt er skipt út af svellinu þar sem sex leika í einu. Svellið er 1800 fermetrar og hægt að skipta því upp í marga minni velli, eða bara að hluta til svo hægt sé að skauta hefðbundið líka. Það hefur verið vinsælt hjá stórfjölskyldum, starfsmannahópum og vinahópum,“ segir Hilmar, en kennarar í mjúkhokkíi eru frá Skautafélagi Reykjavíkur.

„Áhugi á íshokkíi virðist koma hægt og sígandi, því Ísland hefur vantað íshokkíkúltúr til þessa. Skólarnir eru í óðaönn að taka við sér og bóka mjúkhokkí sem hluta af leikfimitímum krakkanna, en þetta er mikil hreyfing og skemmtilegur leikur. Menn þurfa auðvitað að kunna að renna sér á skautum, en þarna er hægt að nálgast íshokkí á einfaldari hátt, kynnast leiknum og fara þá út í almennt íshokkí síðar ef bakterían nær tökum á þeim.“

*thordis@frettabladid.is*



RAPUNZEL

Lífrænt ræktaðar vörur frá 1974

# Lífrænt ræktaðar vörur framleiddar með ást og umhyggju fyrir heilbrigðan og heiðarlegan heim

Rapunzel vinnur í mjög nánu samstarfi við bændur víða um heim m.a. í Tyrklandi og Sri Lanka þar sem þeir hafa kennt bændum lífræna ræktun og taka virkan þátt í uppbyggingu á viðkomandi svæðum. Með þessu móti er Rapunzel að sýna í verki þeirra hjartans mál sem er að stuðla að heilbrigðum og heiðarlegri heimi.

Bio




HAND IN HAND
ORGANIC RAPUNZEL FAIRTRADE

# Eitur í lokkandi krukkum

**Eitraða rotvarnarefnið buthylparaben finnst í flestum snyrti- og hreinlætisvörum á íslenskum markaði, en Danir leggja nú ofuráherslu á að banna notkun þess.**

Þekkir þú þessi efni: methylparaben, ethylparaben, propylparaben, isopropylparaben, sodium methylparaben, butylparaben og isobutylparaben? Þetta eru misskaðleg rotvarnarefni sem finnast í mörgum snyrti- og hreinlætisvörum sem manneskjan notar á degi hverjum.

„Ofantalin nöfn tilheyra parabensamböndum sem eru framleidd úr 4-hýdroxýbensósýru og eru það esterar sýrunnar sem kölluð er paraben; svosem methyl-, propyl- eða butyl-paraben,“ segir Níels Br. Jónsson efnasérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, um hið skaðlega paraben sem Danir hyggjast banna notkun á, fyrstir í heiminum.

„Danir mældu rotvarnarefni í hópi kvenna á fertugsaldri sem allar höfðu notað snyrtivörur að staðaldri frá því þær fóru á vinnumarkað um tvítugt. Í ljós kom mikið magn uppsafnaðra rotvarnarefna í vefjum, en þegar líkami nær ekki að losa sig við rotvarnar- og eiturefni fara menn að hafa áhyggjur af því sem gerist þegar frá líður,“ segir Níels, en nú er vitað að buthylparaben getur haft áhrif á hormónastarfsemi líkamans og einnig hefur paraben fundist í krabbameinsfrumum.

„Í snyrtivörureglugerð er leyfilegt hámark parabens 0,8 prósent, ef notuð er aðeins ein parabentegund, en 0,4 prósent ef notuð er blanda parabena. Leyfilegt er að nota meira magn parabena í til dæmis sótthreinsandi vörur, en þau paraben hafa svokallaða X-merkingu í snyrtivörureglugerðinni. Þegar reglugerðin var skrifuð var ekki vitað hversu hættulegt efnið var. Það er vel þekkt í öllum iðnaði; efni sem áður voru talin skaðlaus reynast hættuleg eftir margra ára notkun, eins og skordýraeitrið DDT sem allstaðar er bannað núna,“ segir Níels sem tekur fram að enn sé talið að butylparaben sé talið skaðlegast paraben-rotvarnarefna.

„Snyrtivörur er nauðsynlegt að rotverja því þær eru að stærstum hluta búnar til úr vatni og fituefnum sem annars mundu þrána og fyllast bakteríum við notkun, en nýjar reglur um geymsluþol snyrti- og hreinlætisvara krefjast þess að mynd af opinni krukku með ákveðinni tölu skuli sjást á umbúðum, eða best fyrir dagsetning. Sé talan 12 í krukkumerkinu, þýðir hún að notandi getur sér að skaðlausu notað krem í 12 mánuði eftir að krukka hefur verið opnuð, en þetta er gert svo hægt sé að framleiða minna rotvarna vöru,“ segir Níels og telur útilokað að sniðganga paraben eða önnur rotvarnarefni með öllu.

„Á öllum snyrtivörum er innihaldslýsing þar sem efni eru talin upp eftir minnkandi magni. Vatn er oftast fyrst en rotvarnarefnin síðast og heita löngum leiðindanöfnum. Þjóðfélagið gengi tæpast upp án notkunar rotvarnarefna, en neytendur þurfa að taka sér tak, vera meðvitaðri og fara sér varlega. Evrópusambandið er fremur svifaseint og ekkert farið að gera í banni þessara efna þar, en



Níels Jónsson, efnasérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir rotvarnarefni finnast í flestum snyrti- og hreinlætisvörum á íslenskum markaði, en Danir leggja nú ofuráherslu á að banna notkun buthylparabens, og munu aðrar þjóðir Evrópusambandsins trúlega fylgja í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Danir hafa dregið vagninn í flestum svona málum og ætla sér að fá buthylparabeni útrýmt úr öllum snyrti- og hreinlætisvörum,“ segir Níels, en paraben er notað í barnavörur, sem og fullorðins sjampó, sápur, svitalyktareyða, krem, snyrtivörur og fleira sem nútímamaðurinn telur ómissandi í daglegri umhirðu.

„Við þurfum að hugsa okkur um; höfum við virkilega þörf fyrir þetta? Íslendingar af báðum kynjum lita á sér hárið, en hárlitunarefni eru afar sterk og misbjóða líkamanum. Sjálfur skil ég ekki hvaða erindi sótthreinsandi handsápur og uppþvottalegir eiga inn á heimili, því þess háttar efni eru hlaðin rotvarnarefnum. Jafnvel örlítill skammtur eyðist mjög hægt eða alls ekki úr líkamanum, og við eigum að forðast þessi efni sem mest í daglegu lífi.“

*thordis@frettabladid.is*


HEYR
HEYR

ADRO™
Einstök hljóðvinnsla

- Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar og ráðgjöf
- Heyrnartæki og viðgerðarþjónusta
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ!
Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin Uppsölum Kringlunni • www.heyrnarstodin.is
Tímapantanir virka daga frá 9-18 í síma 568 6811




Heilinn getur minnkað virkni sjónstöðva til að hjálpa fólki að hlusta betur á tónlist og flókin hljóð.

## Minni virkni sjónstöðva við tónlistarhlustun

Heilinn getur minnkað virkni sjónstöðva til að hjálpa fólki að hlusta betur á tónlist og flókin hljóð. Þetta kemur fram í bandarískri rannsókn á tuttugu óþjálfuðum nemendum og tuttugu hljómsveitarstjórum. Kom í ljós að virkni í sjónstöðvum beggja hópa minnkaði til muna þegar hlustað var á tónlist en jókst að sama skapi í heilastöðvum sem tengjast heyrn.

Rannsakendurnir notuðu MRI-skanna til að mæla heilastarfsemi þátttakenda. Meðan á heilaskönnun stóð voru þátttakendur beðnir um að hlusta á tvo mismunandi tóna sem voru spilaðir með mjög stuttu millibili og segja hvor tónninn kæmi á undan. Þrautin var höfð erfiðari fyrir tónlistarmennina en hina.

Vísindamennirnir komust að því sem búist var við að virkni í heilastöðvum sem tengjast heyrn jókst, en að sama skapi minnkaði virkni sjónstöðva heilans, sem kom þeim að nokkru leyti á óvart.

Eftir því sem þrautin þyngdist færðist æ meira af heilastarfsemi leikmannanna frá sjónstöðvum til heyrnarstöðva. Raunin varð önnur hjá atvinnumönnunum. Eftir tiltekinn tíma komst á jafnvægi milli sjón- og heyrnarstöðva sem rannsakendur telja áralangri þjálfun að þakka.

*Af vefriti BBC*

# Rúnar Júlíusson
# Jólaóður
## Schola cantorum



*Nýr geisladiskur með gömlum og nýjum jólalögum*
*í flutningi Rúnars Júlíussonar og Schola cantorum*




*Jólasveinninn minn – Hátíð í bæ – Friður á jörð*
*Á fjarlægum stað – Hvít jól – Þorláksmessukvöld*
*Hvers barn er það – Ó, helga barn frá Betlehem*
*Ég kem heim um jólin – Heima jólunum á*
*Fögnum – Undrastjarna – Heims um ból*

EINN TVEIR OG ÞRÍR. 2.044

Geimsteinn

Skólavegi 12 • Keflavík • Sími: 421 2717 • runarjul@geimsteinn.is • www.geimsteinn.is

# PENZIM



ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

á ÞURRA HÚÐ á ROÐA á ÚTBROT á BRUNASÁR á FÍLAPENSLA á BÓLUR á ÖR á BÓLGUR á BLÖÐRUR á ANDLITIÐ á HÁLSINN á AXLIRNAR á OLNBOGANA á ÚLNLIÐINA á FINGURNA á BAKIÐ á MJÓHRYGGINN á MJAÐMIRNAR á LÆRIN á HNÉN á KÁLFANA á ÖKKLANA á FÓTLEGGINA á FLUGNABIT á SÁR á DÝRIN eftir RAKSTUR eftir ÁLAG eftir SÓLINA við KLÁÐA við SVIÐA í ÍÞRÓTTIR í HÁRSVÖRÐINN í NUDDIÐ milli TÁNNA PENZIM fyrir allan LÍKAMANN.

Penzim fæst í apótekum, heilsubúðum og verslunum Nóatúns um land allt.

penzim.is



indigo essences

## Námskeið í Indigo-kjörnum

### Fyrir alla sem vilja stuðla að betri líðan barna

Indigo kjarnar eru dropar sem hafa í sér orkumynstur úr kristöllum. Þessir dropar eru sérlega til þess gerðir að leiðrétta orkulegt, og tilfinningalegt jafnvægi barna. Námskeiðið nýtist öllum sem umgangast og vinna með börn, jafnt foreldrum, kennurum, leikskólakennurum, dagmæðrum og meðferðaraðilum sem og öðrum er vilja stuðla að betri vellíðan barna.

Kennari á námskeiðinu er Ann Callhagan hómópati. Ann kemur frá Írlandi þar sem hún vinnur sem kjarnaframleiðandi og heldur námskeið um allan heim í notkun kjarnanna.

Upplýsingar og skráning í síma 866-9512
Nánari uppl á www.lifssetrid.com


# Full starfsorka út daginn

**Hádegisleikfimi eða hádegisjóga nýtur sívaxandi vinsælda og eru margir vinnuveitendur farnir að hleypa starfsfólki sínu í smá sprikl um miðbik dags enda er árangurinn ótvíræður.**



**Halla Margrét Jóhannesdóttir, leikkona og leikfimikennari, hefur kennt hádegisleikfimina í Kramhúsinu síðastliðin þrjú ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á haustin hlaupa margir til og kaupa sér líkamsræktarkort fullir háleitra markmiða um að koma líkamanum í form. Þegar líða tekur á veturinn fer þó að draga úr afköstum á hlaupabrettinu og gefast margir á endanum upp. Oft er tímaskorti um að kenna og getur verið erfitt að koma líkamsræktinni við á morgnana eða eftir vinnu. Fyrir einhverja gæti þá hádegið verið valkostur. Í Kramhúsinu er bæði boðið upp á hádegisleikfimi og hádegisjóga og ýmsar fleiri líkamsræktarstöðvar bjóða upp á svipaða tíma.

„Það eru eingöngu konur sem sækja tímana hjá mér og margar fá leyfi hjá vinnuveitanda til að taka lengri matartíma nokkrum sinnum í viku. Þær sem eru með klukkutíma í mat og vinna í nágrenninu sleppa því tíminn er frá rúmlega tólf til tæplega eitt," segir Halla Margrét Jóhannesdóttir sem kennir hádegisleikfimina. „Það eru um það bil tuttugu konur sem koma að jafnaði í tímana og eru þær á öllum aldri. Þær yngstu eru yfirleitt um þrítugt en sú elsta er rúmlega sjötug," segir Halla Margrét „en hún er reyndar í einstaklega góðu formi," bætir hún við.

Halla Margrét segir að margar af þeim konum sem sækja tímana vinni í nágrenni við Kramhúsið en töluvert er af skrifstofum og ríkisstofnunum í kring. „Við gerum alls kyns æfingar til að liðka líkamann og er músíkleikfimi líklega besta orðið til að lýsa þessu. Við tökum einhver samba- og salsaskotin spor til að ná upp þoli, gerum styrkjandi æfingar fyrir kvið og bak, teygjur og slökun. Á föstudögum erum við svo með smá dekur, tökum góða slökun og höfum gufuna heita."

Leikfimin er í léttari kantinum og á það ekki að taka langan tíma að losna við rauðu flekkina. Þær sem koma reglulega segjast mæta endurnærðar til vinnu á eftir og hafa fulla orku út daginn." Halla Margrét segir líka hægt að breyta til og fara í hádegisjóga á móti leikfiminni. Þá er líka boðið upp á jóga á morgnana og í hádeginu um helgar. Halla Margrét segir flesta vita hversu mikilvægt það er að standa upp frá tölvunum og hreyfa sig og að nokkrar liðkandi æfingar um miðbik dags geti hreinlega bjargað deginum.

*vera@frettabladid.is*


af öllum Nettoline innréttingum 20% afsláttur til 17. nóvember

# Jólin nálgast!

20% afsláttur af öllum nettoline innréttingum til 17. nóvember

Tilboðinu lýkur 17. nóvember og verður ekki framlengt aftur!

NÝJAR SÝNINGARINNRÉTTINGAR - KOMDU OG SKOÐAÐU!

af öllum Nettoline innréttingum 20% afsláttur til 17. nóvember

nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT



Hlýtt og notalegt — NICE hvítt




Í takt við tímann — PISA höldulaust



Nýtt, ódýrt og spennandi — TORINO hnota



Betra bað - meira úrval - lægra verð



Góð vinnuaðstaða skiptir máli

nettoline

GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS
Veldu um
59 hurðagerðir og - liti



Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

**ÞITT ER VALIÐ!**
Þú velur um að kaupa innréttinguna ósamsetta eða lætur okkur um samsetninguna. Við önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

**VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!**
Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

25% Jóla AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM!
þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu!



Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, m.a. vorum við að fá sendingu af spanhelluborðum, sem við bjóðum á frábæru jólatilboðsverði.

www.nettoline.dk

Opið: virka daga 9 - 18
laugardaga 10 - 16

Friform
Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500

Velkomin í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana



● **FRÆÐSLUEFNI Á ÁTTA TUNGUMÁLUM**

Lýðheilsustöð hefur látið þýða íslenskan texta fræðsluefnis á sjö tungumál. Þetta eru fræðsluritin Áfengi, vímuefni og meðganga, Matur og meðganga, Reykingar og meðganga og Til foreldra um börn og óbeinar reykingar sem nú hafa verið þýddir á albönsku, arabísku, ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og taílensku.

Þá er tekinn saman stuttur útdráttur úr öllum bæklingunum sem hægt er að afhenda þeim sem eingöngu þurfa á kjarnanum að halda á viðkomandi tungumáli. Útdráttinn má einnig fá á íslensku.

Textana má nálgast á heimasíðu Lýðheilsustöðvar en þá má prenta út og láta fylgja íslensku bæklingunum sem liggja frammi á heilsugæslustöðvum.

Lýðheilsustöð hefur einnig látið útbúa og þýða fræðsluefni um tannvernd barna á fyrrnefndum tungumálum auk þess sem Geðorðin tíu hafa verið þýdd á sjö tungumál.



Vissir þú að B12 getur komið í veg fyrir timburmenn?

# vissir þú...

... að ein sígaretta eyðir 25 mg af C-vítamíni?

... að manneldisrannsóknir sýna, að 47 prósent kenna og 36 prósent fullorðinna karla þjást af D-vítamínskorti yfir vetrarmánuðina?

... að meira en einn áfengur drykkur á dag getur valdið skorti á B1, B6 og fólínsýru?

... að P-pillan eyðir B6, B12, fólínsýru og C-vítamíni?

... að þú þarft aukið magn af B6, ef þú neytir mikils prótíns?

... að B1 getur komið í veg fyrir bílveiki?

... að B12 getur komið í veg fyrir timburmenn?

*Heimild: Ný og betri bætiefnabiblía*

# Offita eykur líkur á krabbameini hjá konum

Um sex þúsund miðaldra eða eldri konur í Bretlandi fá krabbamein á hverju ári sem rekja má til offitu. Þetta kemur fram í nýlegri rannsókn sem birt var í vefriti the British Medical Journal. Talið er að um 23 prósent breskra kvenna séu of feit og 34 prósent of þung.

Rannsóknin sem stóð yfir í sjö ár tók til 45 þúsund krabbameinstilfella hjá rúmlega einni milljón kvenna á aldrinum 50 til 64 ára. Er talið að offita hafi áhrif í fimmtíu prósentum tilfella af magakrabbameini og einnar gerð af krabbameini í vélinda.

Offita hefur einnig verið tengd við aðrar gerðir krabbameina eins og ristil-, smáþarma-, nýrna-, brjósta-, beinmergs- og eggjastokkakrabbamein. Rannsakendur fundu einnig að tengingin milli þyngdar og krabbameins tengdist einnig aldri kvenna. Þannig eykur offita áhættu á brjóstakrabbameini aðeins hjá konum eftir breytingaskeið, en eykur líkur á ristil- og smáþarmakrabbameini hjá konum fyrir breytingaskeið.



Talið er að um 23 prósent breskra kvenna séu of feit, og 34 prósent of þung.




## Goran superform á 6 vikum

GORAN SUPERFORM er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

Það er ekki eftir neinu að bíða!

VILT ÞÚ:

Efla orku þína og komast í form?
Léttast og bæta meltinguna?
Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
Koma jafnvægi á hormónana?
Auka andlega vellíðan?
Bæta minni og einbeitingu?

Þú getur æft hvar sem er.
Það eina sem þú þarfnast eru fáeinir fermetrar.
Það er ástæðulaust að slá slöku við.
Líkami þinn er á sama máli.
Þú þarft ekki á neinum tækjum að halda.
Aðeins eigin líkamsþyngd.

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30.





Skráðu þig strax
í síma **578 8200**

**Námskeiðin byrja 12. nóvember!**

**Grand Spa** | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

# MAX VERÐHRUN!



Nýtt Nýtt

MEÐ ÍSLENSKUM TEXTA

MEÐ ÍSLENSKUM TEXTA



**1.689 kr.**

Fullt verð ~~2.299~~

Nýtt á DVD 2 diskar

Nýtt á DVD 2 diskar

**1.989 kr.**





## Digital tökuvél



**Panasonic SDRH20**
- Digital tökuvél með 30Gb hörðum diski
- 30GB harður diskur
- Tekur SD/SDHC kort (512Mb fylgir)
- 1/6" upptökuflaga - 800.000 punkta uppl.
- 32x Optical Zoom og 1000x Digital Zoom
- Color Night view
- MEGA O.I.S titringsdeyfir
- Innbyggð kyrrmyndavél
- 2.7" LCD breiðskjár
- Tekur hljóð upp í Dolby Digital
- USB 2.0 tenging við tölvu
- 512MB SD kort fylgir

30Gb

**49.989 kr.**

Fullt verð ~~54.989~~

## Þráðlaus DECT

**Philips DECT122**
- Þráðlaus DECT sími
- 30 númer í minni
- 10 tíma hleðsla í notkun
- 5 dagar í bið
- Endurval í 20 númer
- Sýnir númer sem hringir

**2.989 kr.**

Fullt verð ~~4.989~~

## MP3 samstæða

**Sony CMTNEZ50**
- 25w míkró samstæða
- Geislaspilari
- MP3 spilari
- Segulband
- Spilar MP3, CD-R/CD-RW

**19.989 kr.**

Fullt verð ~~25.989~~

## ATH Nýtt kortatímabil!



## Barkalaus þurrkari

**34.989 kr.**

Fullt verð ~~44.499~~

**Beko DC1160**
- Tvíátta barkalaus þurrkari
- Með krumpuvörn
- Tekur 6kg
- 8 stillingar
- 104 lítra tromla
- Orkunýtni C



**99.989 kr.**

Fullt verð ~~139.989~~

32 tommur

**Panasonic TX32LM70F**
- 32" V-Real LCD breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar - skerpa: 3.000:1
- V-Real tækni, HD Ready og Progressive Scan
- 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarp
- Backlight Control

## Heilsugrill



**3.989 kr.**

Fullt verð ~~6.989~~

**Ideline 743179**
- 800w Heilsugrill
- Safnar fitu og safa í bakka

Stundin okkar - Tónlistin 2006-2007



**1.789 kr.**

Fullt verð ~~2.499~~

Nýtt á DVD + CD

## Opnunartími

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 | Fim |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 | |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 | |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 | |

MAX / Kauptúni 1
210 Garðabæ
Sími 412 2200

VERÐHRUN!

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI





**FAGURKERI** Friðrika er farin að hlakka mikið til jólanna enda voru síðustu jól langt frá því að vera hefðbundin. Borðstofuborðið er úr Modern og stólarnir eru frá Casa. Glösin og kransinn koma frá móður hennar, Hjördísi Gissurardóttur, en hún er með jólamarkað í Englum og fólki.

aldri og þetta fer bara eftir karakterum hvernig fólk passar saman. En þegar maður hugsar um að hann hafi verið að fá bílpróf þegar ég var í vöggu þá er aldursmunurinn auðvitað mikill. En fólk getur verið svo þröngsýnt. Ég var spurð að því hvort mér þætti ekki hræðilegt að hann myndi deyja á undan mér eins og það væri eitthvað aldurstakmark á dauðanum.“ Líf Friðriku hefur breyst töluvert eftir að hún kynntist Stefáni en hún vill þó ekki gera mikið úr því. „Ég ferðast kannski meira en annars hef ég alltaf verið á ferð og flugi sjálf þannig að líf mitt breyttist ekki svo mikið. Ég held við lifum ósköp venjulegu lífi og leyfum okkur alls ekki allt frekar en annað fólk. Við erum mjög heimakær og eftir að Gunnar Helgi fæddist höfum við ekki ferðast eins mikið og áður. Við höfum ekki getað tekið eins virkan þátt í samkvæmislífinu og oft þurft að afboða okkur í skemmtileg boð. Okkur líður best í faðmi fjölskyldunnar en við erum bæði mjög náin fjölskyldum okkar. Þó heima sé best er alltaf gaman að hitta vini sína og annað skemmtilegt fólk.“ Áhugamálin eru margvísleg, fyrir utan mat er fjölskyldan, mannúðarmál og ljósmyndun efst á baugi. Þegar hún er spurð að því hvað þau geri saman nefnir hún laxveiði og skíðaiðkun. „Svo elda ég kræsingar og hann velur vínin en hann er mikill vínáhugamaður.“

Þessa dagana snýst líf Friðriku um mennina í lífi hennar, Stefán og Gunnar Helga. Hún nýtur þess að vera húsmóðir enda kann hún alltaf best við sig í eldhúsinu. „Ég fæ mikla útrás í eldhúsinu, sumir fara í jóga, en ég baka og bý til mat. Svo er ég ennþá að koma okkur betur fyrir enda erum við nýflutt en annars er ég alltaf að plotta eitthvað, er alltaf að hugsa um hvað ég ætla að gera næst,“ segir Friðrika. Hún vill þó ekki gefa upp hvað hún sé að plotta en viðurkennir að hana langi alltaf til að vera með eigin matreiðsluþátt. „Mér finnst svo gaman að vinna í sjónvarpi. Þar hittir maður svo mikið að skemmtilegu fólki og þetta er ákaflega lifandi starf. Draumurinn um matreiðsluþáttinn er búinn að blunda í mér síðan ég var barn og hver veit nema óskin rætist einn daginn.“

*martamaria@365.is*



**STIGINN UPP Á AÐRA HÆÐINA ER MJÖG GLÆSILEGUR**
Hann er teppalagður með svörtu ullarteppi en handriðið er að hluta til upprunalegt. Kjartan Rafnsson arkítekt var þeim innan handar en Stefán og Friðrika höfðu mjög ákveðnar skoðanir hvernig þau vildu hafa þetta.
MYNDIR/VALLI



**ÞAÐ VÆSIR EKKI UM PRINSINN** Gunnar Helgi hefur nægt leikpláss. Takið eftir arninum en hann er klæddur með svörtum leðurflísum og setur svip sinn á stofuna.







Stærsta og eflaust eitt íburðarmesta brúðkaup Íslandssögunnar er fram undan þegar þau Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir ganga í heilagt hjónaband 17. nóvember næstkomandi í Dómkirkjunni.

Sögusagnir um væntanlegt brúðkaup fóru að kvisast út þegar dularfulla boðskortið kom í pósti en á því var ekki tekið fram að um brúðkaup væri að ræða heldur haustfagnað. Viku seinna kom svo endanlegt boðskort þar sem boðið var formlega í brúðkaup. Skemmtanaelítan hefur iðað í skinninu síðan boðið kom enda ekki á hverjum degi sem boðskort í slíka veislu berst og mikil eftirvænting liggur í loftinu. Flestir förðunarfræðingar eru nú þegar uppbókaðir og sparikjólar og annar samkvæmisfatnaður hefur rokið út í betri verslunum borgarinnar. Fína fólkið ætlar ekki að láta hanka sig á hallærislegum klæðnaði og gerir allt til að forðast tískuslys.

# Vonir og væntingar

## BRÚÐKAUP JÓNS ÁSGEIRS JÓHANNESSONAR OG INGIBJARGAR PÁLMADÓTTUR



### GJAFALISTI

Hvað er hægt að gefa fólki sem á allt?

Fallvötn og jarðskikar koma sterkt inn þar sem tilvonandi brúðhjón eru miklir náttúruunnendur og það geta allir á sig náttúruperlum bætt. Frumlegar og jafnvel heimatilbúnar gjafir eru vel þegnar. Sá sem getur búið til eilífa ást í poka sem ekki má loka á án efa eftir að vinna sér inn mörg prik.

Ætla má að þar sem brúðkaupsveislan er haldin í Hafnarhúsinu að borðhaldið verði standandi. Sirkus sló á þráðinn til óperusöngvarans og siðapostulans Bergþórs Pálssonar og fékk góð ráð um það hvernig best er að athafna sig þegar pinnamatur og hlaðborð eru annars vegar.



„Veislugestir ættu að forðast að standa yfir veisluborðinu og hrúga á servíettuna, ég mæli með að fólk fá sér einn bita í einu, það er mun snyrtilegra og kemur í veg fyrir að örtröð myndist við gnægtaborðið. Servíetturnar eru hugsaðar til að halda höndunum á okkur hreinum en ekki sem diskar. Það er mikilvægt í boðum sem þessum að fólk hafi hreinar hendur þegar næsta manni er heilsað með handabandi. Gott er að hafa í huga að halda hægri hendinni lausri af sömu ástæðu og temja sér að hafa glasið í þeirri vinstri. Mikilvægt er að gestirnir séu óhræddir við að kynna sig hver fyrir öðrum og hver veit hvaða afleiðingar sú viðkynning mun hafa í för með sér. Það sem skiptir þó öllu máli er að fólk skemmti sér vel og það ætti að vera inntak veislunnar," segir Bergþór að lokum.

Fyrir alla þá sem vilja haga sér eins og lög gera ráð fyrir í brúðkaupinu mælum við með bókinni Vinamót eftir Bergþór, en hún kom út á dögunum.

### SKREYTINGARNAR

Brúðkaupsveislan verður haldin í Hafnarhúsinu eftir að brúðhjónin hafa verið gefin saman. Eitt er víst að súkkulaðigosbrunnar og hvítar blómaskreytingar munu ekki prýða Hafnarhúsið. Líklegast verður skreytingum haldið í lágmarki og hráu húsnæðinu leyft að njóta sín.



### BRÚÐGUMAKLIPPING JÓNS ÁSGEIRS

Er ekki kominn tími til að Jón Ásgeir skilji sítt að aftan makkann eftir í fortíðinni? Sirkus hafði samband við nokkrar hárgreiðslustofur á höfuðborgarsvæðinu, en þar höfðu menn skiptar skoðanir á klippingu brúðgumans tilvonandi.

Hvernig myndir þú klippa Jón Ásgeir?

Gosi, hárgreiðslumaður á hárgreiðslustofunni Rauðhettu og úlfinum : „Mig grunar að Jón Ásgeir vilji halda hársíddinni sem hann er með í dag. Með það í huga sé ég hann fyrir mér með ekkert ósvipaða klippingu og Bon Jovi, þar sem miðjuskiptingunni sem hefur einkennt hann í áratugi væri skipt út fyrir hliðargreiðslu. Jón Ásgeir væri sömuleiðis flottur með hárið sleikt aftur í teygju líkt og leikarinn Steven Seagal. Ef ég hefði algerlega frjálsar hendur í hári Jóns, væri þó snöggklippt herraklipping frá 5. áratugnum ofan á."





Hárgreiðslumaðurinn Stjúri á hárgreiðslustofunni Gel: „Jón Ásgeir er glæsilegur eins og hann er og ætti ekki að breyta neinu."





### BRÚÐARGREIÐSLAN

Þeir sem þekkja stíl Ingibjargar vita að hár hennar verður látlaust og hún mun líkast til hafa það slegið og flaksandi. Hárgreiðslumaðurinn Simbi, og einn af nánustu vinum Ingibjargar, verður þó ekki langt undan á stóra deginum og mun ekki víla fyrir sér að hafa hendur í hári hennar eins og hann hefur gert í áratugi. Sirkus hafði samband við Simba og forvitnaðist um brúðargreiðsluna. „Það hefur ekkert verið ákveðið í þeim efnum. Við erum ekki komin svo langt í því ferli þar sem Ingibjörg hefur verið búsett erlendis upp á síðkastið og ég get því miður ekkert upplýst um málið að svo stöddu." segir Simbi, einn af ástsælustu hárgreiðslumönnum þjóðarinnar.



### GESTALISTI

Á fremstu bekkjum kirkjunnar mun nánasta fjölskylda Jón Ásgeirs og Ingibjargar skarta sínu fegursta. Lilja Pálmadóttir og eiginmaður hennar Baltasar Kormákur verða þar væntanlega fremst í flokki ásamt Jóhannesi í Bónus og konu hans, Guðrúnu Þórsdóttur. Systir Jón Ágeirs og góð vinkona Ingibjargar, Kristín Jóhannesdóttir, verður að sjálfsögðu framarlega. Sigurður Pálmi, sonur Ingibjargar, og kærasta hans, ljósmyndarinn og listneminn Silja Magg, munu væntanlega yfirgefa New York, þar sem þau eru búsett og gleðjast með brúðhjónunum þennan dag. Ari Magg bróðir Silju verður líklegast ekki langt undan með myndavélina að vopni og mun væntanlega sjá um að festa þessa merku stund á filmu.

### AÐRIR MERKIR MENN Á GESTALISTA

Ari Edwald, forstjóri 356, og eiginkona hans Þórunn Pálsdóttir, myndlistarmennirnir Hulda Hákon og Jón Óskar, Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, Jón Björnsson, forstjóri Magasin du Nord, Sybil Kristinsdóttir í Sautján, Þorsteinn M. Jónsson, forstjóri Vífilfells, Magnús Ármann fjárfestir og Sigurður Bollason, Ólafur og Dorrit en forsetafrúin er góð vinkona Ingibjargar. Hannes Smárason, Bjarni Ármansson, Helga Sverrisdóttir, Þórður Már Jóhannesson og Nanna eiginkona hans eru líka búin að fá boðskort í veisluna svo einhverjir séu nefndir.





### BRÚÐARKJÓLLINN

Ingibjörg er iðulega efst á listum yfir best klæddu konur á Íslandi og er annáluð fyrir stíl sinn. Hún er mikið í svörtu og ljóst þykir að hún muni ekki ganga upp að altarinu hvítklædd í rjómatertukjól. Tískuspekúlantar ganga jafnvel svo langt að halda að brúðarkjóll hennar verði svartur. Eðaltöffarinn Karl Lagerfeld fatahönnuður deilir sama stigagangi í New York og tilvonandi brúðhjónin og þykir nágranninn líklegur kandídat sem hönnuður brúðarkjóls Ingibjargar.





# sirkus STJÓRINN

## Hverjir voru hvar

Ef einhver var bremslulaus um helgina þá var það sirkusstjórinn. Hann var hárréttur maður á hárréttum tíma. B5 stimplaði sig inn sem einn hressasti skemmtistaðurinn en þangað flykktust helstu stælgæjar og glansgellur borgarinnar. Karen Millen-skvísurnar skörtuðu sínu fegursta, en þar voru líka Anna María Ragnarsdóttir snyrtifræðingur, Sif Björnsdóttir ofurskutla, Ingibjörg Stefánsdóttir leikkona og jógakennari, Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður á Lex, í fjólublárri glansskyrtu, Birta Björnsdóttir fatahönnuður og maður hennar, Jón Páll húðflúrmeistari og starfsmaður Latabæjar. Lilja Björk Ketilsdóttir, framkvæmdastjóri Remax, mætti með nýja klippingu ásamt vinkonu sinni, Kötlu Jónasdóttur.





Árni Sigfússon arkítekt og bróðir Péturs Jóhanns sýndi ógleymanlega takta á dansgólfinu ásamt Jóhanni lækni í Svíþjóð. Á dansgólfinu var líka Dýrleif Örlygsdóttir stílisti og jakkafataklæddu vinkonurnar hennar. Þegar líða tók á nóttina tók Sirkusstjórinn Kára Stefánsson til fyrirmyndar og skellti sér á bak Moooi-lampans sem lítur út eins og verðlaunahross.



# POPPAÐ APÓTEK

**Nýi skemmtistaðurinn Apótekið var opnaður um síðustu helgi og af því tilefni var boðið í veglegt opnunarteiti. Eigendur staðarins, Gunnar Traustason og Garðar Kjartansson, voru flottir á því en í teitinu var opinn bar og gátu gestirnir drukkið eins og þá lysti. Allt helsta djammlið landsins var mætt til að lyfta sér upp og höfðu menn og konur orð á því að staðurinn væri sérlega glæsilegur. Þess má geta að staðurinn opnar formlega í kvöld.**



**ALLTAF SMART** Kærustuparið Guðjón Rúnarsson og Kristín Ásta Kristinsdóttir eru alltaf vel til fara. Hér eru þau ásamt Remax-drottningunni Nönnu Guðbergsdóttur og Óliver Pálmasyni athafnamanni.

MYNDIR/DANÍEL RÚNARSSON



**DÖKKHÆRÐAR OG DULARFULLAR** Vero Moda-systurnar Helga og Marta Árnadætur eru hér með Grétu vinkonu sinni. Þess má geta að Helga er tengdadóttir Garðars Kjartanssonar eiganda Apóteksins.



**HUGMYNDARÍKAR** Linda og Valgerður hönnuðu arininn sem sést hérna í bakgrunninn en hann setur svip sinn á staðinn.



**OPNUNARPARTÍIÐ Á APÓTEKINU** Garðar og Gunnar eigendur Apóteksins.



**Í STUÐI** Hanna, Sibba og Elísabet skemmtu sér konunglega í boðinu.




FM957
Harry Potter
AND THE ORDER OF THE PHOENIX
Komin á DVD
með íslenskum texta
JÓLALEIKUR
HARRY POTTER
AND THE ORDER
OF THE PHOENIX
Nánari uppl. á www.fm957.is
ATH: Geymið miðann
Skráðu þig á www.fm957.is
HP319685
TAKTU ÞÁTT Í JÓLALEIK HARRY POTTER*
Límmiðinn á myndinni gæti fært þér 42 TOMMU PHILIPS PLASMA
SJÓNVARP, Ipod, árskort í Sambíóin og margt fleira.
Nánari upplýsingar á www.fm957.is
FM957
SAM MYNDIR
ATH!
*Harry Potter með jólaleiksmiðanum fæst í
öllum verslunum nema BT og Skífunni

# uppáhalds...

## íslenska bíómyndin?

„Ég bjó erlendis í rúm tíu ár og verð að viðurkenna að ég hef ekki séð allar þær íslensku myndir sem hafa verið í boði. Sú mynd sem kemur þó fyrst upp í huga minn er kvikmyndin 1,0 í leikstjórn Marteins Þórssonar. Börn náttúrunnar í leikstjórn Friðriks Þórs er sömuleiðis ein af mínum uppáhalds myndum og ég á mjög erfitt með að gera upp á milli þessara tveggja bíómynda."



**Sigtryggur Baldursson, tónlistarmaður.**

„Sódóma Reykjavík er lang besta íslenska myndin sem gerð hefur verið hingað til og ein af fáum íslenskum myndum sem hægt er að segja að sé skemmtileg ef frá eru taldar „Lífs"-myndir Þráins Bertelssonar. Í þá daga virtust íslenskir kvikmyndagerðarmenn lengst af leggja upp með það að vera leiðinlegir og láta landlægt skammdegisþunglyndi eitra kvikmyndir sínar. Gegn þessari brenglun sigldi Óskar Jónasson, í kjölfar Þráins, með sinni einföldu og léttleikandi gamanmynd sem sýndi og sannaði að það var hægt að gera íslenskt bíó án þess að notast við haglabyssur og tilgangslausa nekt (Þráinn flaskaði á því). Í Sódómu fór saman góður leikur (meira að segja Björn Jörundur var góður), skemmtileg saga, fín tónlist og almenn lífsgleði. Allt mjög óíslenskt í mynd sem gæti ekki verið íslenskari."



**Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri Mannlífs.**

„Sú íslenska bíómynd sem stendur næst hjarta mínu er kvikmyndin Dís í leikstjórn Silju Hauksdóttur en við stöllur, ég, Silja og Birna Anna Björnsdóttir unnum handritið út frá bókinni Dís sem við skrifuðum árið 2000. Það er mikil þörf á kvikmyndum sem sýna samfélagslega stöðu ungra kvenna á Íslandi í samtímanum og í því ljósi er kvikmyndin Dís mikilvægt innlegg í umræðuna. Bíómyndin Börn náttúrunnar er einnig í miklu uppáhaldi hjá mér og fegurð sögunnar lætur engan ósnortinn."



**Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi og rithöfundur,**

„Mynd Dags Kára, Nói albínói, er ein af mínum uppáhalds íslensku bíómyndum. Hún er mér mjög minnisstæð og kom mér virkilega á óvart. Leikurinn er ótrúlega sterkur og karakterarnir í myndinni ógleymanlegir. Stuðmyndin „Með allt á hreinu" í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar skipar einnig heiðursess hjá mér og er sú bíómynd sem ég get horft á aftur og aftur og alltaf hlegið jafn mikið."

**Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikkona.**





**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Inga Lind er ástargyðja

Inga Lind er ástargyðja," segir Sigríður Klingenberg spákona um sjónvarpskonuna. „Hún þarf ekki annað en labba niður Laugaveginn og það svífur á alla karlmenn bara við það eitt að sjá augnatillit hennar. Hún hefur verið drottning í fyrra lífi, jafnvel Kleópatra. Inga Lind er dugleg, heldur vel heimili, er smekkleg og hefði getað verið innanhússarkitekt eða skapað sér starf með eitthvað þesslegt í huga. Inga á alltaf eftir að verða áberandi. Henni þykir gaman að fólki og er hlý og framkvæmdasöm. Hennar markmið í lífinu er að hafa gaman í dag svo allir dagar í kringum Ingu Lind eru skemmtilegir. Inga Lind er dálítill strákur í sér og þar af leiðandi er betra fyrir hana að vinna með strákunum. Konur geta orðið dálítið afbrýðisamar út í Ingu Lind en hún mun ekki skilja af hverju. Hún hefur þann góða sið að tala aldrei illa um náungann og er mikill verndari þeirra sem hún tekur að hjarta sínu. Hún er einlæg, og hefur töluna 3 sem er listatala enda er hún eins og listaverk í útliti. Fólk sækir í að vinna með Ingu Lind því hún skapar jafnvægi á vinnustað. Hún er búin að vera á ári þar sem hún hefur hugsað mikið um sjálfa sig, ræktað líkamann og hugann og kemur einbeitt fram í lífsorkuna árið 2008. Carry on Inga Lind.."



**INGA LIND KARLSDÓTTIR „Hún þarf ekki annað en labba niður Laugaveginn og það svífur á alla karlmenn bara við það eitt að sjá augnatillit hennar," segir frú Klingenberg um sjónvarpskonuna.**

GERÐUR KRISTNÝ SKRIFAÐI BÓK UM FORSETANN:

# ÓLAFUR RAGNAR ER LEYNIGESTUR

Í dag kemur út bókin, Ball á Bessastöðum, sem er barnabók eftir Gerði Kristnýju. Bókin fjallar um forsetann og hans daglega líf.

„Ég hafði verið að lesa norskar barnabækur þar sem kóngurinn kemur gjarnan við sögu. Hann birtist til dæmis á svölum hallarinnar og veifar til mannfjöldans og ég fór að velta því fyrir mér hvort ekki gæti verið gaman að semja barnasögu um uppdiktaðan íslenska forseta. Krakkar hljóta að velta því fyrir sér hvernig það sé að vera forseti, hvort það sé eintómt fjör og hvað hann eiginlega geri alla daga," segir Gerður. Hún vill þó ekki meina að bókin sé um Ólaf Ragnar.

„Nei, nei, alls ekki. Hins vegar birtist Ólafur Ragnar sem leynigestur í bókinni. Í bókarlok eru myndir af öllum forsetum íslensku þjóðarinnar, sem Halldór Baldursson teiknar eins og allar aðrar myndir í bókinni, og þar er látið líta út fyrir að forsetinn í bókinni taki við af Ólafi Ragnari." Ball á Bessastöðum fjallar um forseta sem er nafnlaus og því bara kallaður forsetinn.

„Honum er farið að leiðast starfið sitt. Hann fær nefnilega svo mikið af bréfum og þau þarf bæði að lesa og svara að hann hefur engan tíma lengur til að gera neitt skemmtilegt, s.s. að klippa á borða, afhenda verðlaun eða heimsækja leikskóla. Svo er hann eini forseti landsins og veit því ekkert með hverjum hann á að borða í hádeginu. Ritararnir hans bjóða honum aldrei með sér út á Bæjarins bestu. Eiginlega langar þennan forseta mun meira til að verða gröfustjóri og einn daginn lætur hann það eftir sér. Við sögu koma líka til dæmis selir, hjólabrettastelpa, ráðskonan á Bessastöðum, strákur sem missir gleraugun sín út í Tjörnina og veðurglögg stúlka úr Mývatnssveit. Síðast en ekki síst er sagt frá heilmiklu balli."

Þegar Gerður Kristný er spurð að því hvort hún þekki Ólaf Ragnar segir hún svo ekki vera.

„Nei, við erum ekki málkunnug en ég efast ekki um að hann sé dyggur lesandi Sirkuss og eigi því eftir að frétta af bókinni von bráðar."

Sirkus hafði samband við forsetaskrifstofun en skrifstofustjórinn, Örnólfur Thorsson, vildi ekkert um málið segja,

martamaria@365.is





**Gerður Kristný segir að krakkar hljóti að velta því fyrir sér hvernig líf forsetans sé.**





**BALL Á BESSASTÖÐUM Halldór Gylfason myndskreytti bókina. Aftan á bókinni er ekki hefðbundin höfundarmynd heldur skopteikning af honum sjálfum og Gerði Kristnýju.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM GÖNGU SINNI. SLÁTTUR HANNESAR HEIMIS VIRÐIST ÞÉTTUR OG ÖRUGGUR, ALLS HEFUR HANN UNNIÐ 7 MÓTHERJA OG ER AÐ NÁLGAST FJÖLDA SIGRA HELGA SELJANS SEM VORU ÁTTA TALSINS. HÉR MÆTIR HANNES HEIMIR GETTU BETUR-KÓNGINUM DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSYNI.

**1. Hver var kosin fegurðardrottning Norðurlanda nú á dögunum?**

**2. Hver er aðstoðarmaður nýráðins landsliðsþjálfara karla í knattspyrnu?**

**3. Hvað heitir nýjasta plata söngkonunnar Britney Spears?**

**4. Hver er hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Sprengjuhöllin?**

**5. Hvaða íslenski hönnuður hlaut norrænu hönnunarverðlaunin „Ginen" í haust?**

**6. Hvaða íslenska söngkona sendi nýverið frá sér plötuna „Solo Noi"?**

**7. Hver gegnir stöðu ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins?**

**8. Hverjir ritstýra myndlistartímaritinu Sjónauka?**

**9. Hvaða útgáfufyrirtæki gefur út endurbætta útgáfu af 10 litlum negrastákum?**

**10. Hver er aðstoðarmaður borgarstjóra?**

**Svör: 1.** Fanney Lára Guðmundsdóttir. **2.** Pétur Pétursson. **3.** Blackout. **4.** Atli Bollason. **5.** Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður. **6.** Dísella. **7.** Ragnhildur Hjaltadóttir. **8.** Anna Júlía Friðbjörnsdóttir og Karlotta Blöndal **9.** Skrudda ehf. **10.** Guðmundur Steingrímsson



## Hannes Heimir 5 RÉTT SVÖR

1. Veit það ekki.
2. Pétur Pétursson.
3. Give me more.
4. Veit það ekki.
5. Steinunn Sigurðardóttir.
6. Dísella Lárusdóttir.
7. Anna Júlía Friðbjörnsdóttir og Karlotta Blöndal.
8. Ekki hugmynd.
9. Ég giska á JPV.
10. Guðmundur Steingrímsson.



## Davíð Þór 3 RÉTT SVÖR

1. Ég hef ekki hugmynd.
2. Pétur Pétursson.
3. Ekki hugmynd.
4. Aldrei heyrt talað um þessa hljómsveit.
5. Ólafur Elíasson.
6. Dísella.
7. Veit ekki.
8. Ég hef aldrei heyrt talað um þetta blað.
9. Edda.
10. Guðmundur Steingrímsson.

Hannes Heimir barði trumburnar eins og endranær til sigurs. Hannes fékk fimm stig af tíu mögulegum á móti þremur stigum Davíðs Þórs. Davíð Þór skorar á dagskrárgerðarmanninn Ásgrím Sverrisson til að slá Hannes Heimi út af laginu í næstu viku.



SERRANO Í SMÁRALIND OPNAR Í DAG
200 FYRSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR FÁ ÓKEYPIS BURRITO OG GOS
Á SERRANO TÖKUM VIÐ MATINN OKKAR ALVARLEGA.
VIÐ MATREIÐUM EINUNGIS NÆRINGARRÍKAN, HOLLAN OG UMFRAM ALLT LJÚFFENGAN BITA MEÐ MEXÍKÓSKU ÍVAFI. KOMDU VIÐ Á NÝJUM STAÐ OKKAR Í SMÁRALIND OG SMAKKAÐU LJÚFFENGA BURRITOS, QUESADILLAS EÐA TACOS.
serrano
HAFÐU ÞAÐ GOTT
STJÖRNUTORG - KRINGLAN // N1 - HRINGBRAUT 12 // SMÁRALIND

# Nú verður **dælan** látin ganga!




**OBH NORDICA**
**DESIGNING GOOD LIFE**

**Tvö glös fylgja!**

OBH Nordica í samstarfi við **Tuborg** og **Carlsberg** kynnir hágæða bjórdælu til heimilisnota. Vélin er stílhrein og einföld í notkun en í hana eru notaðir fimm lítra einnota **Tuborg/Carlsberg** bjórkútar sem fást í næstu **Vínbúð**. OBH Nordica 6502G bjórdælan tryggir að bjórinn er alltaf kaldur, bragðið enn betra en áður og fullkomin froða kemur í glasið.

**Verð kr. 19.495**

Dælan fæst á eftirtöldum útsölustöðum um land allt:

---

**Reykjavík og nágrenni**
Hagkaup Kringlan
Hagkaup Skeifan
Hagkaup Smáralind
Hagkaup Spöng
Heimilistæki Suðurlandsbraut 26
MAX raftæki Kauptúni
Nettó Mjódd
Sjónvarpsmiðstöðin Síðumúla

**Landsbyggðin**
Hljómsýn Akranesi
Hagkaup Borgarnesi
Samkaup Úrval Borgarnesi
Skipavík Stykkishólmi
Blómsturvellir Hellissandi
Samkaup Úrval Ísafirði
Smáalind Patreksfirði
Kaupf. Steingrímsfjarðar Hólmavík
Krákur Blönduósi
Kaupf. V-Húnvetninga Hvammstanga
Skagfirðingabúð Sauðárkróki
Samkaup Úrval Ólafsfirði
Valberg Ólafsfirði
Heimilistæki Akureyri
Hagkaup Akureyri
Nettó Akureyri
Heimilistæki Húsavík
Fláabrún Vopnafirði
Samkaup Úrval Egilsstöðum
Martölvan Höfn
Nettó Höfn
Klakkur Vík
Geisli Vestmannaeyjum
Mosfel Hellu
Heimilistæki Selfossi
Verslunin Rás Þorlákshöfn
Tölvuspítalinn Grindavík
Kaskó Reykjanesbæ
Hagkaup Reykjanesbæ
Samkaup Úrval Reykjanesbæ

Dreifing: **Heimilistæki**
Umboðsmenn um land allt www.ht.is

# ÍSBAND.IS

ÍSLENSK BANDARÍSKA EHF. **BÍLAINNFLUTNINGUR**

Funahöfða 1 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433 - isband@isband.is - www.isband.is
Opið mánudaga til föstudaga kl 10- 18:30 - laugardaga kl 12- 16

## ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

Ótrúleg verðlækkun frá okkar lágu verðum á nokkrum 2007 bílum

**ATH ATH ATH ATH ( ALLT NÝJIR BÍLAR ) ATH ATH ATH ATH**



**Ford Edge 2 stk til**
Verð 5.600þ okkar verð 4.990
**tilboð 4.790**
Verð 5.500þ okkar verð 4.890
**tilboð 4.690**
Sjá nánar á www.isband.is



**Ford Explorer Eddie Bauer Luxury V8**
Þessi er á ótrúlegu verði 1 stk til
Verð 5.900þ okkar verð 4.990þ
**tilboð 4.690**
Sjá nánar á www.isband.is



**Chrysler Grand Voyager 3.3 V6**
4 captainstólar 7 manna einn með öllu Verð 4.400þ okkar verð 3.790þ
**tilboð 3.490þ**
Sjá nánar á www.isband.is



**Dodge Charger R/T 4x4**
Þessi er svakalegur og nú 4x4
okkar verð 5.300þ
**tilboð 4.690þ**
Sjá nánar á www.isband.is



**Lincoln LT Elite**
sá flottasti einn með öllu
Okkar verð 4.790
**tilboð 4.490þ**
Sjá nánar á www.isband.is



**Toyota Tacoma TRD Off Road V6**
Þessi er á frábæru verði með húsi og gangbrettum
Okkar verð 3.750þ
**tilboð 3.450þ**
Sjá nánar á www.isband.is



**GMC Sierra Vortec Max K1500 6,0 lítra**
Þessi er með öllu td dvd, navigation, klæðning í skúffu og fl
Okkar verð 4.840þ **tilboð 4.490**
**verð tilboð með húsi 4.690þ**
Sjá nánar á www.isband.is



**Ford F150 King Ranch með nánast öllu**
Td 20" felgum, topplúgu og fl verð 5.030þ
okkar verð 4.450þ
**Tilboð 4.150þ með húsi 4.350þ**
Sjá nánar á www.isband.is



**Dodge Ram 1500 Laramie 4 stk**
Vorum að fá 4 stk svarta, silfur og gráa 20" felgur, navigation og fl
**Verð tilboð 3.990þ með topplúgu**
**3.890 án topplúgu**
Sjá nánar á www.isband.is

## ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

Stórlækkað verð á nokkrum notuðum lúxusbílum frá okkur



**Mercedes Benz ML 320 CDI** dísel árgerð 2007. Þessi er ekinn 24 þ km með topplúgu, rafmagns hlera og fl
**verð tilboð 6.290þ**
Sjá nánar á www.isband.is



**Mercedes Benz ML 350** árgerð 2007. Þessi er ekinn 14 þ km með topplúgu, rafmagns hlera og fl
**verð tilboð 5.790þ**
Sjá nánar á www.isband.is



**Mercedes Benz R 350** árgerð 2006 Þessi er ekinn 19 þ km einn með öllu td loft fjöðrun, glerþak og fl. Ótrúlegt verð sem ekki hefur sést áður
**verð tilboð 4.990þ**
Sjá nánar á www.isband.is



**Lexus GS 300 4x4** árgerð 2006 Ekinn aðeins 6 þúsund þessi er með nánast öllu td park assistance. Topplúgu og svo fjórhjóladrifi okkar verð 5.890þ
**ótúlegt tilboð 4.990þ**
geri aðrir betur
Sjá nánar á www.isband.is



erum og verðum
ALLTAF ÓDÝRARI
INTEL TÖLVUPAKKI 3
• Intel Core2Duo E6750 - 4MB
• 2GB 667MHz Dual DDR2
• 500GB SATAII WD - 16MB
• 512MB Geforce 8600GT
• 22" Acer widescreen 5ms
119.950
AMD TÖLVUPAKKI 1
• AMD X2 DualCore 4600+
• 2GB Dual DDR2 667MHz
• 320GB SATAII WD - 16MB
• 256MB ATI Radion X1250
• 19" Acer widescreen 5ms
79.950
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.
ACER ASPIRE 7520G
• 1.8GHz AMD Turion64 X2
• 2GB Dual DDR2 minni
• 160GB SATA 5400rpm
• 256MB DDR Geforce 8400
• 17" CrystalBrite skjár
acer
99.950
ACER ASPIRE 5920G
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
• 2.0Ghz Core 2 Duo T7300
• 2GB Dual DDR2 667MHz
• 160GB SATA 5400rpm
• 256MB DDR Geforce 8600GT
• 15,4" CrystalBrite skjár
acer
119.950
TURNUPPFÆRSLA 1
• AMD X2 DualCore 4000+
• 1GB DDR2 667MHz
• 160GB SATAII WD - 8MB
• 256MB Ati Radeon X1250
29.950
TURNUPPFÆRSLA 3
• AMD X2 DualCore 6000+
• 2GB DDR2 667MHz
• 500GB SATAII WD - 16MB
• 256MB GeForce 8600GT
69.950
CANON IP2500
Canon iP2500 er 2 hylkja ljósmyndaprentari með 4800x1200 dpi upplausn ChromaLife tækni
Canon
6.950
ACER 22" AL2216WBD
Hágæða 22" LCD Acer tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma
acer
25.950
DIVICO TVIX 3100U
DViCO TViX M-3100U spilari/hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska m/LCD skjá tengist við sjónvarp
TViX
15.750
CORSAIR 1GB MINNI
Hágæða vinnsluminni frá Corsair með 1GB DDR2 667MHz, PC2-5300 lífstíðarábyrgð
CORSAIR
2.950
LOGITECH EX-110
• Logiteh EX-110
• Þráðlaus geislamús
• Þráðlaust lyklaborð
• Áprentaðir íslenskir stafir
Logitech
3.450
202 HEYRNARTÓL
SENNHEISER
Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól, frábær hljómur, frábært verð
2.750
SAMSUNG DVD SKRIFARI
• Styður Dual layer
• 20x +/- DVD skrifhraði
• 48x CD skrifhraði
• Hugbúnaður fylgir
SAMSUNG
3.450
MSI NX8600GT-TD512
512MB skjákort 800MHz DDR2, 540MHz Core, 128-bit, DVI, PCI-E 16X
MSI
12.950
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
www.att.is
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

# Fastgengisstefna gagnvart evrunni

**UMRÆÐAN**
Gjaldeyrismál

Nýr valkostur hvað varðar gjaldeyris- og gengismál Íslendinga er smátt og smátt að koma í ljós. Undanfarið hefur verið deilt um hvort halda eigi krónunni eða ekki, og þá hvort hægt sé að taka upp evru einhliða eða aðild að Evrópusambandinu sé þar frumskilyrði.

Ófrávíkjanleg staðreynd mála er sú að Evrópusambandið er okkar stærsti og mikilvægasti viðskiptaaðili. Við ríki ESB eigum við yfir 70% okkar milliríkjaviðskipta. Þorri Evrópuþjóða tekur þátt í myntsamstarfi þess og gjaldmiðlar þeirra ríkja innan sambandsins sem ekki hafa tekið upp evru njóta gengisstöðugleikaáhrifa aðildar. Sum ríki með beinum samningum, s.s. Danmörk, en danska krónan er múlbundin við evru þ.a. verulegt gengisflökt dönsku krónunnar gagnvart evru er óhugsandi. Danska krónan er þannig í reynd evra í dulargervi.


FRIÐRIK JÓNSSON

Einn valkostur Íslands, á meðan áfram er þrefað um aðild eða ekki aðild, evru eða ekki evru, er að taka upp fastgengisstefnu gagnvart evrunni.

Fastgengisstefna verður hins vegar að njóta verulegs trúverðugleika ef hún á að ganga upp og viðkomandi gjaldeyrir á ekki að verða endalaust skotmark spákaupmanna. Sá trúverðugleiki mun fyrst og fremst byggjast á grundvallarstyrk íslenska efnahagskerfisins til þess að standa undir því gengi sem miðað er við. En því til viðbótar er hægt að styrkja og styðja slíka stefnu með beinum og óbeinum hætti.

Það færi fram með beinum hætti ef hægt væri að ná fram gagnkvæmnissamningi við seðlabanka Evrópu um að styðja við gengi krónunnar. Vissulega væri slíkur samningur óvenjulegur, en þarf ekki að vera óhugsandi. Slíkan samning má m.a. rökstyðja með vísan til aðildar Íslands að innri markaði ESB í gegnum EES-samninginn.

Fastgengisstefna yrði einnig studd óbeinum hætti ef fleiri íslensk fyrirtæki feta í fótspor þeirra fyrirtækja sem þegar hafa skipt úr krónum í evrur hvað varðar uppgjörsmynt og skráningu hlutabréfa. Sú einfalda

*Fastgengisstefna myndi leiða af sér lægri vaxtamun við evruríkin, eyða að miklu leyti gengisóvissu, auka stöðugleika og jafna út verðsveiflur vegna gengisþróunar.*

staðreynd að stærsta fyrirtæki Íslands, Kaupþing, ætlar að taka upp evru sem rekstrar, uppgjörs og hlutabréfaskráningarmynt um næstu áramót, mun ein og sér hafa áhrif til þess að auka trúverðugleika fastgengisstefnu, ef slík stefna yrði tekin upp.

Fastgengisstefna myndi auk þess kalla á ákveðna tiltekt í íslenskri tölfræði, og þá fyrst og fremst hvernig verðbólga er hér mæld, en verðþróun húsnæðis er hvergi í Evrópu tekin inn í verðbólgumælingar með sama hætti og hér.

Auk þess þyrfti að sjálfsögðu að viðhalda hér ráðdeild í ríkissrekstri, vinna áfram að því að draga úr viðskiptahalla og halda viðunandi hagvexti. Í þeim efnum hefur það sýnt sig að tölfræðin og túlkun hennar hefur ekki haldið í við hraða þróun og útrás íslensks efnahagslífs.

Fastgengisstefna myndi leiða af sér lægri vaxtamun við evruríkin, eyða að miklu leyti gengisóvissu, auka stöðugleika og jafna út verðsveiflur vegna gengisþróunar. Krónan myndi hins vegar lifa áfram, bæði sem reiknieining og sem táknmynd ímyndaðs fullveldis í ólgusjó alþjóðavæðingarinnar.

*Höfundur er formaður Framsóknarfélagsins á Akranesi.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Nýtum land en níðum ei

**Herdís Þorvaldsdóttir, fyrrverandi formaður Líf og lands, skrifar:**

Rányrkjubúskapur eins og hann er stundaður hér, er níðsla á landi og glæpur gagnvart afkomendum okkar, því hann veldur rýrnun landgæða. Sífelldar viðgerðir landgræðslunnar á niðurnöguðum beitilöndum á hverju ári eftir á aðra milljón fjár og meir en hundrað þúsund hrossa, kostar okkur skattborgarana offjár. Endar ná ekki saman, hvað þá að eitthvað vinnist í baráttunni við uppblásturinn. Þó tekist hafi að rækta upp nokkur foksvæði í hundrað ára baráttu landgræðslunnar er landið enn að fjúka burt. Það sást greinilega í sumar hérna á Suðurlandinu, þegar við fengum nokkra þurra sólskinsdaga. Fokið var svo mikið að úr lofti sáust oft ekki útlínur landsins.

Sigurður Þórarinsson, okkar ástsæli náttúrufræðingur á síðustu öld, segir í grein 1961: „Meginorsök uppblástursins er hvorki að finna í eldsumbrotum né versnandi loftslagi. Maðurinn og sauðkindin eru meginorsök þess óhugnanlega uppblásturs, sem án afláts hefur rýrt vort dýrmætasta gróðurland í „Íslands þúsund ár“.“

Eina sæmandi gjöfin frá okkur til landgræðslunnar á 100 ára afmælinu væri loforð um að stundaður yrði ræktunarbúskapur á þessu stórskemmda landi. Svo hún sjái fullan árangur erfiðis síns í framtíðinni.




# Alhæfingar um landbúnað

**UMRÆÐAN**
Landbúnaður


JÓN JÓNSSON

Með reglulegu millibili brestur orðahríð á um landbúnaðarkerfið á Íslandi. Koma þá fram stjórnmálamenn, áhugafólk um pólitík og málbullur og gefa álit sitt á ástandi mála og einstaka sinnum á úrræðum til þess að koma málum í betra horf. Í umfjöllun þessara aðila er oft og tíðum lítið fjallað um það hvernig landbúnaðarkerfið er í raun. Óneitanlega fær maður þá tilfinningu að í mörgum tilfellum þekki álitsgjafarnir ekki landbúnaðarkerfið og fela þá vanþekkingu með margtuggðri lýsingu kerfisins:

*Landbúnaðarkerfið er úrelt og staðnað kerfi þar sem bændur eru hnepptir í fjötra framleiðslu- og miðstýringar.*

Þessi lýsing er svo marg ítrekuð að hluti þjóðarinnar telur hana rétta og algilda lýsingu landbúnaðarmála. Það er ábyrgðarhlutverk stjórnmálamanna og annarra opinberra álitsgjafa að villa almenningi ekki sýn. Að sjálfsögðu er þó eðlilegt að fulltrúar stjórnmálaflokka sem hafa óljósa eða brothætta stefnu, kynni almenningi afstöðu sína til landbúnaðarmála með slagorðum, enda yrði þeim hált á svelli samræðustjórnmála um efnið.

**Ekki miðstýrður búskapur**

Í nýlegri grein formanns ungra jafnaðarmanna sem birtist í Fréttablaðinu er fjallað um málið undir fyrirsögninni: Bændur úr hlekkjum hafta. Þar er slegið á kunnuglega strengi í umræðunni. Í greininni segir m.a.:

*Af hverju eiga bændur einir að búa við opinbera verðstýringu, miðstýrðan ríkisbúskap og framleiðslustýringu?*

Þessi spurning felur augljóslega í sér fullyrðingu um landbúnaðarkerfið. Fullyrðingin er athygliverð, t.d. ef litið er til þess hluta landbúnaðarkerfisins sem snýr að sauðfjárbúskap, enda er hún þá röng í öllum aðalatriðum.

Það er engin opinber verðstýring á lambakjöti á Íslandi. Einstakir sláturleyfishafar birta sínar verðskrár síðsumars og bændur geta slátrað gripum sínum hjá þeim aðila sem best býður. Nokkur verðmunur getur verið milli sláturleyfishafa. Sá munur skýrist af samkeppni sem m.a. knýr fram hagræðingu í rekstri sláturhúsa og keppni um sölu afurðanna. Það er hins vegar umhugsunarefni að hvaða leyti fákeppni í smásölu matvöru á Íslandi hamlar frekari samkeppni sláturleyfishafa, sem og annarra birgja. Þannig er óvíst hvort róttækustu breytingar á landbúnaðarmálum myndu nokkru breyta um verð matvæla á Íslandi, enda liggur fyrir að flestar sérvörur eru dýrari hér en í viðmiðunarlöndum. Sá verðmunur verður ekki skýrður á sambærilegum forsendum og margir halda fram að sé meginorsök verðs á landbúnaðarafurðum,þ.e.landbúnaðarkerfinu.

Íslenskur sauðfjárbúskapur er ekki miðstýrður ríkisbúskapur. Búskapurinn samanstendur af fjölda sjálfstæðra rekstrareininga í einkaeigu, sem m.a. hafa frelsi til þess að þróa nýjungar í markaðssetningu og vinnslu.

Þá er ekki lengur til staðar framleiðslustýring í sauðfjárbúskap. Einstakir bændur geta framleitt eins mikið og þeir vilja. Ríkisstuðningur í formi beingreiðslna takmarkar ekki framleiðslu einstakra búa.

*Það er forsenda þess að umræða um breytingar á landbúnaðarkerfinu sé vitræn og að umfjöllun álitsgjafa sé rétt varðandi raunverulega eiginleika landbúnaðarkerfisins.*

Á það má benda að framangreind staða hefur skapast á síðustu árum og því er fráleitt að segja að landbúnaðarkerfið sé staðnað. Á það má hins vegar benda að fullyrðingar greinarhöfundarins hefðu getað átt við ef hann hefði verið formaður ungra Alþýðuflokksmanna á sínum tíma.

**Umræða byggi á þekkingu**

Það kemur ekki á óvart að engar sérstakar tillögur koma fram um breytingar á landbúnaðarkerfinu í fyrrnefndri grein.

Það er forsenda þess að umræða um breytingar á landbúnaðarkerfinu sé vitræn og að umfjöllun álitsgjafa sé rétt varðandi raunverulega eiginleika landbúnaðarkerfisins. Á sama hátt er það um margt skiljanlegt að þeir sem hæst hafa um nauðsyn róttækra breytinga á landbúnaðarkerfinu áorki litlu, enda er sú krafa eðlileg að tillögur um breytingar byggi á þekkingu á því kerfi sem fyrir er. Það er hins vegar sjálfsagt og eðlilegt, að því grunnskilyrði uppfylltu, að umræður verði um breytingar á landbúnaðarkerfinu.

Umgjörð um sauðfjárbúskap hefur á undanförnum árum tekið töluverðum breytingum í þá átt að hætta að vera stjórnkerfi atvinnugreinarinnar, í það að sífellt fleiri þættir eru færðir undir markaðslögmál. Augljóst er að frekari breytingar verða gerðar á kerfinu á komandi árum en þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar, munu auðvelda atvinnugreininni að takast á við þær. Það er hins vegar mikilvægt að umræða um frekari breytingar byggi á þekkingu á málefninu.

*Höfundur er lögmaður.*

## AF NETINU

### Komið að okkur

Það er kunnara en frá þurfi að segja að um þessar mundir mæla fæstir því bót sem Guðbergur [Bergsson] hefur að segja. „Er hann ekki orðinn elliær, karlinn,“ sagði maður við mig um daginn. Mér fannst þessi fína heimildarmynd einmitt sýna okkur að svo er ekki. En það verður að setja hugsun hans í samhengi og kannski ósanngjarnt að ætlast til þess að hann geri það sjálfur, maður sem hefur þýtt um hundrað bækur, skrifað þúsundir greina og frumsamið marga tugi bóka. Hann hefur ekki setið auðum höndum. Nú er í raun komið að okkur hinum.

**Kristján B. Jónasson**
kristjanb.blog.is/

### Vandamálið við Frakkana

Vandinn við Frakkana sem Bandaríkjamenn úthúðuðu sem mest hér um árið var að þeir höfðu rétt fyrir sér um Íraksstríðið. Ég hef það nánast frá fyrstu hendi að hatursherferð gegn Frökkum hafi verið skipulögð nálægt æðstu stöðum í Washington.

**Egill Helgason**
eyjan.is/silfuregils

### Tengslanet dagsins

Sumir fjölmiðlamenn eru betur tengdir en aðrir. [...] Má ég giska, var Rumsfeld aftur að gaspra á Ölstofunni?

**Stefán Pálsson**
kaninka.net/stefan

### Hvað er líkt með...?

Hlakka til að sjá fjórða valdið spyrja yfirvöld í þaula um það nákvæmlega hvernig ákvarðanir eru teknar um það hverjir fá að koma til landsins og hverjir ekki. Það væri til dæmis gaman að velta fyrir sér hvað er líkt með Falun Gong og Vítisenglum. Kannski ekkert nema það að þau eru óvelkomin til Íslands. Hvaða frjálshyggjurök gefa yfirvöldum frjálsar heimildir til að hefta komu og dvöl tiltekinna hópa, einstaklinga?

**Guðfríður Lilja Grétarsdóttir**
vglilja.blogspot.com


30% afsláttur
af vinsælum bókum
MARY HIGGINS CLARK
Bláklæddu stúlkurnar
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.996kr
Bókatíðindaverð 4.280,-
ARNALDUR INDRIÐASON
HARÐSKAFI
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.353kr
Bókatíðindaverð 4.790,-
BÖÐVAR GUÐMUNDSSON
Sögur úr Síðunni
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.996kr
Bókatíðindaverð 4.280,-
SANDÁRBÓKIN
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.296kr
Bókatíðindaverð 3.280,-
BREIÐAVÍKURDRENGUR
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.143kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
DAUÐI TRÚÐS
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.276kr
Bókatíðindaverð 4.680,-
Seiðkonan
Celia Rees
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.296kr
Bókatíðindaverð 3.280,-
Í ÖÐRU LANDI
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.276kr
Bókatíðindaverð 4.680,-
KJÚKLINGA RÉTTIR
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.136kr
Bókatíðindaverð 4.480,-
Sören Olsson • Anders Jacobsson
BERT og kalda stríðið
30%* afsláttur
TILBOÐ 1.883kr
Bókatíðindaverð 2.690,-
ÞÓRARINN ELDJÁRN
GÆLUR FÆLUR ÞVÆLUR
30%* afsláttur
TILBOÐ 1.883kr
Bókatíðindaverð 2.690,-
KHALED HOSSEINI
Þúsund bjartar sólir
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.276kr
Bókatíðindaverð 4.680,-
* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 11. nóvember 2007.
Með fyrirvara um villur í texta.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Til hamingju

## Dagur íslenskrar




Eivör
- Human Child



Sprengjuhöllin
- Tímarnir okkar



Megas
- Hold er mold




Arndís Halla
- Óður



Regína Ósk
- Ef væri ég




Guðrún og Friðrik
- Ég skemmti mér um jólin




Undarlegt hús
- Tónlistin úr Stundinni okkar 2006-2007




Björg Þórhallsdóttir
- Gullperlur




Dísella
- Solo Noi




Laddi
- Jóla hvað?




Best af Nylon




Vilhjálmur Vilhjálmsson
- Myndin af þér

# með daginn!

## tónlistar er í dag




Síðan skein sól
- Síðasta vetrardag




Ingibjörg Þorbergs
- Man ég þinn koss




Friðrik Karlsson
- Sæld




Nýdönsk
- 1987 - 2007




Hjálmar
- Ferðasót




Benny Crespo's Gang




Birgitta
- Ein




Luxor




Ellen Kristjánsdóttir
- Einhversstaðar einhverntímann... aftur




Björgvin Halldórsson og gestir
- Jólagestir 4




Gosi
- Tónlistin úr leikritinu




Lay Low
- Ökutímar - tónlistin úr leikritinu

sena
okkar heimur // þín skemmtun



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigríðar Kristbjargar Stefánsdóttur**
Skarðshlíð 23E, Akureyri.

Starfsfólki á lyflækningadeild Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar og heimahlynningu eru færðar innilegar þakkir fyrir góða umönnun og alúð. Guð blessi ykkur öll.

Eggert Ólafsson
Sigurlaug Anna Eggertsdóttir — Bergvin Jóhannsson
Steinunn Pálína Eggertsdóttir — Jóhann Jóhannsson
Stefán Eggertsson
Elín Valgerður Eggertsdóttir — Hilmar Stefánsson
ömmu- og langömmubörn.



*Innilegar kveðjur og þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Sigríðar Jóhannesdóttur**
húsmóður, Gunnarsstöðum Þistilfirði.

Lifið heil.

Kristín Sigfúsdóttir — Ólafur H. Oddsson
Jóhannes Sigfússon — Fjóla Runólfsdóttir
Steingrímur J. Sigfússon — Bergný Marvinsdóttir
Árni Sigfússon — Hanne Matre
Ragnar Már Sigfússon — Ásta Laufey Þórarinsdóttir
Aðalbjörg Þuríður Sigfúsdóttir — Jón Hallur Ingólfsson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Eðvald Gunnlaugsson**
lést þann 5. nóvember.

Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 12. nóvember kl. 15.00.

Málfríður Eyjólfsdóttir
Edda Eðvaldsdóttir — Þór Þorvaldsson
Eðvald Brynjar og Þórdís
Halldór Eyjólfsson.



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Hjördís Antonsdóttir**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja 5. nóvember sl. Útför fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 10. nóvember nk. kl. 14. Minningarathöfn og jarðsetning fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 13. nóvember nk. kl. 11.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Jóhannes Ólafsson og Svanhildur Guðlaugsdóttir



**Sigurður Grétarsson**
framkvæmdastjóri, Skipalæk, Fellahreppi,

lést sunnudaginn 4. nóvember.

Gréta Jóna Sigurjónsdóttir
Sigurjón Torfi Sigurðarson
Þórunn Gréta Sigurðardóttir
Kristín Arna Sigurðardóttir
Grétar Þór Brynjólfsson
Þórunn A.M. Sigurðardóttir
og aðrir aðstandendur.

**BILLE AUGUST KVIKMYNDALEIKSTJÓRI ER 59 ÁRA.**

*„Ég átti mjög góðan tíma með Bergman áður en hann lést. Markmiðið var að tala um handritagerð, en í staðinn ræddum við mest um lífið og aðra hluti. Þetta var mjög góður tími,“*

***Danski leikstjórinn Bille August hefur meðal annars leikstýrt myndunum Hús andanna, Vesalingunum og Pelle sigurvegara.***



# tímamót

timamot@fretta-

**ÞETTA GERÐIST:** 9. NÓVEMBER 1985

## *Kasparov meistari*

Rússneski skákmeistarinn Garrí Kasparov hampaði fyrsta heimsmeistaratitlinum í skák þennan dag árið 1985. Hann varð þar með yngstur manna í sögunni til að ná þeim árangri, enda aðeins 22 ára gamall. Kasparov varði heimsmeistaratitil FIDE, Alþjóðaskáksambandsins, til ársins 1993 og atti oft kappi við Anatolí Karpov.



Síðar lenti hann í útistöðum við FIDE og stofnaði þá sitt eigið skáksamband, Samband atvinnuskákmanna.

Hann varði heimsmeistaratitil þess sambands allt til ársins 2000 þegar hann tapaði fyrir Vladimír Kramnik. Kasparov stýrir nú stjórnarandstöðusamtökunum sem hafa barist gegn stjórn Vladimírs Pútín, forseta Rússlands. Kasparov mun leiða framboð stjórnarandstæðinga til forsetakosninganna í Rússlandi á næsta ári.



**ÁSTIN SUNGIN Í SEXTUGASTA SINN** Magnús Ólafsson tekur lagið fyrir tíuþúsundasta gestinn í Borgarleikhúsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SÖNGLEIKURINN ÁST:** SEXTUGUSTA SÝNINGIN OG TÍUÞÚSUNDASTI ÁHORFANDINN

# Ástin lifir enn góðu lífi

Söngleikurinn Ást var frumsýndur í febrúar í Borgarleikhúsinu og hefur notið mikillar velgengni frá fyrstu stundu.

Í kvöld fagna leikarar og aðstandendur sextugustu sýningunni en ekki nóg með það, heldur einnig tíuþúsundasta gestinum

„Við munum fagna með kampavíni og blómum og taka vel á móti þessum tímamótagesti, en að sjálfsögðu er allt á huldu enn hver það verður,“ segir Magnús Ólafsson leikari, sem fer með eitt af aðalhlutverkum sýningunnar.

„Ég hef nú mest verið í sprelli og grínleikjum en Gísli Örn Garðarsson leikstjóri var alveg handviss um að hlutverkið myndi henta mér vel. Þetta er því mitt fyrsta dramatíska hlutverk á sviði,“ útskýrir Magnús, sem segir sýninguna þó fulla af húmor og gleði.

„Efnistökin eru kannski örlítið óvenjuleg því það er ekki oft fjallað um ástir eldri borgara, en ástin er bara svo sterkt afl og hún getur komið hvar og hvenær sem er,“ segir Magnús, sem fer með hlutverk Grjóna sem kynnist og verður ástfangin af Nínu, sem er leikin af Kristbjörgu Kjeld.

Tónlistin í sýningunni er úr öllum áttum, allt frá Bítlunum til nútímapopplaga, og að sögn Magnúsar ætti hún að höfða til allra aldurshópa.

„Sumir halda að þessi sýning sé bara fyrir eldra fólk, en ég hef tekið eftir því að áhorfendur eru að yngjast. Enda margir sem koma með foreldrum, eða ömmum og öfum. Einnig finnst mér gaman að heyra af fólki sem kemur aftur og aftur og ég hitti einmitt konu um daginn sem hafði séð hana fjórum sinnum!“ segir Magnús.

Sýningin er leikin á nýja sviði Borgarleikhússins og að sögn Magnúsar eru leikarar í mikilli nálægð við áhorfendur í hvert sinn.

„Þetta er mjög persónuleg sýning og við finnum vel fyrir tilfinningaskalanum sem áhorfendur fara í gegnum með okkur,“ útskýrir Magnús, sem segir Ást vera þá skemmtilegustu sýningu sem hann hefur tekið þátt í.

Kvöldið býður upp á mikið húllumhæ að sögn Magnúsar, sem segir jafnvel möguleika á sjálfum afmælissöngnum í uppklappinu.

„Við höfum oft sungið afmælissönginn í uppklappinu fyrir einhvern í salnum. Þannig að ef við verðum beðin um það í kvöld getur vel verið að það stefni í fleiri tímamót í kvöld,“ segir Magnús, sem segir sýninguna hefjast klukkan átta og vara í tvo tíma. **rh@frettabladid.is**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gylfi Þorsteinsson**
Aðalbraut 60, áður Sólvöllum, Raufarhöfn,

lést miðvikudaginn 7. nóvember á sjúkrahúsinu á Húsavík. Útför auglýst síðar.

Guðný Sigurbjörnsdóttir
Þór Einarsson — Janet Borques
Guðmundur Einarsson — Katrín R. Rúnarsdóttir
Árni Heiðar Gylfason — Erla Guðmundsdóttir
Sigurbjörn Smári Gylfason — Ólína S. Ólafsdóttir
Ófeigur Ingi Gylfason — Anna H. Traustadóttir
Sandra Ösp Gylfadóttir — Halldór Baldvinsson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Finnsdóttir**
frá Ísafirði, til heimilis að Lönguhlíð 15, Reykjavík,

lést aðfaranótt fimmtudagsins 1. nóvember á Líknardeild Landakotsspítala. Jarðarförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 12. nóvember kl. 15.00. Læknum og hjúkrunarfólki á líknardeild og Landspítala, Fossvogi, eru færðar innilegar þakkir fyrir góða umönnun og alúð.

Bragi Ragnarsson
Jónína Gissurardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

# Við stækkum í dag!

Heimilið í heild hefur sérhæft sig í þjónustu við einstaklinga varðandi innréttingar og tengdar vörur.

Þetta hefur fólk kunnað að meta og því höfum við stækkað við okkur og opnum í dag kl. 13:00 stórglæsilegan 600 m$^2$ sýningarsal að Síðumúla 35.

Komdu og kynntu þér nýjar og ferskar hugmyndir.

Við hlökkum til að sjá þig.






Heimilið í heild er með frábæra innanhússarkitekta. Veitum alhliða ráðgjöf og góða þjónustu.

HANÁK

blum

vespera

HORN

ANDROMEDA

heimilið í heild

Síðumúla 35 · 108 Reykjavík
Sími **517 0200**

www.heild.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA Kreppu, fátækt og herinn heim!

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ER Á ÞVÍ AÐ ÍSLENDINGAR HAFI ÞAÐ OF GOTT.



Ég á mér undarlegan draum. Mig dreymir um að Ísland glati sjálfstæði sínu í hendur Dönum. Mig dreymir um að fá herinn aftur til landsins og ég þrái fátt meira en að upplifa kreppu og fátækt.

Eflaust skilur þú, lesandi góður, ekkert hvert ég er að fara. Kreppa og fátækt er ömurlegt ástand og sjálfstæði þjóðar er ein okkar styrkasta stoð. Af hverju dreymir mig þá um þetta? Af hverju er ég ekki sáttur við hagsæld og sjálfstæði þjóðarinnar?

Jú, staðreyndin er nefnilega sú að ég er af kynslóð sem hefur aldrei þurft að berjast fyrir neinu sem heitið getur. Kynslóð sem hefur fengið nánast allt upp í hendurnar frá þeim sem á undan gengu. Við höfum ekki upplifað sjálfstæðisbaráttu og þá miklu gleði og stolt sem fylgdi því að tilheyra frjálsri og fullvalda þjóð. Sjálfstæðið er okkur sjálfgefið. Minni kynslóð þykir ekkert eðlilegra en sjónvarp á fimmtudögum. Nú er ég ekki að tala gegn sjónvarpi á fimmtudögum. Sjálfum þykir mér ágætt að horfa á sjónvarp á fimmtudögum en ég hefði haft gaman af því að berjast fyrir því, þó það væri ekki annað. Maður kann nefnilega miklu betur að meta það sem ekki er sjálfgefið – það sem þurft hefur að berjast fyrir. Nú er fátt að verða eftir til að berjast fyrir. Meira að segja herinn er farinn.

Fyrir vikið er stór hópur ungs fólks firrtur. Því stendur á sama um samfélagið og stjórnmál eru leiðinleg. Kannski sé ég fortíðina í einhverjum dýrðarljóma. Eflaust hafa ekki allir verið þeir andans menn og konur sem ég sé fyrir mér þegar ég hugsa til fortíðar.

Kannski er það versta sem getur hlotist af þessari bölsýni minni að skáldum fækki í framtíðinni – enda mörg bestu ljóðin og skáldverkin samin í skugga kreppu og vopnaskaks. Auðvitað vil ég þjóð minni ekki allt það versta, en ég held samt sem áður að barátta sé öllum þjóðum holl. Á misjöfnu þrífast börnin best.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# JUST 4 KIDS

## Ævintýraveröldin Just4Kids opnar á morgun!

Skemmti-atriði!

Frábær tilboð!

Flugelda-sýning!




Just4Kids er risastór ævintýraveröld með leikföng, barnahúsgögn, barnaföt og ungbarnavörur.

**www.just4kids.is**

**Kl. 17**

*Vegna útkomu bókarinnar Einstök Mamma eftir Bryndísi Guðmundsdóttur verður blásið til útgáfugleði í bókaversluninni IÐU, Lækjargötu 2a, í dag kl. 17. Bókin er byggð á endurminningum Bryndísar, en mamma hennar heyrir ekki og því notar fjölskyldan táknmál. Í gleðinni mun Bryndís lesa kafla úr bókinni og verður lesturinn túlkaður á táknmál um leið, ásamt því að söngkonan Védís Hervör flytur sýnishorn af nýja geisladisknum sínum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sýningar í Smátíma



**FRAMTAKSSAMIR MYNDLISTARMENN** Ný sýning verður opnuð vikulega í Smátíma.

Hópur ungra myndlistarmanna hefur tekið sig til og útvegað sér sýningarrými í hjarta miðborgarinnar til þess að sýna verk sín. Rýmið er í kjallara Kaffi Hljómalindar á Laugavegi 21.

„Okkur langaði til þess að skapa okkur eigin vettvang til að sýna verk okkar. Það mætti segja að þetta væri hálfgerð grasrótarstarfsemi hjá okkur þar sem okkur langaði til að sýna fram á að myndlistarmenn þurfa ekki að vera undir hælnum á því kerfi myndlistarsafna og gallería sem bjóða upp á sýningarrými,“ segir Páll Björnsson sem er einn myndlistarmannanna framtakssömu. „Það er til fullt af húsnæði í Reykjavík sem hægt er að leigja undir svona starfsemi. Maður heyrir unga listamenn stundum kvarta yfir því að það sé erfitt að komast að í galleríum, en við tókum málin bara í eigin hendur.“

Sýningarrýmið hefur hlotið nafnið Smátíma. Fyrirhugaðar eru tíu samsýningar tveggja listamanna og opnar ný sýning í rýminu á hverjum föstudegi fram í janúar. Opnunartími rýmisins verður eftir hádegi föstudag til miðvikudag og er aðgangur að sýningunum ókeypis og öllum opinn.

Fyrst til að sýna í rýminu eru þau Páll og Steinunn Gunnlaugsdóttir. Sýning þeirra kallast „Reconstruct: what the hell happened? E²m jafna gengur upp“ og eru á henni verk unnin með blandaðri tækni. „Með þessari sýningu erum við að fanga gervirannsókn á tilverunni. Við framkvæmdum ýmsar efnafræðirannsóknir á hugmyndafræðilegum og fagurfræðilegum hugtökum og má sjá afraksturinn á sýningunni í Smátíma,“ segir Páll.

Sýning Páls og Steinunnar verður opnuð í Smátíma í kvöld stundvíslega kl. 19.

- vþ

## Stanslausir árekstrar



**TÓNLIST** Kjartan Ólafsson tónskáld gefur út fjögur verk sín fyrir hljómsveit á disk í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI/

Kjartan Ólafsson tónskáld heldur upp á dag tónlistar með útgáfu á diski sem geymir fjögur hljómsveitarverk hans í flutningi Sinfóníunnar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kjartan ræðst í útgáfu á eigin tónverkum. Hann hefur verið iðinn við að koma tónsmíðum sínum á framfæri allar götur frá því að smellurinn Lalíf skaust fram á 45 snúninga plötu á sínum tíma.

Hljómsveitarverkin sem heyrast nú eru hljóðrituð á tímabilinu 1988 til 2005. Þeirra á meðal er Víólukonsert sem Helga Þórarinsdóttir leikur ásamt hljómsveitinni sem var valinn tónverk ársins 2001. Hin verkin eru Sólófónía frá 2004 sem byggir á íslenskum þjóðlögum og Sinfónían flutti 2005, Sonnetta sem flutt var á Myrkum músíkdögum 1999 og elsta verkið er Reflex frá 1988.

Útgáfur Kjartans á eigin tónsmíðum sýna að hann hefur víða komið við á ferli sínum sem tónskáld: fyrir utan popplagið fræga hefur hann samið tónlist fyrir leikverkið Pétur Pan í sviðsetningu LR og unglingaóperuna Dokaðu við sem þau Garðar Thor Cortes og Marta Halldórsdóttir sungu. Kjartan hefur samið mikið af raftónlist og á 4 verk á þremur diskum, auk disksins Music from Calmus.

Stóri ópusinn á nýja disknum er einleikskonsertinn sem Kjartan samdi sérstaklega fyrir Helgu Þórarinsdóttur á nokkuð löngum tíma. Verkið var í vinnslu frá 1995 til 2000. Þar stefnir hann saman einleikshljóðfærinu og hljómsveitinni, hefðbundnum tónsmíðakerfum og algrímískum aðferðum – algóritmum eða reikniaðgerðum. Hann segir verkið byggjast á einföldum efnivið en gegn því sé stefnt flóknara og samsettara tónefni.

Sólófónían virðist af lýsingum byggja á svipuðum átakasviðum: Þar segist Kjartan notast við mismunandi tónefni: aldagömul stef úr þjóðlögum í bland við heimasmíðar. Hann tekur þann efnivið og þróar áfram með Calmus-kerfinu sem er sérhannað fyrir nútímatónsmíðar. Kjartan segir kerfið hafa verið í notkun síðan 1988 og sé raunar eldra tónsmíðakerfi með sínum viðbótum sem snúið sé í forrit. Það sé fáanlegt á netinu og opið til notkunar. Það hafi þann kost að geta samkeyrt ný og eldri kerfi. „Tónsmíðakerfi hafa verið til í hundruð ára,“ segir hann. „Calmus hefur þann kost að það er hægt að keyra saman gamalt og nýtt. Samtími okkar er ekkert annað en stanslaus árekstur þess forna og nýja.“

Kjartan hefur alltaf gefið út sjálfur. Hann vill hafa fullkomna stjórn á útgáfunni. Segist að vísu alltaf vera á hausnum fyrir bragðið, en það fylgi því að vera listamaður nú á tímum: „Maður má bara ekki detta á andlitið. Okkur er að lærast að meta listræn efni, þar á meðal tónlist sem er á eftir einhverju öðru en gullpeningum. Í listum felast verðmæti sem ekki verða mæld með peningum. Fólki er farið að skiljast það eftir langa hríð.“

pbb@frettabladid.is

# Innsæið ræður för

**Margrét H. Blöndal myndlistarmaður opnaði sýningu í tveimur sýningarsölum á annarri hæð Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi í gær. Í öðrum salnum eru þrívíð verk sem eru sérstaklega unnin inn í salinn en í hinum eru teikningar.**



**EFNI MEÐHÖNDLAÐ** Eitt af verkum Margrétar á sýningunni í Hafnarhúsinu.

Titill sýningarinnar er „Þreifað á himnunni“ og vísar til inntaks verkanna sem flest eru einskonar rannsókn á hjúpunum sem umlykja allar lífverur. „Mér þykir orðið himna fallegt orð, ekki síst þar sem það getur átt við svo margt, allt frá örfínu himnunum utan um líffæri til óáþreifanlegs fyrirbæris eins og ósónlagsins sem er einskonar himna utan um jörðina. Það eru himnur og hjúpar utan um okkur öll sem aðskilja okkur frá öðrum fyrirbærum heimsins. Að þreifa á þessum himnum getur bæði þýtt að snerta þær en einnig að velta þeim fyrir sér eða skoða þær,“ segir Margrét.

Þrívíðu verkin á sýningunni undirstrika ekki aðeins eiginleika sýningarsalarins heldur mótast þau einnig af eiginleikum efnisins sem þau eru unnin í. Skúlptúrarnir bera ótvíræð merki þess að hafa verið meðhöndlaðir á ýmsan hátt, eins og listamanninum hefur þótt best henta hverjum efniviði. Þannig hafa sum verkin verið krumpuð og önnur rifin eða brotin eða unnin á ótal aðra vegu.

„Lykilþáttur í mínum verkum er að ég hef ekki stjórn yfir efnunum sem ég vinn með. Þau hafa áhrif á hvernig ég vinn úr þeim og úrvinnsla mín hefur svo áhrif á endanlega mynd þeirra. Í handfjötlun efnanna felst ákveðin nánd. Þessi nálgun leggur áherslu á möguleikana í efninu og veltir upp spurningunni hvaða meðhöndlun efnin kalla á. Oft vinn ég skúlptúra út frá því hvaða verkfæri eru hendi næst til að vinna á efnunum, þannig að það hefur líka áhrif á endanlega niðurstöðu. Þessi verk byggjast á innsæi. Ég get ekki séð fyrir hvert vinnuferlið leiðir mig.“

Teikningarnar sem Margrét sýnir eru unnar úr óvenjulegum efnivið. „Ég vann teikningarnar með vatnslitum og ólífuolíu. Þær sýna stækkuð smáatriði ljósmynda sem ég tók og eru fyrirbærin á þeim stundum greinanleg sem tilteknir hlutir en stundum eru þau nánast algerlega óhlutbundin. Mér finnst ólífuolía vera afar fallegt efni, hún er næringarrík og ljáir vatnslitunum eins konar skúlptúríska eiginleika. Einnig er erfitt að stjórna henni; hún lekur gjarnan út fyrir línur teikninganna og skapar þannig eins konar áru utan um myndefnið.“

Sýningin stendur til 31. desember næstkomandi.

vigdis@frettabladid.is






**KEITH REID OG GERRIT SCHUIL** Flytja íslensk sönglög í Salnum í Kópavogi á sunnudag.

# Íslensk sönglög í Salnum

Barítónsöngvarinn Keith Reed og Gerrit Schuil píanóleikari halda sönglagatónleika í Salnum í Kópavogi á sunnudagskvöldið. Stemningin verður í anda dags íslenskrar tónlistar, sem er reyndar í dag, þar sem á efnisskrá kvöldsins eru eingöngu lög eftir íslensk tónskáld, þar á meðal Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Jón Þórarinsson. Söngtextar eru bæði eftir ensk og íslensk ljóðskáld.

Tónlistarunnendur mega því gera ráð fyrir ljúfri kvöldstund í Salnum á sunnudagskvöldið.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er almennt miðaverð 2.000 kr. - vþ

# Þrjár sögur seldar

**Jón Kalman Stefánsson hefur fengið fyrir góða dóma fyrir nýja skáldsögu sína, Himnaríki og helvíti. Nú hefur Bjartur í samvinnu við alþjóðlegu réttindastofuna Leonhardt & Hoier gert þriggja bóka útgáfusamning fyrir hans hönd við sænsku spútnik-útgáfuna Svante Wayler forlag. SW kaupir sænska útgáfuréttinn á Himnaríki og helvíti, auk þess sem forlagið hefur ákveðið að gefa út verðlaunabókina Sumarljós og svo kemur nóttin og Ýmislegt um risafurur og tímann (sem tilnefnd var til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs). Þetta er þriðji útgáfusamningur sem Bjartur undirritar fyrir hönd Jóns Kalmans á stuttum tíma; bæði danskir og þýskir útgefendur hafa tryggt sér útgáfurétt á bókum hans síðastliðnar vikur. Höfundurinn er á upplestrarferð um meginland Evrópu megnið af nóvembermánuði til að fylgja eftir útgáfu á bókinni Sumarljós og svo kemur nóttin.**

**Jón Kalman Stefánsson hefur þrisvar sinnum verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlanda, síðast fyrir Sumarljós og svo kemur nóttin.**



**BÓKMENNTIR** Jón Kalman kemur víða út.







Salurinn

SUN. 11. NÓV. - FRESTAÐ
SÖNGTÓNLEIKAR
KEITH REED & GERRIT SCHUIL
FRESTAÐ TIL 20. JAN. KL. 20

ÞRIÐJUDAGUR 13. NÓV. KL. 20
SÖNGTÓNLEIKAR - DEBUT
JÓN S. JÓSEPSSON OG GUÐRÚN DALÍA
Miðaverð 2000/1600 kr.

FIMMTUDAGUR 15. NÓV. KL. 20
SMÁ-TÓNLEIKAR MEÐ MANNA-KORNUM
Miðaverð 3000 kr.

LAUGARDAGUR 17. NÓV. KL. 17
TÍBRÁ: FÍFILBREKKA GRÓIN GRUND
DAGSKRÁ Í ORÐUM OG TÓNUM!
Miðaverð 2000/1600 kr.

AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS SPK SPARISJÓÐURINN
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

15% vaxtaauki!
Nýttu þér þetta TILBOÐ og stofnaðu reikning á spron.is



75 ára | spron

KRINGLU KRÁIN
Geirmundur Valtýsson í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum




# Villur í stórum skógi

Skilaboðaskjóðan kom á óvart á sínum tíma 1992. Leikgerð sögunnar ári síðar átti sér hliðstæður í söngleik Stephens Sondheim, Into the Woods, að því leyti að hún nýtti sér þekkt ævintýri úr safni Grimmsbræðra sem ívaf í frumsamið einfalt ævintýri. Löngu síðar komu á markað teiknimyndir sem margir þekkja er nýttu á svipaðan hátt sama efni, bæði Shrek og Rauðhetta. En saga Þorvalds bjó yfir ákveðnum töfrum: hugmyndin um skilaboðaskjóðuna sjálfa er snjöll og tilhneiging skáldsins til að teygja á tungumálinu er skemmtileg, rétt eins og hjá þeim Ólafi Hauki Símonarsyni og Þórarni Eldjárn sem hafa lagt sig eftir sömu brögðum í söngtextum. Þessi skáld toga tunguna, snúa út úr, bregða á leik með merkingu og rím, og eiga sér marga eldri meistara á því sviði, t.d. í revíutextum Haraldar Á. og félaga. Í þess háttar rækt á tungunni er fólgið merkilegt starf sem ber að lofa og ungir kunna vel að meta. Þess háttar leik með orð á að kynna börnum skipulega á yngstu stigum grunnskólans.

Sviðsetning Þjóðleikhússins nú öðru sinni er heilmikil skrautsýning. Talsvert miklar umbúðir hafa reyndar um langan aldur einkennt barnasýningar Þjóðleikhússins og vafalítið kostað sitt. Það er eins og forráðamönnum þar á bæ hafi þótt það brýnast í langan tíma að búa til stórsýningar fyrir börn og vandamenn þeirra. Þeim fylgir oft vantrú á áhorfendum, ungum sem gömlum, en þeim yngri er fátt hollara en að venjast hinu gagnstæða í upphafi leikhúsheimsókna sinna: að reynt sé eins mikið á hugarflug þeirra og aðstæður bjóða upp á í texta og atburðarás. Þetta var alla vega það sem fyrst leitaði á mig þegar frumsýningin var hafin á Skilaboðaskjóðunni á miðvikudagskvöld. Sýningin er yfirhlaðin miklu skrauti, flóknum gervum.

Annað sem blasti við þegar frá upphafi sýningarinnar: sú tíð er liðin að leikurum Þjóðleikhússins sé treyst að leika án míkrófóna og hljóðmögnunar. Í þessari sýningu takast á tónlist og raddir og oft ber undirleikur sjö manna hljómsveitar söng ofurliði. Heyrir nánast til undantekninga að orðaskil heyrist í söngflutningi. Er orsök þess að annar hver maður er kominn með tanngóm upp í sig eða er það þjálfun leikara að kenna?



**LEIKLIST** Hrafn Bogdan Haraldsson sem Putti litli sem týnist í Töfraskógi.

Margt er snjallt í verkinu af skáldsins hálfu, þótt sá hluti fléttunnar sem lýtur að frelsun Putta minni fullmikið á björgun bangsa litla í Dýrunum í Hálsaskógi. Raunar furðar maður sig á að verkið skuli ekki hafa hlotið brautargengi á erlendri grund svo evrópskt sem það er í ævintýraheimi sínum. Persónur eru skýrar, textinn oft ansi fyndinn þótt mönnum gengi misjafnlega að ná utanum þann húmor: Friðrik Friðriksson, Hjalti Rögnvaldsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Þórunn Lárusdóttir báru af í þeim efnum. Þau halda einfaldlega betur um setningarnar sínar, keyra þær lengra fram í salinn með fasi og líkamsbeitingu, en um þann þátt sýningarinnar heldur Helena Jónsdóttir. Sporin sem hún leggur eru einföld en danshópurinn hennar tekur oft fullmikið pláss á sviðinu.

Ungir áhorfendur á frumsýningu voru vel með á nótunum, jafnvel í kynningarköflum verksins sem eru margir fulllangir. Leitin að Putta litla er ansi lengi að hefjast, einkum þar sem leitarsveitin má engan tíma missa. Sá leikstíll sem Gunnar Helgason hefur valið sýningunni er býsna flúraður og treystir leikstjórinn mest á mikla búninga og gervi, stundum um of, eins og hann fái ekki stillt sig um skrautið og sé eins og mörgum leikstjóranum nú til dags slétt sama um textann. Þar er líka skrautgirni í gangi og merkingarleikur sem hefði átt að vera í fyrirrúmi. Það er kraftur í sýningunni, uppbygging spennu er rysjótt og eins og vanti einbeitingu í uppbyggingu einkum framan af. Veldur þar líka daufur þáttur bæði Mjallhvítar og Hans og Grétu.

Ekki er að efast um að vandamenn hópast á sýninguna og skemmta sér vel þótt bæði tal og söngur skili sér ekki í öllum umbúðunum. En óskandi væri að Þjóðleikhúsið setti sér það mark í barnasýningum framtíðarinnar að saga, tal og texti, væru grunnur verks og þungamiðja og umbúðirnar aðeins minni.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

## LEIKLIST
**Skilaboðaskjóðan**
eftir Jóhann G. Jóhannsson og Þorvald Þorsteinsson

Leikstjóri: Gunnar Helgason. Hljómsveitarstjóri: Jóhann G. Jóhannsson, Hreyfingar og dansar: Helena Jónsdóttir. Búningar: Þórunn María Jónsdóttir, Leikmynd: Frosti Friðriksson. Gervi: Árdís Bjarnþórsdóttir og Þórunn María Jónsdóttir. Lýsing: Lárus Björnsson og Garðar Borgþórsson. Þjóðleikhúsið - stóra svið.

★★★

Gloppótt en íburðarmikil sýning, ekki óskemmtileg






ASIAN
MATVÖRUMARKAÐUR - SUÐURLANDSBRAUT 32 - 108 REYKJAVÍK - S. 551 2121
Opið virka daga kl. 10.00-19.00, laugard. kl. 11.00-17.00
Hjá okkur færðu mesta úrvalið á Íslandi af austurlenskum matvörum ásamt ráðleggingum og frábærri þjónustu

# Tilraunir með klippimyndir

Karen Dúa Kristjánsdóttir myndlistarmaður opnar sýninguna „Klippimyndir“ í DaLí Gallery, Brekkugötu 9 á Akureyri, á morgun kl. 17.

Verkin á sýningunni eru tilraunir með klippimyndir á vegg.

Karen Dúa lauk myndlistarnámi frá fagurlistadeild Myndlistaskólans á Akureyri vorið 2006. Hún rekur Gallery BOX á Akureyri ásamt fleiri listamönnum og er vinnustofa hennar í húsnæði gallerísins.

Karen Dúa hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum en sýningin „Klippimyndir“ í DaLí Gallery er þriðja einkasýning hennar að námi loknu. Nú stendur einnig yfir sýning á verkum hennar á sýningarveggnum Veggverk á Strandgötu 17 á Akureyri og því tilvalið fyrir listunnendur að kynna sér listakonuna Karenu Dúu á þessum tveimur stöðum.



**KLIPPIMYNDIR** Verk eftir Karenu Dúu.

Sýning Karenar Dúu í DaLí Gallery stendur til 25. nóvember.

DaLí Gallery er opið meðan sýningar standa yfir á föstudögum og laugardögum frá kl.14-17.

**- vþ**

# Mörg járn í eldinum

Kristín Scheving opnaði um síðustu helgi sýninguna „Rythmi“ (endalaus taktur) í anddyri Norræna hússins. Þar má sjá blöndu af vídeóverkum, málverkum og eldri ljósmyndum. Sýningin stendur yfir til 30. nóvember.

Það er í nógu að snúast hjá Kristínu þar sem hún er einnig stjórnandi tilraunakvikmyndahátíðarinnar 700IS hreindýraland sem er þessa dagana á eigin ferðalagi. Eftir að hafa sett upp hátíðina í Sankti Pétursborg í Rússlandi, hélt Kristín til Manchester á Bretlandi og endar nú með því að setja upp sýninguna í Arizona í Bandaríkjunum í enda nóvember.

Á næsta ári mun 700IS hreindýraland ferðast um Norðurlöndin og Grænland, en samstarfsaðilar í Rússlandi og Englandi hafa einnig óskað eftir áframhaldandi samstarfi.



**VÍDEÓVERK** Rammi úr verki eftir Kristínu Scheving.

Frestur til að senda inn verk á hátíðina rennur út 15. nóvember næstkomandi. Vegna eftirspurnar erlendra samstarfsaðila hátíðarinnar eftir íslenskum verkum er full ástæða til þess að benda áhugasömum á að kynna sér hátíðina á www.700.is og leggja til verk ef hægt er.

**- vþ**

# EINSTÖK ÖRLAGASAGA STERKRAR ALÞÝÐUKONU

## SAGAN UM BÍBÍ ÓLAFSDÓTTUR

*Sagan um Bíbí Ólafsdóttur* er örlagasaga sterkrar alþýðukonu sem bugast aldrei hvernig sem á móti blæs, konu sem gerir hið ómögulega mögulegt. Bíbí segir frá á heiðarlegan og einlægan hátt en það er Vigdís Grímsdóttir rithöfundur sem færir frásögn hennar í letur.




KEMUR EINNIG ÚT SEM HLJÓÐBÓK

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


GRIZZLY BEAR


SIGN

## > Í SPILARANUM

**Grizzly Bear** - Friend EP
**Roisin Murphy** - Overpowered
**Ný dönsk** - Allt
**The Killers** - Sawdust
**Sign** - The Hope

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Hrasaði um stein

Jimmy Page, gítarleikari Led Zeppelin, segist hafa dottið um stein í garðinum sínum þegar hann braut litla fingur vinstri handar á dögunum. Fyrir vikið þurfti að fresta endurkomutónleikum sveitarinnar um tvær vikur, eða til 10. desember.

„Ég lenti ekki bara á hendinni heldur á öðrum líkamspörtum líka. En auðvitað þurfti höndin að fara verst út úr þessu," sagði Page á verðlaunahátíð í London. Bætti hann því við að hefði þetta komið fyrir hægri höndina hefði hann líklega komist upp með það og þá hefði ekki þurft að fresta tónleikunum. „Þetta var það síðasta sem ég hefði viljað að kæmi fyrir nokkurn mann, hvað þá sjálfan mig. Það eina sem ég get gert er að biðja aðdáendur mína og alla sem hafa orðið fyrir óþægindum út af þessu afsökunar."

Vegna ósættis meðal eftirlifandi meðlima Zeppelin um árin óttuðust margir að sveitin kæmi aldrei aftur saman. Page segir alla góða vini núna og móralinn í sveitinni vera góðan. „Það erfiðasta fyrir okkur eftir öll þessi ár var að hittast allir í sama herbergi. Eftir það gengu hlutirnir frábærlega og krafturinn í tónlistinni tók völdin."

Page grínaðist einnig með að ef hann hefði ekki lent í slysinu væri Zeppelin örugglega tilbúin með tvær plötur nú þegar.


**LED ZEPPELIN** Rokkararnir í Zeppelin spila í London 10. desember.




## > Plata vikunnar

Jakobínarína - The First Crusade

★★★★

„Gulldrengirnir á íslensku tónlistarsenunni standa undir þeim miklu væntingum sem til þeirra eru gerðar með einni af bestu íslensku rokkplötum ársins." TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Grasrótin japlar á Dylan*

Eftir nokkrar vikur verður frumsýnd hér á landi myndin I'm Not There sem fjallar um ævi Bob Dylan en lögin úr myndinni voru að koma út á tveimur spikfeitum diskum. Þar fá margir af best þekktu grasrótartónlistarmönnum samtímans að spreyta sig á lögum Dylans, allt frá hans þekktustu stefjum yfir í lög sem aðeins hafa heyrst áður í einhvers konar sjóræningaútgáfum.




Fyrir plötuna var einnig sérstaklega sett saman hljómsveitin The Million Dollar Bashes sem ekki ómerkari spámenn skipa en til dæmis Lee Ranaldo og Steve Shelley úr Sonic Youth, Wilco-gítarleikarinn Nels Cline, Tom Verlaine, aðalhöfuð Television, og Tony Garnier, bassaleikari Dylans. Spilar sveitin undir í alls fimm lögum, meðal annars með Stephen Malkmus í tveimur lögum og Karen O úr Yeah Yeah Yeahs í Highway 61 Revisited. Calexico spilar einnig undir í fimm lögum og stendur sig best með Jim James úr My Morning Jacket, Iron & Wine og Charlotte Gainsbourg. Framlög The Black Keys, Mason Jennings (Þá The Lonesome Death of Hattie Carroll, þar sem útgáfa hans af The Times They Are A-Changin' er frekar vond), Mira Boillotte úr White Magic, Yo La Tengo (sérstaklega Fourth Time Around), Sufjan Stevens og Jeff Tweedy finnst mér þó skara fram úr.

Auðvitað fá gamlir jálkar einnig að láta ljós sitt skína og þar ber hæst veiklulega en sjarmerandi útgáfu Roger McGuinn úr The Byrds af One More Cup of Coffee, Tombstone Blues með Woodstock-hetjunni Richie Havens og Just Like Tom Thumb's Blues í flutningi Ramblin' Jack Elliott. Lögin sem Willie Mason og Los Lobos flytja hefðu hins vegar alveg mátt missa sín.

Hápunktur plötunnar er hins vegar lokalag hennar, titillagið sjálft í flutning Bob Dylan (lagið er heldur ekki amalegt með Sonic Youth) en lagið er líklega þekktasta lag Dylans sem ekki hefur komið út áður. Þetta er því í fyrsta skipti sem lagið kemur formlega út. Og lagið klikkar ekki, er í raun jafn æðislegt og útgáfa Eddie Vedder af All Along the Watchtower er óspennandi.






# Uppljómun rappkóngsins

**New York-rappkóngurinn Jay-Z er ekki lengi að skella í eitt stykki plötu þegar andinn kemur yfir hann. Hann fór á forsýningu kvikmyndarinnar American Gangster í september síðastliðnum, varð fyrir uppljómun og samdi heila plötu sem kemur í verslanir eftir helgina. Trausti Júlíusson hlustaði á gripinn.**

Snemma í september fór Jay-Z á sérstaka forsýningu á nýjustu mynd Ridleys Scott, American Gangster. Myndin, sem hefur fengið góðar viðtökur, rekur sögu eiturlyfjabarónsins Franks Lucas í Harlem á áttunda áratugnum. Það er Denzel Washington sem leikur Frank, en meðal annarra leikara eru Russell Crowe, Common og RZA úr Wu-Tang Clan. Jay-Z var sjálfur umsvifamikill eiturlyfjasali í Brooklyn áður en hann sneri sér að hip-hoppinu og hann varð fyrir svo sterkri upplifun á sýningunni að hann var farinn að semja rímur fyrir nýja plötu á leiðinni út af myndinni. Tæpum tveimur mánuðum síðar var platan tilbúin, en hún hefur sama titil og myndin, American Gangster, og er þemaplata byggð á reynslu rapparans sjálfs og efni myndarinnar. Platan er samt ekki bara glansmynd af lífi eiturlyfjasalans, heldur tekur hún líka fyrir afleiðingarnar sem lífsstíll hans hefur í för með sér.

**Lét myndina rúlla á plasmaskjá**

Jay-Z pantaði hljóðver og hófst handa af miklum krafti. Hann lét myndina rúlla stöðugt á stórum plasmaskjá í hljóðverinu á meðan hann tók plötuna upp. Hann hafði samband við Diddy, sem hafði verið að stinga upp á því við hann að þeir ynnu saman að plötu. Diddy átti eitthvað af töktum í handraðanum sem upptökuteymið hans The Hitmen hafði unnið upp úr sálartónlist frá 8. áratugnum. Það varð úr að The Hitmen pródúseruðu helming laganna á American Gangster. Margir taktanna minna á tónlistina úr blaxploitation-myndum áttunda áratugarins, blástur og þykkir orgelhljómar eru t.d. áberandi. Allir eru boðnir og búnir þegar kóngurinn kallar og meðal annarra sem eiga lög á plötunni má nefna Jermaine Dupri, Just Blaze og The Neptunes. Gestainnkomur eiga svo Lil' Wayne, Pharrell, Beanie Sigel og Nas.


**JAY-Z** Kvikmyndin American Gangster minnti Jay-Z á þá tíma þegar hann seldi dóp í Brooklyn. Hann samdi nýja plötu eftir að hafa horft á myndina.

**Sterk heild**

American Gangster er tíunda plata Jay-Z en sú fyrsta, Reasonable Doubt, kom út fyrir ellefu árum. Pöturnar hans eru ekki allar jafn góðar. Sú síðasta, Kingdom Come, var t.d. ekki mjög sterk. Flæðið og orðaleiknin er samt slík að það er alltaf gaman að því að hlusta á hann rappa. Nýja platan hefur sterkan heildarsvip og hún fer auðveldlega í hóp bestu rappplatna ársins. Jay-Z er sjálfur í skýjunum með hana. Hann segir að markmiðið hafi verið að búa til plötu sem hægt væri að spila sem eitt verk. Og það tókst. Hann er þeirrar skoðunar að American Gangster fari í hóp hans allra bestu platna með Reasonable Doubt og The Blueprint.

# Elíza til London

Tónlistarkonan Elíza Geirsdóttir heldur tónleika í London á mánudag í tilefni af útgáfu fyrstu sólóplötu sinnar, Empire Fall, sem kom út í Bretlandi á dögunum.

Elíza gefur út plötuna undir sínu eigin útgáfumerki, Lavaland, í samstarfi við Imprint og Cargo Records í Bretlandi sem eru með öflugustu sjálfstæðu dreifingaraðilum í Evrópu. Einnig er Empire Fall komin út í stafrænu formi í gegnum State51 og fæst platan í öllum helstu netverslunum heims, þar á meðal Itunes.


**ELÍZA GEIRSDÓTTIR** Elíza heldur útgáfutónleika í London á mánudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Elíza kemur fram á The Heavenly Social sem er þekktur tónleikastaður í miðborg Lundúna. Hann er rekin af Heavenly Records sem er hluti af útgáfurisanum EMI en menn þaðan buðu Elízu sérstaklega að koma og halda útgáfutónleika á staðnum eftir að hafa heyrt nýju plötuna.

Empire Fall hefur fengið lofsamlega dóma í Bretlandi og er stefnt á frekara tónleikahald þar og víðar í Evrópu í byrjun nýs árs þegar fyrsta tvöfalda smáskífa plötunnar kemur út.


Rúbín
Einn glæsilegasti skemmtistaður á íslandi í dag!
BERMUDA
Föstudaginn 9.Nóvember
Þriðju kynslóðar hljómsveitin Bermuda verður með risa dansleik föstudaginn 9.Nóvember á Rúbín einum glæsilegasta skemmtistað á íslandi í dag. Húsið opnar 22:00 og partýið stendur til 03:00 – Hlökkum til að sjá þig!
Aðgangseyrir 1200kr
Bogomil Font, Raggi Bjarna & Milljonamæringarnir
Laugardaginn 10.Nóvember
Bogomil Font, hinn eini sanni Raggi Bjarna & Milljónamæringarnir ætla að slá upp ekta íslenskri latin veislu á Rúbín laugardaginn 10.Nóvember. Húsið opnar kl 22:00 og stendur veislan til 03:00 Hlökkum til að sjá þig!
Aðgangseyrir 1500kr
Láttu Sjá þig!....

# Metsölulisti Eymundsson

**1. Harðskafi**
Arnaldur Indriðason



Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar um lögreglumanninn Erlend rauk beint í 1. sæti metsölulistans.

**2. Negrastrákarnir**
Gunnar Egilsson / Muggur



Negrastrákarnir, þessir yndislegu hrakfallabálkar, eru komnir enn og aftur til að skemmta íslenskum börnum. Hinn góðkunni listamaður, Muggur, myndskreytti.

**3. Biblían**



Ný biblíuþýðing sem miðast við breiðan lesendahóp og notkun í helgihaldi kirkju og safnaða. Þetta er Biblía 21. aldarinnar. Fáanleg í 5 mismunandi kápugerðum.

**4. Leyndarmálið**
Rhonda Byrne



Leyndarmálið virkar. Bókin sat í 13 vikur samfellt í fyrsta sæti metsölulistans þegar hún kom út.

**5. Þúsund bjartar sólir**
Khaled Hosseini



Ný metsölubók frá höfundi Flugdrekahlauparans.

**6. Þriðja táknið**
Yrsa Sigurðardóttir



Glæpasagan vinsæla eftir Yrsu Sigurðardóttur. „Spennandi, heillandi og einstök“, segja bandarískir gagnrýnendur.

**7. Gælur, fælur og þvælur**
Þórarinn Eldjárn
Sigrún Eldjárn



Sextán stórskemmtileg barnakvæði eftir Þórarin Eldjárn á bók og geisladiski.

**8. Matreiðslubók barnanna**
Katharine Ibbs



Ætluð börnum og fjölskyldum þeirra til að eiga góða stund saman í eldhúsinu. Áhersla er lögð á einfaldan og hollan mat en líka það sem börnum finnst girnilegt og gott.

**9. Mæling heimsins**
Daniel Kehlmann



Ein mest selda bók í Þýskalandi á undanförnum árum. Nú er hún loksins komin í íslenskri þýðingu.

**10. Flugdrekahlauparinn**
Khaled Hosseini



Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Fólk

folk@frettabladid.is



„Ég hef verið mjög nálægt því að fremja sjálfsvíg.“ Heather Mills, fyrrverandi eiginkona Pauls McCartney, um viðbrögð sín við neikvæðri fjölmiðlaumfjöllun eftir skilnað þeirra.



„Ég er búin að vera í bransanum í þrettán ár og – þið sem eruð að telja: Bara eitt hjónaband og engin handtaka!“ Söngkonan LeAnn Rimes hafði þetta að segja um feril sinn á Country Music Awards-verðlaunahátíðinni.



„Þessi viðburður inniheldur tvöfaldan Óskarsverðlaunahafa, oddhvassan hlut og mig.“ Oprah Winfrey klippti hárið af leikkonunni Hilary Swank í þætti sínum og gaf það til samtaka sem búa til hárkollur fyrir krabbameinssjúka.

# Fjórar nýjar þulur á skjáinn

**Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Sjónvarpsins, hefur ráðið fjórar nýjar þulur til starfa á stöðinni úr hópi þeirra 103 sem sóttu um starfið. Dagskrárkynnarnir verða því alls sex talsins því tveir hætta störfum.**



**MATTHILDUR MAGNÚSDÓTTIR** 26 ára nemi í lagadeild HR.



**ANNA RÚN FRÍMANNSDÓTTIR** 31 árs förðunar-, fjölmiðla- og íslenskufræðingur.



**SIGURLAUG JÓNSDÓTTIR** 38 ára flugfreyja og nemi í einkaþjálfun.



**SIGRÍÐUR HALLDÓRSDÓTTIR** 21 árs nemi í Háskólanum á Bifröst.

Þær Anna Rún Frímannsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir og Matthildur Magnúsdóttir bætast í hóp þeirra Evu Sólan og Katrínar Brynju Hermannsdóttur. Guðmundur F. Benediktsson og Guðrún Kristín Erlingsdóttir hætta. Þórhallur segir valið hafa verið erfitt en skemmtilegt. „Þessar fjórar voru þær hæfileikaríkustu.“ Hann segir tilviljun ráða því að hópinn skipi eingöngu konur. „Það voru átján strákar í hópi umsækjenda. Stelpurnar voru einfaldlega betri og við völdum út frá hæfileikum og getu. Þetta starf mun gefa möguleika á því að koma að annarri dagskrárgerð og umsækjendur voru valdir með tilliti til þess.“

Anna Rún var stödd í fríi í New York ásamt manninum sínum þegar Fréttablaðið náði tali af henni. „Ég er bara nýbúin að frétta af þessu sjálf,“ segir hún og hlær. „En ég hlakka til að takast á við starfið. Ég er förðunarfræðingur og hef unnið sem sminka í Sjónvarpinu í hálft ár.“ Anna Rún er einnig menntaður íslensku- og fjölmiðlafræðingur auk þess sem hún tók fréttamannapróf hjá Sjónvarpinu. „Mig langaði til þess að nýta háskólamenntunina en ætla að starfa samhliða sem sminka. Þulustarfið opnar líka ýmsar spennandi dyr.“

Sigríður er nemandi í félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst þar sem hún leggur stund á nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Hún er ekki alls ókunn störfum hjá Sjónvarpinu því hún starfaði sem aðstoðarfréttamaður á Fréttastofu Sjónvarps um árabil. „Ég ákvað eiginlega í gríni að sækja um. Ég bjóst ekkert við því að komast í gegn, sérstaklega eftir að ég frétti af því hversu margir sóttu um. Mig langaði bara að sjá hvað ég kæmist langt,“ segir hún og hlær. Sigríður reiknar ekki með að verða í vandræðum með að púsla saman vöktum í Sjónvarpinu og háskólanámi úti á landi. „Þetta eru ekki margar vaktir á mann, við erum svo margar. Annars kemur þetta bara allt í ljós.“

Sigurlaug hefur starfað sem flugfreyja hjá Icelandair í þrjú ár auk þess sem hún er í einkaþjálfaraskóla. Hún segist ekki ætla að hætta störfum sem flugfreyja. „Nei, ég tími því ekki,“ segir hún og hlær. „Þetta passar vel saman. Ég held að Sjónvarpið sé líflegur og skemmtilegur vinnustaður eins og flugið. Maður kynnist skemmtilegu fólki og fær að prófa eitthvað nýtt í leiðinni. Ég hef ekki gert neitt þessu líkt áður.“ Hún segir ráðninguna hafa komið sér skemmtilega á óvart. „Þórhallur hringdi bara áðan. Næsta skref er að mæta upp í Sjónvarp á þriðjudag þar sem við tekur þjálfun í raddbeitingu, framsögn og þess háttar.“

Matthildur er á þriðja ári í lagadeild Háskólans í Reykjavík. „Ég ætla í mastersnám næsta haust ef allt gengur upp. Þulustarfið er fínt með því. Ég er ekkert hætt í skóla.“ Hún segist meðal annars hafa sótt um starfið til að kynnast fólki. „Maður er dálítið einn og út af fyrir sig hérna í lagadeildinni. Sjónvarpið er tilvalinn vettvangur til þess að umgangast skemmtilegt fólk. Þetta er spennandi fyrirtæki og góður staður til þess að byrja á.“

sigrunosk@frettabladid.is

# Álasar sjálfri sér vegna Britney

Móðir Britney Spears kennir sjálfri sér um vandræði dóttur sinnar. Lynne Spears hefur viðurkennt að draumar hennar um velgengni til handa dóttur sinni hafi haft sorglegar afleiðingar. „Ég ól börnin mín ekki upp með það að markmiði að verða fræg í Hollywood. Þetta sprakk bara allt í loft upp og stórir draumar urðu að miklum höfuðverkjum,“ segir Lynne, en flestir vita að Britney Spears hefur átt í miklum vandræðum síðastliðin ár. Hún stendur nú í forræðisdeilu við fyrrverandi eiginmann sinn, Kevin Federline, vegna sona þeirra tveggja, Seans Prestons og Jaydens James.

Britney var ung að árum þegar hún steig fyrstu skref sín í skemmtanabransanum, og Jamie-Lynn, tíu árum yngri systir hennar, virðist stefna sömu leið í leiklistarheiminum. Hún hefur unnið verðlaun fyrir frammistöðu sína sem Zoey Brooks í þáttaröðinni Zoey 101 sem sýndir eru á Nickelodeon.

Lynne segist hafa náð sáttum við eldri dóttur sína, eftir að upp úr sambandi þeirra slitnaði fyrr á árinu. Hún sér þó eftir ýmsu. „Ég kenni sjálfri mér um allt það sem miður hefur farið hjá Britney,“ segir Lynne, sem er með bók um barnauppeldi í smíðum. Enn á eftir að koma í ljós hversu margir foreldrar vilja leita í reynslubanka hennar.



**HOLLYWOOD EKKI TAKMARKIÐ** Lynne segist ekki hafa alið börnin sín upp með feril í Hollywood að markmiði. Dæturnar hafa þó báðar farið þá leið.

# HUNDRAÐ ÁRA SAGNAMEISTARI

## Þrjár glæsilegar stórbækur eftir Astrid Lindgren í frábærum íslenskum þýðingum.


Astrid Lindgren, fædd 14. nóvember 1907










**LÍNA LANGSOKKUR**
Lína er sterkasta stelpa í heimi og frjáls eins og fuglinn þar sem hún býr alein með sjálfri sér, apa og hesti í skakka húsinu sínu á Sjónarhóli. Stórbókin geymir allar sögurnar af Línu og vinum hennar, *Lína langsokkur*, *Lína langsokkur ætlar til sjós* og *Lína langsokkur í suðurhöfum*, í þýðingu Sigrúnar Árnadóttur.

**EMIL Í KATTHOLTI**
Emil er svo dæmalaust fríður að hann lítur helst út fyrir að vera algert englabarn. En enginn skyldi ímynda sér það! Stórbókin geymir allar sögurnar um prakkarastrik Emils, *Emil í Kattholti*, *Ný skammarstrik Emils í Kattholti* og *Enn lifir Emil í Kattholti*, í þýðingu Vilborgar Dagbjartsdóttur.

**MADDITT OG BETA**
„Ertu galin, Madditt,“ segir Beta stundum við systur sína þegar henni dettur eitthvað skrýtið í hug – og það gerist oft! Stórbókin geymir báðar sögurnar um þessar fjörugu systur, *Madditt* og *Madditt og Beta*, í þýðingu Sigrúnar Árnadóttur.

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is


Kíktu inn á www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið
pitstop
Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta
TILBOÐ
FÓLKSBÍLA- OG JEPPADEKK
Afsláttur
15% afsláttur af öllum Michelin dekkjum undir fólksbíla og jeppa og 20% afsláttur af allri vinnu við að gera þau tilbúin og koma þeim undir bílinn, þar með talið umfelgun og míkróskurður og negling ef um slíkt er að ræða.
MICHELIN
MICHELIN BFGoodrich Kleber
Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi
HELIX
Við notum Shell Helix smurolíur
pitstop
Dugguvogi 10
Sími: 568 2020
pitstop
Skeifunni 5
Sími: 568 2025
pitstop
Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121
pitstop
Opnar 22. nóvember!
Rauðhellu 11 Hfj.
Sími: 568 2035
Líttu inn á www.pitstop.is ~ Tilboð ~ Upplýsingar ~ Dekk ~ Felgur ~ Fróðleikur ~ Og fleira

## > KR-ingar semja við leikmenn



KR tilkynnti í gær að það hefði samið við þrjá nýja leikmenn en fjölmiðlar höfðu áður greint frá því að þeir væru á leið í Vesturbæinn. Þeir Grétar Sigfinnur Sigurðsson og Gunnar Örn Jónsson sömdu til ársins 2011 við KR en Guðjón Baldvinsson samdi til ársins 2012. Þá tilkynnti KR einnig að samningar við þá Stefán Loga Magnússon og Guðmund Reyni Gunnarsson hefðu verið framlengdir til ársins 2011 og Kristinn Magnússon samdi til ársins 2010. Björgólfur Takefusa hefur ákveðið að spila áfram með KR og samdi út næsta sumar.

**sport**
sport@frettabladid.is

EGGERT GUNNÞÓR JÓNSSON: HEFUR VERIÐ AÐ SPILA VEL MEÐ HEARTS Í SKOSKU ÚRVALSDEILDINNI

# Verð að halda haus og standa mig áfram vel



Eggert Gunnþór Jónsson, leikmaður Hearts í skosku úrvalsdeildinni og U-21 árs landsliði Íslands, hefur nýtt sín tækifæri vel hjá skoska liðinu á tímabilinu og fengið mikið lof í skoskum fjölmiðlum fyrir spilamennsku sína.

„Það er búið að ganga ágætlega hjá mér persónulega séð og maður verður bara að halda haus og standa sig áfram vel, en gengi Hearts er búið að vera svona upp og ofan. Hearts er búið að vinna bæði Celtic og Rangers á tímabilinu, en hefur tapað óvænt gegn liðum í botnsætunum, þannig að það vantar talsvert upp á stöðugleikann hjá liðinu," sagði Eggert.

Hearts er sem stendur í áttunda sæti deildarinnar og Eggert neitaði því ekki að staða liðsins væri talsvert undir þeim væntingum sem bundnar voru við það í upphafi tímabilsins.

„Við eigum að vera þriðji stærsti klúbburinn á eftir Celtic og Rangers og leikmannahópurinn á klárlega að vera nógu sterkur til þess að skila okkur í þriðja sæti deildarinnar og það var markmið okkar," sagði Eggert en kvaðst þó vitanlega vera sáttur með að fá tækifæri hjá aðalliðinu svona snemma á ferlinum.

„Ég finn að stjórnarmenn Hearts binda miklar vonir við mig og þeir hafa fyllt mig af sjálfstrausti með því að hafa trú á mér. Ég er náttúrlega mjög ánægður að fá að spila reglulega og sanna mig og það er líka frábært að fá að spila með Michael Stewart á miðjunni. Hann er mjög góður og hefur reynslu af því að spila með Manchester United í ensku úrvalsdeildinni og í Meistaradeildinni og ég er búinn að læra mikið af honum," sagði Eggert, sem kvaðst kunna vel við sig í Edinborg og ekkert vera á förum þaðan í bráð.

„Ég á enn tvö og hálft ár eftir af samningi mínum, er einfaldlega mjög ánægður þar sem ég er núna og er búinn að koma mér vel fyrir, þannig að ég ekkert að hugsa mér til hreyfings í bráð."

*NI-deild karla og kvenna:*

**Stjarnan-HK 21-29 (12-13)**
**Mörk Stjörnunnar:** Jón Heiðar Gunnarsson 5 (5), Ólafur Víðir Ólafsson 4 (8), Guðmundur Guðmundsson 3/1 (9/2), Björgvin Hólmgeirsson 3 (11), Ragnar Helgason 2 (3), Gunnar Ingi Jóhannsson 2 (4), Hermann Björnsson 2 (5), Volodymyr Kysil (1), Björn Friðriksson (2), Ívar Markússon (2), Bjarni Þórðarson (2)
**Varin skot:** Roland Valur Eradze 13 (35/2) 37,1%, Hlynur Morthens 5/1 (12/2) 41,7%
**Hraðaupphlaup:** 4 (Gunnar, Ólafur, Jón 2)
**Fiskuð víti:** 2 (Kysil, Ólafur)
**Utan vallar:** 4 mínútur
**Mörk HK:** Tomas Eitutis 8 (11), Gunnar Jónsson 8/2 (11/2), Ragnar Njálsson 5/1 (14/2), Árni Þórarinsson 4 (6), Ragnar Hjaltested 4 (6), Arnar Þór Sæþórson (1), Sergi Petraytis (2)
**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 17/1 (38/2) 44,7%
**Hraðaupphlaup:** 5 (Ragnar 3, Árni 2)
**Fiskuð víti:** 4 (Petraytis 2, Ragnar, Gunnar)
**Utan vallar:** 2 mínútur

**Stjarnan-Valur 18-17 (10-6)**
**Mörk Stjörnunnar (skot):** Rakel Bragadóttir 8/4 (13/5), Alina Petrache 5/1 (16/1), Ásdís Sigurðardóttir 2 (4), Ásta Agnarsdóttir 1 (3), Birgit Engel 1 (3), Elísabet Gunnarsdóttir 1 (4), Florentina Grecu (2), Sólveig Lára Kjærnested (3)
**Varin skot:** Florentina Grecu 28/2 (45/5) 62,2%
**Hraðaupphlaup:** 4 (Rakel, Birgit, Ásta, Ásdís)
**Fiskuð víti:** 6 (Elísabet 3, Birgit, Arna, Ásdís)
**Utan vallar:** 6 mínútur
**Mörk Vals:** Nora Valovics 5/3 (13/5), Íris Pétursdóttir 4 (3), Eva Barna 3 (9/1), Dagný Skúladóttir 2 (7), Kristín Guðmundsdóttir 2 (11), Katrín Andrésdóttir 1 (2), Hafrún Kristjánsdóttir 1 (2), Hildigunnur Einarsd. (1), Guðrún Hólmgeirs. (4)
**Varin skot:** Berglind Hansdóttir 17 (34/4) 50%, Jolanta Slapikiene 1/1 (2/2) 50%
**Hraðaupp.:** 6 (Íris 2, Dagný, Kristín, Nora, Eva)
Fiskuð víti: 6 (Katrín, Hafrún, Nora, Kristín, Dagný, Hildigunnur)
**Utan vallar:** 2 mínútur

# Stjarnan skellti Njarðvík

**Nýliðar Stjörnunnar gerðu sér lítið fyrir og lögðu Njarðvík í Ljónagryfjunni, 78-81. Þetta var fyrsti útisigur Stjörnunnar í úrvalsdeildinni. Allur botn virðist dottinn úr leik Njarðvíkur, sem hefur tapað þrem leikjum í röð.**

**KÖRFUBOLTI** Nýliðar Stjörnunnar unnu fyrsta útisigur félagsins í úrvalsdeild karla þegar þeir lögðu Njarðvíkinga, 78-81, í Ljónagryfjunni í gærkvöldi. Þetta var jafnframt þriðja tap Njarðvíkurliðsins í röð en liðið lék Kanalaust í gær auk þess sem Brenton Birmingham var veikur og æfði ekkert í vikunni fyrir leikinn.

Stjörnumenn voru með frumkvæðið allan leikinn, voru 18-21 yfir eftir fyrsta leikhluta og 37-40 yfir í hálfleik. Garðbæingar settu síðan niður fimm fyrstu skot sín í seinni hálfleik og komust 42-51 yfir og Njarðvíkingar voru að vinna upp þann mun það sem eftir var leiksins. Hörður Axel Vilhjálmsson fékk tækifæri til að jafna leikinn í blálokin en þriggja stiga skot hans geigaði.

„Ég er rosalega ánægður með þennan sigur og þetta er í fyrsta sinn á þremur árum mínum á Íslandi sem ég vinn í Njarðvík. Við erum með nýtt lið í þessari deild og leggjum áherslu á að berjast fyrir hverjum einasta bolta allar 40 mínúturnar. Það hefur þegar skilað okkur þremur sigrum. Við settum stefnuna á að komast í úrslitakeppnina og það hefur ekkert breyst," sagði Dimitar Karadzovski eftir leikinn en Njarðvíkingar réðu ekkert við Makedóníumanninn.



**FÖGNUÐUR** Stjörnumenn fögnuðu ógurlega inni í búningsklefa sínum í gær eftir að hafa lagt Njarðvík að velli. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkur, er ekkert að örvænta. „Við megum ekkert láta þetta brjóta okkur niður. Það er bara nóvember og ég vil frekar horfa fram á veginn. Við eigum bara eftir að verða betri," sagði Teitur.

ooj@frettabladid.is

*Iceland Express-deild karla:*

**Njarðvík-Stjarnan 78-81 (37-40)**
**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 15 (7 fráköst, 5 stoðs.), Hörður Axel Vilhjálmsson 15 (4 stolnir), Friðrik Stefánsson 13 (9 fráköst, 4 stolnir), Egill Jónasson 12, Jóhann Árni Ólafsson 11, Hjörtur Hrafn Einarsson 8, Sverrir Þór Sverrisson 4.
**Stig Stjörnunnar**: Dimitar Karadzovski 21 (7 stoðs.), Kjartan Atli Kjartansson 16 (hitti úr 6 af 9 skotum), Fannar Freyr Helgason 14 (8 frák.), Maurice Ingram 11 (16 fráköst, 4 stolnir, 26 mín.), Sævar Ingi Haraldsson 11 (8 stoðs.), Sigurjón Örn Lárusson 6, Eiríkur Þór Sigurðsson 2, Birkir Guðlaugsson 2.

**Grindavík-Skallagrímur 90-74**
**Stig Grindavíkur:** Jonathan Griffin 32, Páll Axel Vilbergsson 14, Páll Kristinsson 10, Þorleifur Ólafsson 10, Björn Brynjólfsson 9, Igor Beljanski 8, Adam Darboe 5, Davíð Hermannsson 2.
**Stig Skallagríms:** Darrell Flake 24, Allan Fall 22, Milojica Zekovic 15, Pétur Sigurðsson 6, Axel Kárason 5, Hafþór Gunnarsson 2.

**Snæfell-Tindastóll 101-73**
**Stig Snæfells:** Justin Shouse 24, Sigurður Þorvaldsson 16, Anders Katholm 15, Hlynur Bæringsson 14, Jón Ólafur Jónsson 10, Slobodan Subasic 8, Gunnlaugur Smárason 6, Atli Hreinsson 4, Guðni Valentínusson 4.
**Stig Tindastóls:** Donald Brown 19, Samir Shaptahovic 16, Marcin Konarzewski 15, Serge Poppe 11, Ísak Einarsson 8, Svavar Birgisson 4.

**ÍR-Fjölnir 83-85**

*UEFA-bikarinn:*

**Nurnberg-Everton 0-2**
- Arteta (víti), Anichebe.

**Hapoel Tel Aviv-Tottenham 0-2**
- Robbie Keane, Dimitar Berbatov.

**Rennes-Brann 1-1**
Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson voru í byrjunarliði Brann í leiknum.

**Bayern Munchen-Bolton 2-2**
Lukas Podolski 2 - Ricardo Gardner, Kevin Davies.

Stjarnan vann nauman sigur á Valsstúlkum:

# Grecu of stór biti fyrir Val

**HANDBOLTI** Stjarnan tyllti sér á topp N1 deildar kvenna þegar liðið lagði Val, 18-17, á heimavelli sínum í Mýrinni í gærkvöldi.

Það var greinilegt frá fyrstu mínútu að mikið var í húfi. Liðin virkuðu stressuð og þá sérstaklega gestirnir þó þeir hafi skorað fyrsta mark leiksins sem kom á fimmtu mínútu. Níu mínútur voru liðnar af leiknum þegar Stjarnan loks fann netið í marki Vals en í kjölfarið náðu heimamenn yfirhöndinni í leiknum.

Gestirnir virkuðu hræddir við Florentinu Grecu sem varði frábærlega í leiknum fyrir aftan mjög sterka vörn. Stjarnan náði góðu forskoti fyrir hlé, 10-6, og bætti um betur í upphafi seinni hálfleiks og náði sjö marka forskoti, 14-7.

Í stað þess að leggja árar í bát náðu Valsstelpur að minnka muninn hratt og örugglega og þegar þrjár mínútur voru eftir var staðan orðin 18-17. Valur fékk góð tækifæri til að jafna leikinn en Grecu sá til þess að Valur skoraði ekki fleiri mörk.



**HARKA** Elísabet Gunnarsdóttir brýst hér í gegnum vörn Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, var ánægður með að lið sitt væri komið á toppinn. „Það hefur verið gríðarlegt álag á mínu liði og við höfum varla náð tveimur æfingum í röð vegna leikjaálags. Þær sýndu mikinn karakter í þessum leik gegn sterku liði Vals." - gmi

HK sýndi að það hefur alla burði til að berjast á toppi N1-deildarinnar:

# HK á toppinn með sigri á Stjörnunni

**HANDBOLTI** HK náði Stjörnunni og Haukum að stigum á toppi N1 deildar karla í gærkvöldi þegar liðið lagði Stjörnuna, 29-21, í Mýrinni í Garðabæ. Frábær seinni hálfleikur lagði grunninn að sigrinum en Stjarnan náði sér engan vegin á strik.

Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en HK hóf seinni hálfleikinn með látum og nýtti sér andleysi heimamanna til hins ýtrasta. HK skoraði fjögur fyrstu mörk seinni hálfleiksins og lagði þar grunninn að sigrinum.

Frábær varnarleikur HK lagði grunninn að sigrinum enda saknaði Stjarnan Patreks Jóhannessonar og Heimis Arnar Heimissonar mikið. Lykilmenn vantaði einnig í liði HK en varnartröllið Sigurgeir Árni Ægisson er meiddur og Agustas Strazdas, besti leikmaður umferða 1-7, tók út leikbann.

Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, var að vonum ánægður í leikslok. „Við vorum svekktir að tapa á sunnudaginn og ákváðum að nýta tímann á milli leikja vel og koma betur undirbúnir til leiks.

Við vorum tilbúnir í leikinn og hungraðir og skilaði hver einasti leikmaður sínu. Það var frábært að sjá liðið. Þetta var snúningspunkturinn fyrir okkur. Þetta var spurning um hvort við ætluðum að berjast um fjórða sætið eða vera á toppnum. Við sýndum það í dag að við erum hungraðir og við viljum meira," sagði Gunnar. - gmi



**EKKERT GEFIÐ EFTIR** Björgvin Hólmgeirsson beitir hér öllum brögðum til að stöðva Tomas Eitutis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






BT
TOSHIBA
PSL40E-02R01QN5
TOSHIBA SATELLITE L40-139
Intel Celeron M 520
15.4" TFT WXGA
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows® Vista Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð
1. GREIÐSLA 1. febrúar 2008
15,4"
TOSHIBA
FYLGIR
9.997
14272-TRU - TRUST fartölvufjarstýring
DTI-1GB - 1GB KINGSTON USB MINNI
BEU3015P - TARGUS BLACK SKIN fartölvutaska
69.999
89.999
BT LÁN
Verð frá:
2.103
59 mánaða
Canon
CANON400DBUNDLE
CANON EOS 400D 2X KIT LINSUR
10 megapixla D-SLR
Rykvörn á myndflögu
Anti-static yfirborð á myndflögu
2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar
Níu punkta autofókus kerfi (úr 30D)
Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)
Nemi við leitara slekkur á skjá þegar hún er borin að auganu
Batterígrip fylgir
18-55mm f/3,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
55-200mm f/4,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
Highly Recommended - dpreview.com
"Verðugur arftaki 350D" - Phil Askey
1. GREIÐSLA 1. febrúar 2008
KINGSTON 1GB CF CF/1GB
FYLGIR
4.999
EOS
CANON ZOOM LENS EF-S 18-55mm 1:3.5-5.6 II
400D DIGITAL
129.999
BT LÁN
Verð frá:
3.640
59 mánaða
FYLGIR
17.999
Ipod Nano 4GB
24.999
Ipod Nano 8GB
9.999
Ipod Shuffle 1GB
Flettu í gegnum ljósmyndasafnið þitt með því að draga fingurinn þvert yfir skjáinn. Ótrúleg birta og frábærir litir í þessu magnaða 3,5" snertiskjá.
Fullkomnasti Ipodinn til þessa. Spilarinn styður "coverflow" Þannig að mögulegt er að fletta í gegnum tónlistarsafnið og skoðað plötu-hulstrin. Allt að 22 klst rafhlöðuending
Farðu á netið þráðlaust í þessari mögnuðu lófatölvu. Ekkert mál að skoða tölvupóstinn, vísir.is eða hvað annað sem þú hefur áhuga á.
Settu inn kvikmyndir eða þætti í gegnum Itunes á einfaldan hátt og horfðu á þá í widescreen þegar þú ert á ferðinni.
Þegar tölvan er tengd við netið er með ein-földum hætti hægt að logga sig inn YouTube og skoða skemmtilegar videoklippur.
39.999
Ipod Touch 8GB
Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

# Strazdas byrjar best allra

HSÍ tilkynnti val á úrvalsliði umferða 1-7 í N1-deild karla í gær. HK-ingurinn Augustas Strazdas var valinn besti leikmaður fyrsta fjórðungsins. Ungverjinn Ferenc Buday var besti þjálfarinn og Stjarnan fékk verðlaun fyrir umgjörð.

**HANDBOLTI** HSÍ stóð í fyrsta skipti fyrir vali á úrvalsliði karla í efstu deild í handbolta í gær, þegar úrvalslið umferða 1-7 í N1-deild karla var valið. Þar fyrir utan voru veitt verðlaun fyrir besta leikmanninn, besta þjálfarann, besta dómaraparið og bestu umgjörðina hjá félagi í N1-deildinni. Valnefnd á vegum Handknattleikssambands Íslands sá um valið.

Ungverjinn Ferenc Buday, þjálfari Fram, var valinn besti þjálfari umferða 1-7 í N1-deildinni.

„Ég er mjög ánægður með þessi verðlaun og þetta sýnir að HSÍ telur að ég sé að vinna gott starf fyrir Fram og það gleður mig. Deildin er góð í ár og ég held að það séu um 5-6 lið sem stefna að sigri og geta unnið deildina. Við hjá Fram höfum þau markmið að sigra í deildinni og ég ætla að gera mitt besta til þess að það gangi eftir,“ sagði Buday að verðlaunaafhendingunni lokinni.

HK-ingurinn Augustas Strazdas var valinn besti leikmaðurinn en hann hefur leikið einkar vel fyrir HK, rétt eins og venjulega.

„Þetta kemur mér mjög á óvart, en ég er mjög ánægður með þessa viðurkenningu. Ég held að deildin hér sé alltaf að verða sterkari og sterkari og það virðist sem allir geti unnið alla. En ég er ánægður með HK-liðið í ár og við sjáum til hvað kemur út úr þessu hjá okkur, við reynum okkar besta bæði hér á Íslandi og í Evrópukeppninni,“ sagði Strazdas.

Besta dómaraparið var Valgeir Ómarsson og Þorlákur Kjartansson.

omar@frettabladid.is



**BESTIR** Augustas Strazdas, leikmaður HK, (stóra myndin) var valinn besti leikmaður umferða 1-7 í N1-deildinni. Ferenc Buday, þjálfari Fram, var valinn besti þjálfarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



### BESTIR Í UMFERÐUM 1-7

**Besti leikmaðurinn:**

| | |
|---|---|
| Augustas Strazdas | HK |

**Besti þjálfarinn:**

| | |
|---|---|
| Ferenc Buday | Fram |

**Bestu dómararnir:**

Þorlákur Kjartansson og Valgeir Ómarsson.

**Besta umgjörð:**

Stjarnan

**Lið umferða 1-7:**

| | |
|---|---|
| Mark: | Björgvin Gústavsson, Fram |
| v. horn: | Gunnar Ingi Jóhannsson, Stjarnan |
| h. horn.: | Goran Gusic, Akureyri |
| lína: | Einar Ingi Hrafnsson, Fram |
| v. skytta: | Augustas Strazdas, HK |
| h. skytta: | Jóhann Gunnar Einarsson, Fram |
| miðja: | Ólafur Víðir Ólafsson, Stjarnan |



**LIÐ UMFERÐA 1-7** Frá vinstri: Björgvin Páll Gústavsson Fram, Jóhann Gunnar Einarsson Fram, Gunnar Ingi Jóhannsson Stjarnan, Einar Ingi Hrafnsson Fram, Ólafur Víðir Ólafsson Stjarnan, Bjartur Máni Sigurðsson sem tók á móti verðlaunum fyrir Goran Gusic, Augustas Strazdas HK og þjálfarinn Ferenc Buday Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### TOPPLISTAR 1. TIL 7. UMFERÐAR N1-DEILD KARLA

**MARKAHÆSTU MENN:**

| | |
|---|---|
| Jóhann Gunnar Einarsson, Fram | 50/5 |
| Magnús Stefánsson, Akureyri | 45/3 |
| Goran Gusic, Akureyri | 45/13 |
| Heimir Örn Árnason, Stjörnunni | 43/14 |
| Björgvin Hólmgeirsson, Stjörnunni | 40 |
| Ólafur Víðir Ólafsson, Stjörnunni | 40/6 |
| Augustas Strazdas, HK | 39 |
| Baldvin Þorsteinsson, Val | 36/12 |
| Freyr Brynjarsson, Haukum | 36 |
| Fannar Þór Friðgeirsson, Val | 34/3 |
| Hilmar Stefánsson, Aftureldingu | 33/15 |
| Andri Stefan, Haukum | 32 |
| Sindri Haraldsson, ÍBV | 32 |
| Andri Berg Haraldsson, Fram | 31/7 |
| Sigurður Bragason, ÍBV | 29/7 |
| Andri Snær Stefánsson, Akureyri | 29 |
| Daníel Jónsson, Aftureldingu | 28 |
| Tomas Eitutis, HK | 27 |
| Arnór Þór Gunnarsson, Val | 27/3 |
| Einar Örn Guðmundss., Afturel. | 26/5 |
| Ragnar Hjaltested, HK | 26/1 |



**MAGNÚS STEFÁNSSON** Akureyringurinn hefur farið vel af stað í vetur.

**FLEST VARIN SKOT:**

| | |
|---|---|
| Davíð Svansson Aftureldingu | 114/4 |
| Björgvin Páll Gústavsson, Fram | 114/3 |
| Egidijus Petkevicius. HK | 111/7 |
| Sveinbjörn Pétursson. Akureyri | 80/0 |
| Roland Eradze. Stjörnunni | 74/6 |
| Kolbeinn Ingibjargarson, ÍBV | 70/1 |
| Pálmar Pétursson, Val | 64/2 |
| Ólafur Haukur Gíslason, Val | 55/2 |
| Friðrik Sigmarsson, ÍBV | 54/2 |
| Gísli Guðmundsson, Haukum | 50/1 |
| Magnús Sigmundsson, Haukum | 50/1 |
| Hlynur Morthens, Stjörnunni | 48/3 |

**FLEST VARIN VÍTI:**

| | |
|---|---|
| Egidijus Petkevicius, HK | 7 |
| Roland Eradze, Stjörnunni | 6 |
| Hörður Flóki Ólafsson, Akureyri | 4 |
| Davíð Svansson, Aftureldingu | 4 |
| Hlynur Morthens, Stjörnunni | 3 |
| Björgvin Páll Gústavsson, Fram | 3 |



**FREYR BRYNJARSSON** Skorar mest allra úr hraðaupphlaupum.

**FLEST HRAÐAUPPHLAUPSMÖRK:**

| | |
|---|---|
| Freyr Brynjarsson, Haukum | 18 |
| Baldvin Þorsteinsson, Val | 16 |
| Ragnar Hjaltested, HK | 14 |
| Andri Stefan, Haukum | 11 |
| Arnór Þór Gunnarsson Val | 11 |
| Zilvinas Grieze, ÍBV | 9 |
| Gunnar Ingi Jóhannsson, Stjörn. | 9 |
| Andri Snær Stefánsson, Akureyri | 9 |
| Jón Heiðar Gunnarsson, Stjörnunni | 8 |
| Þröstur Þráinsson, Haukum | 8 |
| Goran Gusic, Akureyri | 8 |

**FLEST FISKUÐ VÍTI**

| | |
|---|---|
| Nikolav Kulikov, ÍBV | 8 |
| Ólafur Víðir Ólafsson, Stjörnunni | 7 |
| Gunnar Steinn Jónsson, HK | 7 |
| Arnar Þór Sæþórsson, HK | 7 |
| Magnús Stefánsson, Akureyri | 7 |

**BESTA HLUTFALLSMARKVARSLAN:**

**(Lágmark 15 skot varin)**

| | |
|---|---|
| Pálmar Pétursson, Val | 43,2% |
| | 64 varin af 148 skoti |
| Roland Eradze, Stjörnunni | 42,8% |
| | 74 varin af 173 skotum |
| Björgvin Páll Gústavsson, Fram | 41,9% |
| | 114 varin af 272 skotum |
| Magnús G. Erlendsson, Fram | 40,4% |
| | 19 varin af 47 skotum |
| Ólafur Haukur Gíslason, Val | 40,1% |
| | 55 varin af 137 skotum |
| Egidijus Petkevicius, HK | 40,1% |
| | 111 varin af 277 skotum |
| Davíð Svansson, Aftureldingu | 38,6% |
| | 114 varin af 295 skotum |
| Friðrik Sigmarsson, ÍBV | 38,6% |
| | 54 varin af 140 skotum |
| Magnús Sigmundsson, Hauk. | 38,2% |
| | 50 varin af 141 skoti |
| Sveinbjörn Péturss., Akureyri | 36,2% |

### TOPPLISTAR 1. TIL 7. UMFERÐAR N1-DEILD KARLA

**BESTA SKOTNÝTING (Lágm. 10 mörk)**

| | |
|---|---|
| Jón Heiðar Gunnarsson, Stjörn. | 92,9% |
| | 13 mörk úr 14 skotum |
| Davíð Ágústsson Afturelding | 80,0% |
| | 12 mörk úr 15 skotum |
| Nikolav Kulikov, ÍBV | 76,9% |
| | 20 mörk úr 26 skotum |
| Hilmar Stefánsson , Aftureld. | 75,0% |
| | 33 mörk úr 44 skotum |
| Einar Ingi Hrafnsson, Fram | 75,0% |
| | 18 mörk úr 24 skotum |
| Sergey Petraytis , HK | 73,3% |
| | 11 mörk úr 15 skotum |
| Augustas Strazdas, HK | 72,2% |
| | 39 mörk úr 54 skotum |
| Ingvar Árnason, Val | 72,2% |
| | 13 mörk úr 18 skotum |
| Arnar Pétursson, Haukum | 71,4% |
| | 10 mörk úr 14 skotum |
| Freyr Brynjarsson, Haukum | 69,2% |
| | 36 mörk úr 52 skotum |
| Ragnar Már Helgason, Stjörn. | 69,0% |
| | 20 mörk úr 29 skotum |
| Árni Björn Þórarinson, HK | 66,7% |
| | 20 mörk úr 30 skotum |
| Arnar Þór Sæþórsson, HK | 66,7% |
| | 20 mörk úr 30 skotum |
| Haraldur Þorvarðarson, Fram | 66,7% |
| | 12 mörk úr 18 skotum |
| Ragnar Hjaltested, HK | 63,4% |
| | 26 mörk úr 41 skoti |
| Heimir Örn Árnas., Stjörnunni | 62,3% |
| | 43 mörk úr 69 skotum |
| Heiðar Aðalsteinsson, Akureyri | 61,9% |
| | 13 mörk úr 21 skoti |
| Hrafn Ingvarsson, Aftureldingu | 61,1% |
| | 11 mörk úr 18 skotum |
| Reynir Ingi Árnason, Aftureld. | 61,1% |
| | 11 mörk úr 18 skotum |
| Goran Gusic, Akureyri | 60,8% |
| | 45 mörk úr 74 skotum |



**JÓHANN GUNNAR EINARSSON** Búinn að skora grimmt það sem af er vetri.

**FLEST MÖRK ÚTILEIKMANNA ÁN MARKA ÚR VÍTUM**

| | |
|---|---|
| Jóhann Gunnar Einarsson, Fram | 45 |
| Magnús Stefánsson, Akureyri | 42 |
| Björgvin Þór Hólmgeirss., Stjörn. | 40 |
| Augustas Strazdas, HK | 39 |
| Ólafur Víðir Ólafsson, Stjörnunni | 34 |
| Sindri Haraldsson, ÍBV | 32 |
| Andri Stefan, Haukar | 32 |
| Fannar Þór Friðgeirsson, Val | 31 |
| Heimir Örn Árnason, Stjörnunni | 29 |
| Daníel Jónsson, Aftureldingu | 28 |
| Tomas Eitutis, HK | 27 |
| Andri Berg Haraldsson, Fram | 24 |
| Zilvinas Grieze, ÍBV | 23 |
| Sigurður Bragason, ÍBV | 22 |
| Sigurbergur Sveinsson, Haukum | 22 |
| Arnar Jón Agnarsson, Haukum | 22 |
| Einar Örn Guðmundsson, Aftureld. | 21 |
| Filip Klitszyczk, Fram | 21 |
| Leifur Jóhannesson, ÍBV | 20 |
| Gunnar Steinn Jónsson, HK | 19 |

**FLEST MÖRK HORNAMANNA ÁN MARKA ÚR VÍTUM**

| | |
|---|---|
| Freyr Brynjarsson, Haukum | 36 |
| Goran Gusic, Akureyri | 32 |
| Andri Snær Stefánsson, Akureyri | 29 |
| Ragnar Hjaltested, HK | 25 |
| Gunnar Ingi Jóhannsson, Stjörn. | 24 |
| Baldvin Þorsteinsson, Val | 24 |
| Arnór Þór Gunnarsson Val | 24 |
| Ragnar Már Helgason, Stjörnunni | 20 |
| Hilmar Stefánsson, Aftureldingu | 18 |

**FLEST MÖRK LÍNUMANNA ÁN MARKA ÚR VÍTUM**

| | |
|---|---|
| Nikolav Kulikov, ÍBV | 20 |
| Einar Ingi Hrafnsson, Fram | 18 |
| Jón Heiðar Gunnarsson, Stjörnunni | 13 |
| Ingvar Árnason, Val | 13 |
| Haraldur Þorvarðarson, Fram | 12 |
| Davíð Ágústsson Afturelding | 12 |
| Sergey Petraytis, HK | 11 |
| Arnar Þór Sæþórsson, HK | 11 |
| Arnar Pétursson, Haukum | 10 |

Alþjóðlega badmintonmótið Iceland Express International hjá TBR um helgina:

# Ragna von Íslands á mótinu

**BADMINTON** Ragna Ingólfsdóttir verður í sviðjósinu hér á landi um helgina þegar hún tekur þátt í Alþjóðlega badmintonmótinu Iceland Express International sem hófst í TBR-húsunum í gær.

Íslandsmeistarinn nær vonandi að fylgja eftir frábærum sigri á Opna ungverska badmintonmótinu um síðustu helgi og komast alla leið í úrslit en hún vann þetta mót í fyrra, fyrst íslenskra badmintonspilara.

Ragna hækkaði sig um tíu sæti, upp í það 43., á nýjum heimslista Alþjóða-badmintonsambandsins og góður árangur um helgina gæti hjálpað henni enn frekar að komast inn á Ólympíuleikana. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni. Þar er keppt um 5.000 dollara verðlaunafé og það gefur stig á heimslista Alþjóða-badmintonsambandsins.

Ragna er númer þrjú í röðinni í einliðaleik kvenna. Það þýðir að hún er fyrir fram talin þriðja sterkasta einliðaleikskonan í mótinu og er eini íslenski badmintonspilarinn sem fær röðun í mótið.

Miðað við stöðu leikmanna á heimslista eru því líkurnar á því að íslensku leikmennirnir verði í úrslitum ekki taldar miklar.

- óój



**ÆTLAR SÉR Í ÚRSLIT** Ragna Ingólfsdóttir kemur full sjálfstraust inn í mótið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



**14.990kr** GOTT VERÐ

## Panasonic myndavél DMCLS60
- Stafræn myndavél með 6,0 milljón punkta upplausn
- Venus Engine II • MEGA OIS hristivörn í linsu
- LUMIX DC Vario - linsa • 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 5,8 - 17,4 mm (35 mm Samb. 35 - 105 mm)
- ISO 100-1250 • 22 Scene Programmes
- 2.0" LCD skjár (86.000 pixlar)
- Hágæða hreyfimyndataka (Hámarksupplausn: 16:9 848x480 - 30fps) • Rauf fyrir SD/SDHC kort
- Notar AA rafhlöður • Hugbúnaður fylgir



**21.990kr** GOTT VERÐ

## Casio myndavél EXZ77
- Stafræn Myndavél með 7,2 milljón punkta upplausn
- EXILIM Engine 2.0
- BESTSHOT 41 myndstillingar
- Face Detection function • Anti-Shake DSP - Hristivörn
- 2,6" LCD skjár (114.960 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6,3 - 18,9 mm (35 mm samb.: 38 - 114 mm) You Tube™ Capture Mode
- Hágæða hreyfimyndataka (Hámarksupplausn 848x480 - 7Mbps - 30fps)
- 11,4MB Innra minni og rauf fyrir SD kort
- Rafhlaða endist í allt að 190 skot
- Hleðslutæki, hleðslurafhlaða og hugbúnaður fylgir



**19.990kr** GOTT VERÐ

## Olympus myndavél FE280SIL
- 8 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6,3 - 18,9 mm (35 mm samb.: 36 - 108 mm)
- 2,5" LCD skjár
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Þrjár myndstærðir
- 20 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- 48MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 9,18x5,57x1,91
- Þyngd: 108 g (án rafhlöðu og korts)



**89.990kr** GOTT VERÐ

## Olympus myndavél E510DZKIT
- 10 MegaPixel • Innbyggð hristivörn
- Hægt að skipta um digital linsu
- Live View • 2 linsur fylgja
- Supersonic Wave Filter - Eyðir út ryki milli linsu og vélar
- Linsa 1: 14 - 42 mm (35 mm samb.: 28 - 84 mm)
- Linsa 2: 40 - 150 mm (35 mm samb.: 80 - 300 mm)
- 2,5" LCD skjár • Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Sjö myndstærðir • 18 picture Modes
- Tímarofi • Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Notar CompactFlash og xD kort
- Olympus Master 2.0 hugbúnaður fylgir



„Útivistarvélin, vatns- og höggvarin"

**29.990kr** GOTT VERÐ

## Olympus Myndavél MJU790SWSIL
- 7,1 MegaPixel • Innbyggð hristivörn
- Hægt að skipta um Digital linsu • Live View
- Supersonic Wave Filter - Eyðir út ryki milli linsu og vélar
- 2 linsur fylgja
- Linsa 1: 14 - 42 mm (35 mm samb.: 28 - 84 mm)
- Linsa 2: 40 - 150 mm (35 mm samb.: 80 •- 300 mm)
- 2,5" LCD skjár • Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Sjö myndstærðir • 18 picture Modes • Tímarofi
- Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Notar CompactFlash og xD kort
- Olympus Master 2.0 hugbúnaður fylgir



**74.990kr** GOTT VERÐ

## Panasonic tökuvél SDRH250
- 30GB harður diskur
- Tekur SD/SDHC kort (512MB fylgir)
- 3CCD 1/6" upptökuflögur með 800.000 punkta upplausn
- Leica Dicomar linsa
- 10x Optical Zoom og 700x Digital Zoom
- Color Night view
- MEGA O.I.S titringsdeyfir
- Innbyggð kyrrmyndavél (3.1 M)
- 2.7" LCD breiðskjár
- Tekur hljóð upp í Dolby Digital
- USB 2.0 tenging við tölvu
- 512MB SD kort fylgir
- Fylgihlutir : Spennubreytir, rafhlaða, hugbúnaður (PC) og kaplar



**49.990kr** GOTT VERÐ

## JVC tökuvél GZMG130
- Ótrúlega nett Digital Media tökuvél
- 30GB harður diskur (Allt að 37,5 tíma upptaka)
- 1/6" upptökuflaga með 800.000 Pixela upplausn
- 2,7" LCD breiðskjár
- Tekur SD/SDHC kort
- 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
- Innbyggð kyrrmyndavél
- Tekur hljóð upp í Dolby Digital
- CyberLink DVD Solution Klippi- og afspilunarforrit fylgja
- Titringsdeyfir
- USB 2.0 tenging við tölvu
- Fylgihlutir: Spennubreytir, rafhlaða, hugbúnaður (PC) og kaplar
- Stærð í cm (bxhxd): 6.6x7.1x11



**24.990kr** Verð áður 27.990,-

## JVC tökuvél GRD740
- 1/6" upptökuflaga
- 800.000 punkta upplausn
- 520 lína upplausn
- 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
- 2,7" LCD breiðskjár
- Digital Color NightScope
- Snapshot möguleiki
- Titringsdeyfir
- DV útgangur
- Vefmyndavél
- Fylgihlutir: Spennubreytir, Rafhlaða og Kaplar

Gildir til 15. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## > Susan Sarandon

Ein verðlaunaðasta leikkona Hollywood. Hefur fimm sinnum verið tilnefnd til Óskarsverðlauna en það var fyrir myndirnar Atlantic City, Thelma & Louise, Lorenzo's Oil, The Client og Dead Man Walking. Hlaut hún loks styttuna eftirsóttu fyrir síðastnefndu myndina. Til gamans má geta að Sarandon hefur einnig verið tilnefnd sjö sinnum til Golden Globe-verðlaunanna og tvisvar til Emmy-verðlaunanna en aldrei unnið. Sarandon leikur aðalhlutverkið í myndinni Stepmom sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON TELUR SJÓNVARPIÐ NÚLLSTILLINGU NÚTÍMAMANNSINS

# *Hafa skal það sem hendi er næst*



Hver kannast ekki við að vinna langan vinnudag, fara í búð, koma heim, elda kvöldmat, borða og horfa svo á sjónvarpið fram að háttatíma? Þetta er kunnugleg lýsing á venjulegum virkum degi hjá fjölda fólks og langt frá því að vera versta rútína sem hægt er að ímynda sér. Þegar við skoðum ferlið nánar sjáum við hins vegar að hvert atriði snýst um að uppfylla grunnþörf, nema það síðasta, sjónvarpsglápið. Það er sem sagt alvanalegt að eina raunverulega ákvörðun dagsins um hvað eigi að gera við tímann sé að horfa á sjónvarpið. Þá fer allur frítíminn í það.

En hver kannast ekki líka við að hoppa á milli stöðva og finna ekkert áhugavert en velja bara það skásta og horfa á það? Það getur virst óyfirstíganleg hindrun að finna sér eitthvað annað að gera, jafnvel þó að það sé bara að taka fram bíómynd sem mann hefur langað að sjá (aftur). Stundum nennir maður ekki einu sinni að skoða sjónvarpsdagskrána, velja úr það sem mann langar virkilega að horfa á og halda sig við það. Lendingin er þá að finna eitthvað í sjónvarpinu sem maður getur sætt sig við, þótt maður hafi eiginlega engan áhuga. Valkvíði er ekki vandamálið, heldur skortur á löngun til að velja. Við berum ekki nægilega virðingu fyrir frítíma okkar til að taka ákvörðun um hvað við eigum að gera við hann.

Hrikalega erum við þreytt og slæpt og sinnulaus stundum. Ef við höfum varla orku í að lyfta fjarstýringunni, er þá furða að við nennum ekki að mynda okkur skoðanir á erfiðum málum heldur látum berast með straumnum? Þá er síðasti ræðumaður yfirleitt ræðumaður kvöldsins og meirihlutinn ræður öllu. Við þurfum að hrifsa til okkar ánægjuna af því að hugsa og taka sjálfstæðar ákvarðanir, og sjónvarpið er ekki slæm byrjun. Ein leið er að taka sér Groucho Marx til fyrirmyndar, en hann mælti þessi orð: „Mér finnst sjónvarpið mjög fræðandi. Alltaf þegar einhver kveikir á því fer ég í annað herbergi og les góða bók."

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Charmed SKJÁREINN



▶ **21.05** Stelpurnar STÖÐ 2



▶ **22.25** The Road to Guantanamo SJÓNVARPIÐ



▶ **22.45** Silent Witness SIRKUS



▶ **00.25** Miami-Phoenix SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 07/08 bíó leikhús**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur**
**17.52 Villt dýr**
**18.00 Snillingarnir**
**18.24 Þessir grallaraspóar**
**18.30 Svona var það** (8:22)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Í þessum þætti eigast við Hornafjörður og Seltjarnarnes og meðal keppenda eru tónlistarmennirnir Grétar Örvarsson og Valgeir Guðjónsson.
**21.10 Taggart - Örsök og afleiðing** Sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
▶**22.25 Leiðin til Guantanamo** (The Road to Guantanamo) Leikin bresk heimildarmynd frá 2006 um þrjá breska múslima sem voru í haldi í fangabúðunum í Guantanamo-flóa í tvö ár áður en þeim var sleppt án ákæru. Leikstjóri er Michael Winterbottom og meðal leikenda eru Riz Ahmed, Farhad Harun og Waqar Siddiqui. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.00 Stjúpan** (Stepmom) Dauðvona kona á erfitt með að sætta sig við nýju konuna í lífi mannsins síns fyrrverandi. Meðal leikenda eru Julia Roberts, Susan Sarandon og Ed Harris.
**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Carried Away**
**08.00 Agent Cody Banks 2**
**10.00 Virginia´s Run**
**12.00 Dear Frankie**
**14.00 Agent Cody Banks 2**
**16.00 Virginia´s Run**
**18.00 Dear Frankie**
**20.00 Carried Away** Rómantískt og ögrandi drama. Aðalhlutverk: Dennis Hopper, Amy Irving, Amy Locane. 1996. Bönnuð börnum.
**22.00 Whacked!**
**00.00 The Missing**
**02.15 Angels Don´t Sleep Here**
**04.00 Whacked!**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love**
**10.15 Numbers** (11:24)
**11.10 Veggfóður**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð**
**13.55 Forboðin fegurð**
**14.45 Lífsaugað III** (e)
**15.25 Bestu Strákarnir**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.35 The Simpsons** (8:22) (e)
**20.00 Logi í beinni**
**20.35 Tekinn 2** (9:14)
▶**21.05 Stelpurnar** Stelpurnar snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni hlægilegri en nokkru sinni fyrr. Þátturinn hefur notið gífurlegra vinsælda enda eru þarna samankomnir margir af bestu gamanleikurum Íslands.
**21.30 Perfect Strangers** Rómantísk gamanmynd með Rob Lowe í aðalhlutverki. Hér segir frá vinnufélögum sem búa á sitthvorum landshlutanum en þurfa skyndilega að gjörbreyta lífi sínu þegar þeim er gert að skipta um vinnustað og heimili við hvort annað.
**23.05 The Craft** Bandarísk bíómynd frá 1996 um fjórar skólastelpur á táningsaldri sem stofna nornakliku í því skyni að leysa vandamál sín. Með því að beita göldrum og alls kyns kukli tekst þeim að leggja álög á óvini sína og ryðja úr vegi öllum hindrunum. En auðvitað fer þetta galdrabrölt úr böndunum og misklíð milli stúlknanna gerir illt verra. Maltin gefur þrjár stjörnur.
**00.45 The Texas Chainsaw Massacre**
**02.20 Sniper 3**
**03.50 Balls of Steel** (2:6)
**04.25 Tekinn 2** (9:14)
**04.55 Stelpurnar**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Bayern - Bolton** Útsending frá leik Bayern München og Bolton.
**16.00 Bayern - Bolton** Útsending frá leik Bayern München og Bolton.
**17.40 PGA Tour 2007 - Highlights** (Walt Disney World Resort Classic)
**18.35 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**19.00 Gillette World Sport 2007**
**19.30 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum.
**20.00 Spænski boltinn - Upphitun**
**20.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur**
**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (Texas Stadium) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum.
**21.55 World Series of Poker 2007**
**22.45 Heimsmótaröðin í póker 2006**
**23.35 Heimsmótaröðin í póker 2006**
▶**00.25 NBA-körfuboltinn** Bein útsending frá leik Miami og Phoenix í NBA-körfuboltanum.

## SÝN 2

**17.30 Wigan - Chelsea**
**19.10 West Ham - Bolton**
**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.20 Premier League Preview** (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 PL Classic Matches**
**22.50 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**23.50 Premier League Preview**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 Game tíví (e)**
**17.25 7th Heaven** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Friday Night Lights** (e)
▶**20.00 Charmed** (13:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir. Heillanornirnar njóta lífsins í nýjum og breyttum heimi en Leo kemst að því að þessi nýja veröld er dýru verði keypt. Hann gengur til liðs við djöflana til þess að umturna þeim breytingum sem orðið hafa á heiminum.
**21.00 Survivor: China** (8:14) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.
**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (15:22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Ungur maður er myrtur þegar hann reynir að ræna gögnum í mikilvægu dómsmáli. Goren og Eames rannsaka skrautlega fjölskyldu þar sem allir hafa eitthvað að fela.
**22.50 Masters of Horror** (7:13) Að þessu sinni er það leikstjórinn Joe Dante (The Howling og Gremlins) sem leikstýrir hrollvekjandi sögu með Jason Priestly og Elliot Gould í aðalhlutverkum.
**23.40 Backpackers** (19:26)
**00.10 Law & Order: SVU** (e)
**01.00 David Blaine, Drowned Alive** (e)
**02.00 C.S.I. Miami** (e)
**03.00 Obsessed** Dramatísk spennumynd um unga konu sem reynir að fá sig lausa úr fangelsi. Í aðalhlutverkum eru Jenna Elfman og Sam Robards.
**04.50 C.S.I.** (e)
**05.35 Vörutorg**
**06.35 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




Fiton/SÍA

Gefðu þér góðan tíma

Byrjaðu snemma og njóttu þess að undirbúa jólin í rólegheitunum

**Nýtt kortatímabil**

**Opið til 19 í dag og 10–18 á morgun**

Kringlan

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00 Logi í beinni



Logi Bergmann tekur á móti góðum gestum í spjallþætti sínum í kvöld. Einar Bárðarson umboðsmaður mætir í sjónvarpssal ásamt Sprengjuhöllinni og Dísellu. Strax á eftir Loga er röðin komin að Tekinn 2 og því næst eru Stelpurnar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Texas Chainsaw Massacre

Endurgerð á margfrægri hrollvekju, bara ennþá blóðugri og ennþá meira hrollvekjandi. Jessica Biel leikur unga stúlku sem lendir ásamt félögum sínum í klóm brjálaðs fjöldamorðingja sem vopnaður er keðjusög. Tilvalin mynd til þess að hræða sig örlítið á laugardagsnóttu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Hversdagshöllin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Tímakornið
**21.10** Flakk
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**19.50 Ren & Stimpy**
**20.15 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn.
**20.35 Bon Jovi - One Last Wild Night** (e) Tónleikar með bandarísku rokkhljómsveitinni Bon Jovi.
**22.00 Numbers** (4:24) Kínverskur túlkur finnst látinn og lögreglan er engu nær um hvað kom fyrir hann. 2006.
▶**22.45 Silent Witness** Dr. Sam Ryan er snúin aftur í tíunda sinn en hún hefur engu gleymt þegar kemur að rannsókn flókinna sakamála. Aðalhlutverk en sem fyrr í höndum Amöndu Burton sem hefur aflað sér gríðarlegra vinsælda í hlutverki hinnar kláru Dr. Ryan. (1:10) Skelfilegt sjóslys leiðir lögregluna á spor glæpamanna sem sjá um að smygla fólki ólöglega inn í landið. Aðalhlutverk: Emilia Fox, William Gaminara, Tom Ward. 2006. Bönnuð börnum.
**23.40 Hollywood Uncensored**
**00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Gestir Ingva Hrafns Jónssonar skoða málefni líðandi stundar með líðna viku sem útgangspunkt.
**21.00 Mér finnst** Maríanna Friðjónsdóttir stýrir umræðuþætti þar sem konur hafa orðið.

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.25** M¢d partierne **12.50** Rabatten **13.20** VQ - Videnskabsquiz **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Tjenesten - nu på TV **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** ¥reflip **16.30** Shanes verden **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Cirkusrevyen 2006 **20.00** TV Avisen **20.30** Big Daddy **22.00** Take That: det voksne drengeband **22.30** Cat People **0.25** Boogie Listen

## NRK 1

**8.55** Frokost-tv **11.00** NRK nyheter **11.15** Solens mat **11.45** Columbo **13.00** Gjensynet: Jon Eikemo **14.00** Orson og Olivia **14.30** ¥ya **15.00** VG-lista Topp 20 **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Charlie og Lola **17.15** Herr Hikke **17.25** Sauen Shaun **17.35** Miniplanetene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.05** Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Dalziel og Pascoe **23.10** Sopranos **0.10** CC Cowboys - På Svalbard uten str¢m **0.40** Country jukeboks med chat **3.00** Dansefot jukeboks

## SVT 1

**11.05** Små grytor har också öron **13.00** Videokväll hos Luuk **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Niklas mat **17.00** Hotell Kantarell **17.25** Musikvideo **17.30** Fåret Shaun **17.35** Häxan Surtant **18.00** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Isprinsessan **21.00** Open Range **23.15** Rapport **23.25** Kulturnyheterna **23.35** Svensson, Svensson **0.05** Grotesco **0.35** Brainstorm



## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Það hefur viljað brenna við að fólk vilji afgreiða nútímatónlist sem eitthvert pukur nokkurra manna úti í horni.“*

Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld og rektor LHÍ, í viðtali við DV 1991.

„Mér finnst nú vera öld síðan þetta var. Á þessum tíma þurfti maður að fara í felur með allt sem var ögrandi. Raftónlist og tölvutónlist voru skammaryrði, en nú ertu ekki maður með mönnum nema þú sért í raftónlist. Pukrið er orðið að ákveðinni sögu sem yngri kynslóðirnar eru spenntar fyrir,“ segir Hjálmar nú.

# Ólafur afþakkar laun fyrir vinnu í Stundinni

„Þetta eru ekki stærilæti né er ég auðugur maður,“ segir Ólafur Egill Egilsson, sem afþakkaði laun fyrir þátttöku sína í Stundinni okkar á starfsmannafundi á miðvikudaginn í Efstaleiti að viðstöddum Páli Magnússyni útvarpsstjóra.

Ástæðuna segir Ólafur vera einfalda: launin séu einfaldlega ekki samboðin þeirri vinnu sem þyrfti að leggja í verkið þannig að það yrði sómasamlega gert. „Þetta eru fimmtán þúsund krónur fyrir fimm tíma í upptökuveri eftir skatt,“ segir Ólafur og bætir við að inni í þessari upphæð sé augljóslega ekki gert ráð fyrir því að leikarar undirbúi sig þannig að útkomin verði samboðin neytendum, sem séu börnin í þessu tilviki. „Enginn er að neyða mig til að leika fyrir Ríkissjónvarpið en í staðinn fyrir að afþakka það vildi ég frekar vekja á þessu athygli,“ segir Ólafur.

Hann segist jafnframt hafa gert Ríkissjónvarpinu tilboð um að fá borgaðan heilan tökudag. En því var hafnað. Og í staðinn fyrir að fara í eitthvert hark hafi hann ákveðið að fara þessa leið. Ólafur ber mikla virðingu fyrir þeim Ívari Erni Sverrissyni og Ísgerði Elfu sem stjórna Stundinni og segir það með eindæmum hvernig þau nái að halda dampi sunnudag eftir sunnudag.

Páll Magnússon útvarpsstjóri mundi vel eftir þessu og rámaði í að upphæðin ætti að renna til íslenskrar dagskrárgerðar. Hann segist á hinn boginn ekki vita til þess að leikarar hafi verið vanhaldnir fyrir leik sinn hjá Ríkisútvarpinu og segir RÚV borga leikurum hæstu taxtana í þessum bransa. „Og svo er verið að ganga frá nýjum samningum við Félag leikara sem verða væntanlega klárir í þessari viku eða þeirri næstu,“ bætir Páll við. - fgg



**NEI, TAKK** Ólafur Egill ákvað að ánafna íslenskri dagskrárgerð laun fyrir leik sinn í Stundinni okkar.



**BORGUM HÆSTU TAXTA** Páll Magnússon segist ekki hafa heyrt af því að leikarar væru vanhaldnir fyrir leik sinn hjá RÚV.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** sæti **6.** frá **8.** töf **9.** sægur **11.** bókstafur **12.** snjáldur **14.** hnupla **16.** upphrópun **17.** fúadý **18.** blóm **20.** þys **21.** hvæs.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þó **3.** skammstöfun **4.** eyja **5.** hallandi **7.** fyrirhyggja **10.** hljóð svína **13.** gogg **15.** svara **16**. heyskaparamboð **19.** sjó.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** af, **8.** hik, **9.** mor, **11.** ká, **12.** trýni, **14.** stela, **16.** oj, **17.** fen, **18.** rós, **20.** ys, **21.** fnæs.
**LÓÐRÉTT: 1.** samt, **3.** eh, **4.** sikiley, **5.** ská, **7.** forsjón, **10.** rýt, **13.** nef, **15.** ansa, **16.** orf, **19.** sæ.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur.
2. Innkaupastofnun.
3. Jamaíka.






EINAR BÁRÐARSON: BJARGAÐI PÓLITÍSKUM FERLI MARÐAR ÁRNA

# Brotlending Two Tricky upphafið að Concert

Einar Bárðarson bjargaði pólitískum ferli Marðar Árnasonar, sem hékk á bláþræði í kjölfar tillögu hans um að Birta, lag Einars í Eurovision 2001, yrði sungið á íslensku en ekki ensku. Þetta kemur fram í bók hans og Arnars Eggerts Thoroddsen, Öll trixin í bókinni.

Einar upplýsir að það hafi verið Össur Skarphéðinsson, þáverandi formaður Samfylkingarinnar og núverandi iðnaðarráðherra, sem hafi greint honum frá alvöru málsins í símtali um hánótt. Og þar kom fram að Samfylkingin væri komin í bobba vegna deilunnar: „Hann biður mig lengstra orða að sýna Merði biðlund, sjá til þess að það verði ekki vaðið í hann, enda hafi þetta allt saman verið klaufaskapur og hann verði lagaður,“ skrifar Einar í bókinni og bætir því að þó að þetta hljómi kannski hálffáránlega nú hafi mönnum verið dauðans alvara þá.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra mundi vel eftir öllu þessu og segir að fylgi Samfylkingarinnar hafi legið niður á við í skoðanakönnunum þarna. Málið hafi meira að segja ratað inn á fund framkvæmdastjórnar flokksins enda einhverjir á því að Samfylkingin væri á leiðinni í hundana sökum íslenskuástar Marðar. „Við funduðum í reykmettuðu bakherbergi undir skemmtistaðnum Rex. Og mig minnir að það hafi verið núverandi háskólarektor á Bifröst, Ágúst Einarsson, sem hafi opnað umræðuna um það,“ segir Össur. „Samfylkingin var ung og skjálfandi á þessum tíma og umræðan var heldur æsingarkennd á köflum,“ segir Össur en síðan hafi tekist sættir í málinu. Össur viðurkennir reyndar að hafa heldur viljað halda nafninu Birtu enda á hann dóttur sem ber sama nafn. „Og kannski fékk Mörður uppreisn æru þegar Angel fékk ekki nema þrjú stig því hver veit nema Birta hefði verið svo framandi að hún hefði fengið eitt jaðaratkvæði sem hefði híft það upp í fjögur,“ segir Össur.

Einar segir að lélegt gengi Angel hafi verið honum mikil vonbrigði en honum tókst að nýta tímann í eitthvað uppbyggilegt. Við hliðina á borðinu hans í Kaupmannahöfn sátu nefnilega Olsen-bræðurnir sem höfðu unnið keppnina árið áður og hann sannfærði þá um að koma til Íslands að halda tónleika á meðan þjóðin fékk kökk í hálsinn yfir brotlendingu Two Tricky. „Þetta voru fyrstu tónleikarnir sem ég stóð að með erlendum listamönnum og mörkuðu upphafið að fyrirtæki mínu, Concert.“ freyrgigja@frettabladid.is



**BJARGVÆTTURINN** Einar Bárðarson kann að hafa bjargað Merði Árnasyni í stóru Eurovision-deilunni árið 2001.

**HÉKK Á BLÁÞRÆÐI** Mörður Árnason varð loks að láta undan og lagði fram tillögu um að Birta mætti vera á hvaða tungumáli sem er.

**UNG OG SKJÁLFANDI** Össur Skarphéðinsson segir að Samfylkingin hafi verið ung og skjálfandi á þessum tíma og því hafi margir hreinlega óttast um framtíð flokksins.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Niðurstöður nýrrar fjölmiðlakönnunar Capacent voru kynntar í vikunni. Athygli vakti að þar var ekki að finna tölur um lestur DV en ástæða þess er sú að ritstjórarnir **Sigurjón M. Egilsson** og **Reynir Traustason** ákváðu að taka ekki þátt í könnuninni. Sú ákvörðun hefur eflaust valdið mörgum vonbrigðum en undanfarið hefur það verið hálfgerður samkvæmisleikur að giska á lestrartölur blaðsins hverju sinni. Síðast hífði lesturinn sig upp í um sjö prósent en þar áður var hann í kringum fimm prósent. Bjartsýnustu menn höfðu spáð því að blaðið næði tíu prósenta lestri nú. Þess má geta að lestur blaðsins mældist um fimmtán prósent skömmu eftir að umdeilt mál kom upp á Ísafirði í tíð fyrri ritstjóra. Fyrir ári, þegar DV var helgarblað, var lesturinn 22 prósent.



**Dagur B. Eggertsson** borgarstjóri svarar spurningum í Yfirheyrslu Mannlífs í nýútkomnu tölublaði þess. Margt athyglisvert er að finna í svörum Dags, til að mynda að konan hans sér um að klippa víðfræga lokka hans. Við myndina af Degi kemur fram að kona hans heiti Laufey Kristjánsdóttir, þau eigi þrjú börn og Dagur noti skó númer 46. Þarna hefur eitthvað skolast til við vinnslu blaðsins því maki Dags er enn Arna Dögg Einarsdóttir, þau eiga tvö börn og Dagur notar skó númer 44. Þessar upplýsingar áttu við viðmælandann í síðustu Yfirheyrslu, **Óskar Hrafn Þorvaldsson** ritstjóra Vísis.



Fjórar nýjar þulur hafa verið ráðnar til starfa hjá Sjónvarpinu eins og lesa má um á blaðsíðu 44. Tvö þekkt andlit hverfa við þetta af skjánum, þau **Guðrún Kristín Erlingsdóttir** sem kýs sjálf að hætta, og **Guðmundur F. Benediktsson** en það mun hafa verið „sameiginleg ákvörðun“ hans og yfirmanna á RÚV að hann léti af störfum. - hdm




FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

NÝR TÚNFISKUR ófrosinn • RISARÆKJUR
LÚÐA • SKÖTUSELUR • HÖRPUSKEL
og fiskréttir í sparifötum




# Leikari birtir skáldsögu á netinu

Víkingur Kristjánsson leikari dvelur nú í Berlín. Hann lagði leið sína þangað í september og sagðist þá ætla að nýta tímann til að leika sér, skrifa og skoða borgina. Dvölin er nú farin að bera árangur, því Víkingur hefur birt sjö kafla úr nýrri skáldsögu á netinu. „Fyrstu vikurnar mínar hérna fóru í að sækja hina og þessa viðburði á kostnað þess að sinna skrifum og eigin hugðarefnum. Berlín er dásamleg borg og endalaust hægt að finna sér eitthvað til dundurs,“ segir Víkingur. „Síðustu vikur hef ég svo brett upp ermar og er kominn á fullt með hitt og þetta og alls konar,“ bætir hann við.

Víkingur hefur haldið úti bloggi um nokkurt skeið og síðasta vetur birti hann framhaldsskáldsöguna Nágranninn á netinu. „Hún hlaut góðan hljómgrunn og viðtökurnar voru eiginlega framar vonum. Fyrir stuttu byrjaði ég á annarri sögu, Síðustu dagar Eiríks Vignis, og svo virðist sem fólk fylgist með þessu,“ segir Víkingur, sem kveðst hrifinn af þessu formi ritstarfa. „Þetta er skemmtilegt form að glíma við. Maður er náttúrlega ekki að hafa neitt upp úr þessu annað en ómælda ánægju, en ég lít líka á þetta sem aðferð við að koma mér á framfæri og sýna hvað ég get. Það getur reynst vel þegar fram í sækir,“ segir hann.

Leið Víkings liggur aftur heim um miðjan desember. „Ef ekki væri fyrir börnin mín heima á Íslandi myndi ég dvelja hér mun lengur. Stefnan er samt að halda íslensk jól, og svo verður framtíðin bara að skera úr um hvað verður,“ segir hann. Skáldsögur Víkings má lesa á eirikurvignis.blogspot.com og nagranninn-saga.blogspot.com. - sun



**BÆKUR Í BERLÍN** Víkingur Kristjánsson dvelur í Berlín við ritstörf og hefur nú birt sjö kafla úr nýrri skáldsögu á netinu.

# Það er óþarfi að bíða eftir Bauhaus

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**




**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

***Opið mán. - fös. kl. 8-18***
***laugardaga 9-16***

*Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## *Loppur á lyklaborðinu*

Ýmsir spekingar hafa haldið því fram að það sé tungumálið sem greinir mennina frá dýrunum. Ég held það hljóti að vera á misskilningi byggt. Ég hef nefnilega komist að því að íslensk gæludýr eru ákaflega vel máli farin. Um það vitnar fjöldi heimasíðna á veraldarvefnum þar sem íslensk dýr af ýmsum tegundum blogga um reynslu sína og tilfinningar.

**ÞETTA** byrjaði með börnunum. Fyrir nokkrum árum hófu ómálga börn að skrifa dagbækur sínar á netið með tilkomu vefsvæða á borð við Barnaland.is. Aldurinn færðist neðar og neðar uns fóstur í móðurkviði tóku að hamra á lyklaborðið í gríð og erg. Bloggandi bumbubúar skipta nú tugum og fósturþroskinn er svo ör að sum byrja að tjá sig á rituðu máli strax eftir getnað. Samt sem áður féll það í grýttan jarðveg þegar piltur nokkur setti upp heimasíðu á Barnalandi í sumar þar sem hann bloggaði fyrir hönd sæðisfrumna sinna. Málæðið hefst við getnað. Sæðisfrumur og egg mega ekki blogga en okfrumur mega tjá sig að vild í fyrstu persónu.

**OG** nú hafa gæludýrin tekið til máls. Menn trúðu því hér áður fyrr að kýrnar gætu talað á nýársnótt en engan óraði fyrir þessari þróun. Kettir og kjölturakkar þeysast fram á ritvöllinn og deila skrifum sínum á netinu. „Við kanínurnar erum bara hérna inni í sjónvarpsherbergi liggjandi á mjúkri mottu að slaka á,“ skrifar lífsglöð kanína á heimasíðuna sína á Dýraland.is og tekur það fram að hún hafi mennskan ritara á sínum snærum. Dagbækur dýranna eru ekki aðeins bráðskemmtilegar bókmenntir heldur er heimildargildi þeirra ótvírætt. Hugsið ykkur bara ef Sámur hans Gunnars á Hlíðarenda hefði bloggað!

**TÍMASKORTUR** er líklega það sem flestir kvarta undan í nútíma samfélagi. Við erum öll svo skelfilega upptekin. Það hlýtur líka að vera tímafrekt að halda úti öllum þessum heimasíðum. Fyrst þarf maður að blogga fyrir sjálfan sig og lýsa skoðunum sínum á öllum fréttum á Mbl.is. Síðan þarf að skrifa um ævintýri barnsins á Barnalandssíðuna og að lokum að blogga fyrir heimilishundinn. Það rétt gefst tími til að uppfæra brúðkaupssíðuna. Það er það nýjasta í netheimum. Þar skrifa tilvonandi brúðhjón hugleiðingar sínar um stóra daginn og segja frá undirbúningnum. Og fyrst frjóvguð egg og gullfiskar eru farin að blogga er eflaust skammt að bíða þess að brúðarslör og skreyttar tertur fái málið. Ég bíð spennt.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er föstudagurinn 9. nóvember, 313. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.35 | 13.12 | 16.47 |
| Akureyri | 9.32 | 12.56 | 16.19 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





DYNAMO REYKJAVÍK

# ÓMISSANDI OG AÐGENGILEG!

Hvað merkir að dreyma mynd af elskhuga sínum? Hvaða vísbendingar um kyn barna koma fram á meðgöngu? Er varasamt að byrja á einhverju nýju á föstudögum? Hvað merkir talan sjö? Hvernig getum við ráðið í vísbendingar um fortíð okkar, nútíð og framtíð og túlkað það sem fyrir ber í vöku og draumi? Fyrirboðar, tákn og draumar er ómissandi handbók sem opnar lesendum sýn inn í heillandi veröld.

Veröld